

FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARBLAÐ 9. mars 2013 | 58. tölublað 13. árgangur | Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt niðurstöðum Gallup Gallup Ísland - mars 2012



LITLA HETJAN GUÐRÚN SÆDAL

Guðrún Sædal berst við sjaldgæfan genasjúkdóm sem leggst einungis á stúlkur. Um eins og hálfis árs aldurinn má segja að hafi sloknað á henni. Guðrún litla hefur háð hetjulega baráttu síðan og foreldrar hennar binda vonir við að lækning finnist. ► 34



40 Kevin Costner vill að mamma verði stolt af mér
Tómas Lemarquis býr í Berlín en er í stuttu stoppi á Íslandi.



2 Samþykkt að stækka Hótel Borg Nágrannar mót-mæla en bæta á við 42 herbergjum á elsta hóteli bæjarins.



30 Í HVAD FARA SKATTARNIR?
ÚTTEKT FRÉTTABLAÐSINS



26 Leikkonan sem sigraði London
Hera Hilmarsdóttir leikkona leikur í íslenskri bíómynd



Kringlan

VELKOMIN Í VEISLUNA
OPIÐ FRÁ 10-18

AF ÖLLU HJARTA

Græddu á gulli
Kringlunni 3. hæð um helgina!

lau., sun., mán., þri. og mið.
frá kl. 11:00 til 18:00

www.kaupungull.is Nánar á bls. 27

Upplýsingar og tímapantanir: Sverrir s. 661-7000

Opið til 18 í dag

Allt fyrir ferminguna

Smáralind

Kringlan

VELKOMIN Í VEISLUNA

Fáðu allt fyrir fermingarveisluna á einum stað.
Fatnaðinn, gjafirnar, veitingarnar og skreytingarnar.

OPIÐ FRÁ 10-18 Í DAG



02.03.2013 → 08.03.2013

Illugi Gunnarsson eyddi um 5 milljónum í prófkjör sitt hjá Sjálfstæðisflokknum í vetur, mest allra stjórnámálanna



GYLFI ÞÓR SIGURÐSSON hefur komið að fjórum mörkum fyrir Tottenham, lagt upp tvö og skorað tvö, í síðustu þremur leikjum Tottenham.



260 ÍSLENDINGAR greiða mest allar tekjur sínar í auðlegðarskatt.

40 BÖRN bíða eftir meðferð í Barnahúsi.



28,2% eru hlynt því að áfengiskaupaaldur verði færður niður í 18 ár, samkvæmt könnun Fréttablaðsins.

Hugo Chavez, forseti Venesúela, lést í vikunni, 58 ára gamall.



120 MILLJÓNA

tap varð á rekstri Háskólans í Reykjavík í fyrra.



LANDSBJÖRG FÓR Í 120 ÚTKÖLL Í ÓVEÐRINU Á MIÐVIKUDAG.

Borðtennisundrið **GUÐMUNDUR STEPHENSEN** varð Íslandsmeistari í 20. sinn um síðustu helgi. Hann er samt ekki nema 30 ára gamall.



MÓTMÆLI Í AMRITSAR Harbrinder Kaur, 22 ára kona sem beitt var ofbeldi af hálfu lögreglunnar, heldur á kertum í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna.

NORDICPHOTOS/AFP

Alþjóðlegur baráttudagur kvenna haldinn hátíðlegur í gær: Indverskar konur vilja breytingar

INDLAND Konur efndu til mótmælafunda víða á Indlandi í gær á alþjóðlegum baráttudegi kvenna. Þær beindu athyglinni að kynbundnu ofbeldi og kröfðust aðgerða af hálfu stjórnvalda.

Réttindi kvenna á Indlandi hafa verið í brennidepli á Indlandi allt frá því að ung kona var myrt í hrottalegri hópnaudgun um miðjan desember.

Í borginni Allahabad lögðu konur áherslu á að þingmenn samþykktu frumvarp sem kveður á um að konur skuli vera minnst þriðjungur þingmanna.

- gb

Fimmtú börn bíða: Lengri biðlistar í Barnahúsið

SAMFÉLAGSMÁL Fimmtú börn eru nú á biðlista eftir viðtali í Barnahúsi. Mikið álag hefur verið á sérfræðingum í húsinu eftir áramót, eða frá því að mikil umræða um kynferðisbrot gegn börnum fór af stað í fjölmiðlum.

Þetta kom fram í kvöldfréttum Ríkisútvarpsins í gær. Þar sagði að hver sérfræðingur sinni nú helmingi fleiri börnum en talið væri heppilegt. Sérfræðingur hjá Barnahúsi sagði ástandið orðið óviðráðanlegt.

- gb

Formaður Lýðræðisvaktar: Þingforsetinn eins og Trampe

STJÓRNMÁL Ef forseti Alþingis slítur þingi áður en ný stjórnarskrá fæst afgreidd er hún í sömu sporum og Trampe greifi þegar hann sleit þjóðfundinum 1815. Þetta sagði Þorvaldur Gylfason, formaður Lýðræðisvaktarinnar, á fundi í gær.

Hann sagði Alþingi ekkert að vanbúnaði að leyfa „skýrum vilja þjóðarinnar í stjórnarskrármálinu að ná fram að ganga,“ enda nýti málið meirihlutastuðnings á þingi.

- bj

Stefnt fyrir að flytja ábyrgðir á ónýt félög

Slitastjórn Glitnis höfðar skaðabótamál gegn tveimur fyrrverandi starfsmönnum bankans. Sagðir hafa fært milljarða skuldbindingar frá stöndugum félögum yfir á gjaldþrota Stím og Gnúp. Sérstakur saksóknari rannsakar málið sem umboðssvik.

DÓMSMÁL Slitastjórn Glitnis hefur höfðað skaðabótamál á hendur tveimur fyrrverandi starfsmönnum Glitnis, þeim Jóhannesi Baldurssyni og Elmari Svavarssyni, vegna gerninga frá því í septemberlok 2008, rétt fyrir bankahrun, sem sérstakur saksóknari rannsakar sem umboðssvik.

Jóhannes var framkvæmdastjóri markaðsviðskiptadeildar Glitnis fyrir hrun og Elmar var undirmaður hans þar.

Málið sem stefnt er vegna snýst um að tvímeningarnir hafi, í lok september 2008, fært milljarða skuldbindingar frá stöndugum félögum yfir á félög sem þá töldust ógjaldfær, Stím og Gnúp, án þess að nokkrar tryggingar kæmu á móti því.

Með því hafi Glitni verið bakað mikið tjón, þótt það hafi reyndar enn ekki verið metið að fullu. Einnings er stefnt til viðurkenningar á skaðabótaskyldu.

Skuldbindingarnar voru til komnar vegna fjölda framvirkra samninga með hlutabréf í Glitni og voru færðar frá félögum á borð við GT Capital ehf., í eigu athafnamanns Gunnars Torfasonar, og BLÓ ehf., í eigu Óskars Eyjólfssonar, bónda í Hjarðartúni við Hvolsvöll. Báðir áttu hlut í Stími; Gunnar fimmtán prósent og BLÓ ehf. tíu prósent.

Þessar gjörðir Jóhannesar og Elmars eru til rannsóknar hjá sérstökum saksóknara vegna gruns um umboðssvik, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.



TIL RANNSÓKNAR Jóhannes, til hægri, og Elmar, til vinstri, voru leiddir fyrir dómara í Héraðsdómi Reykjavíkur í nóvemberlok 2011 og gæsluvarðhalds krafist yfir þeim vegna rannsóknna sérstaks saksóknara. Fallist var á varðhald yfir Jóhannesi en ekki Elmari.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Elmar starfandi hjá Íslandsbanka

Elmar Svavarsson, annar hinna stefndu, starfar nú sem forstöðumaður verðbréfamíðlunar hjá Íslandsbanka, þrátt fyrir að vera enn til rannsóknar hjá sérstökum saksóknara. Hann var sendur í leyfi haustið 2011 vegna rannsóknar sérstaks saksóknara en er síðan snúinn aftur til starfa.

Jóhannes er einn þriggja fyrrverandi starfsmanna Glitnis sem voru hneptir í gæsluvarðhald í lok nóvember 2011 vegna rannsóknna á málum sem tengjast bankanum. Hinir tveir eru Lárus Welding, fyrrverandi bankastjóri, og Ingi Rafnar Júlíusson, sem var verðbréfamíðlari hjá bankanum. Þeir sátu allir í tæpa viku í varðhaldi.


Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, fór á þeim tíma einnig fram á gæsluvarðhald yfir Elmari en þeirri kröfu hafnaði héraðsdómur.

Skaðabótamál slitastjórnarinnar gegn tvímeningunum verður tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur 22. mars næstkomandi.

stigur@frettabladid.is

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



KÓLNAR OG LYGNIR Það verður stormur fram eftir degi allra syðst en lægir með kvöldinu. Á morgun og mánudaginn verður hæð yfir landinu, þá léttir til og kólnar heldur auk þess sem vindur verður hægur að mestu.

Alicante 20°	Berlín 2°	Friedrichshafen 13°	Las Palmas 22°	New York 9°	París 14°
Ápene 19°	Billund 2°	Gautaborg 1°	London 10°	Orlando 23°	San Francisco 16°
Basel 14°	Frankfurt 13°	Kaupmannahöfn 1°	Mallorca 19°	Ósló -4°	Stokkhólmur -3°

Soffía Sveinsdóttir
veðurfréttamaður



MÁLNING FYRIR PÁSKA

ÁVÍSUNIN RENNUR ÚT UM HELGINA!

MÁLNINGAR ÁVÍSUN
3.000,-

Handhafa
Prjúpúsund 00/100
Ef keypt er málning fyrir 12.000 krónur eða meira.
28. feb - 10. mars 2013
Húsasmiðjan

Málningarávisunin gildir sem 3.000 kr. innborgun í öllum verslunum Húsasmiðjunnar, frá fimmtudeginum 28. febrúar til sunnudagsins 10. mars 2013, ef keypt er málning fyrir 12.000 kr. eða meira. Ávisunin gildir af málningu og málningavörum og eingöngu þegar verslað er með kreditkort eða í staðgreiðslu en ekki í reikningsviðskiptum.

Innimálning
4.995 kr.

10 LÍTRAR!

LÆGSTA LAGA VERÐ
HÚSASMIDJUNNAR

HÚSASMIDJAN
10 lítrar
INNI MÁLNING

10 LÍTRAR!

JÓTUN
PROFF
pva interior

Rafhloðuborvél
Black&Decker
Verð áður: 13.995 kr.
9.995 kr.

29% AFSLÁTTUR!



Jataproff
gæða vegg málning
9.990 kr.

BLACK & DECKER
16% AFSLÁTTUR!

Juðari
Black&Decker
Verð áður: 8.679 kr.
5.775 kr.



33% AFSLÁTTUR!

Slípirokkur
Black&Decker
Verð áður: 8.329 kr.
6.995 kr.



20% AFSLÁTTUR!

Eldhústældi
Emmevi
Verð áður: 18.195 kr.
14.590 kr.



20% AFSLÁTTUR!

Handlaugartældi
Emmevi
Verð áður: 15.195 kr.
11.990 kr.



Elite rúlluset og bakki
995 kr.



HAND BOK HÚSA SMIDJUNNAR
Allt frá grunnni að góðu heimili

MÁLNINGAR ÁVÍSUN FYLGIR

HÚSASMIDJAN
HLUTI AF BYGMA



Kaffi Garður
Skútuvogi

Ís á **99 kr.** allar helgar
Vaffla og kaffi **450 kr!**

HÚSASMIDJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956






NÁM Í DANMÖRKU EÐA SVÍPJÓÐ



Námskynning verður í Sunnusal á Hótel Sögu laugardaginn 9. marsfrá kl. 12–16. Við hliðina á Hótel Sögu, beint á móti Háskólabíó.

Eftirfarandi háskólar munu kynna:

- Syddansk Universitet, www.sdu.dk
- Högskolan í Skövde, www.his.se
- Luleå Tekniska Universitet, www.ltu.se

Ennfremur munu eftirfarandi danskir háskólar, sem eru með lengri og styttri nám á háskólastigi kynna sína skóla:

- Erhvervsakademi Kolding, www.eakolding.dk
- Erhvervsakademi Lillebælt, www.eal.dk
- Erhvervsakademi Sydvest, www.easv.dk
- Københavns Erhvervsakademi, www.kea.dk
- University College Sjælland, www.uccsj.dk
- VIA University College, www.via.dk

Margir skólanna kenna á ensku. **University College Sjælland** mun kynna alþjóðlegt kennaranám á ensku, sem er nýjung hjá þeim, sjá nánar á www.uccsj.dk/ite

Kröfur ESA um innflutning á hráu kjöti breyta engu um innflutningshömlur: Neytendur geti valið ferska vöru

VIÐSKIPTI Þó að íslensk stjórnvöld neyðist til að breyta lögum og heimila innflutning á hrárrí ófrystri kjötvöru breytir það engu um innflutningshömlur á erlendu kjöti þó að líklegt sé að framboðið myndi breytast, segir Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu.

ESA, eftirlitsstofnun EFTA, hefur komist að þeirri bráðabirgðaníðurstöðu að bann á innflutningi á hráu kjöti standist ekki EES-samninginn. Íslensk stjórnvöld hafa tíma

fram á vor til að rökstyðja bannið.

Andrés segir líklegt að vöruúrval í verslunum breytist þurfi íslensk stjórnvöld að gefa eftir. Neytendur vilji frekar ferska matvöru en frosna.

Neytendur geta reiknað með aukinni fjölbreytni verði innflutningur á fersku ófrosnu kjöti leyfður, segir Finnur Árnason, forstjóri Haga. Hægt verði að bjóða upp á fjölbreyttara úrval af gæðanautakjöti sem ekki sé framleitt mikið af hér á landi.



HRÁTT Heimilt er að flytja inn hrátt kjöt en það verður að hafa verið frosið í 30 daga áður en það er sett á markað. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Chavez kvaddur og Maduro sór eiðinn

Strax eftir að útför Hugo Chavez, forseta Venesúela, lauk í gær sór útnefndur arftaki hans embættiseið til bráðabirgða. Venesúelabúar eru ekki allir sáttir við þá ákvörðun að smyrja lík hins látna og hafa það til sýnis eins og Lenín og Maó.

VENESÚELA, AP Tugir ráðamanna frá öllum heimshornum lögðu leið sína til Venesúela í gær til að kveðja Hugo Chavez forseta, sem lést á þriðjudaginn eftir erfiða baráttu við krabbamein.

Að jarðarförinni lokinni tóku þeir þátt í annarri athöfn, þar sem Nicolas Maduro sór embættiseið sem forseti til bráðabirgða, eða þangað til að loknum forsetakosningum.

Samkvæmt stjórnarskrá landsins þarf að kjósa nýjan forseta í síðasta lagi þrjátíu dögum eftir fráfall fyrri forseta. Chavez hafði gefið þjóð sinni skýrt til kynna að hann vildi að hún kysi Maduro í embættið þegar þar að kæmi.

Almenningur fjölmennti einnig til útfararinnar. Göturnar voru þéttskipaðar fólki og um tíma var tveggja kílómetra bíðroð eftir því að fá að líta Chavez augum.

Dagurinn í gær var hápunkturinn á þriggja daga minningarhátíð sem efnt hefur verið til í landinu aftir að forsetinn dó. Skólum hefur verið lokað og fjölmörg fyrirtæki gáfu starfsfólki sínu frí.

„Þetta er sögulegt, ég hef aldrei séð annað eins,“ segir Edila Ojeda, 57 ára húsvörður í höfuðborginni, sem var frá sér numinn eins og margir aðrir landsmenn, einkum þó stuðningsmenn forsetans nýlátna.

Líkið af Hugo Chavez var hins vegar ekki grafið niður í jörð, heldur verður það smurt og haft til sýnis um aldur og ævi. Eða þangað til annað verður ákveðið.

Maduro segir að líkið verði geymt í kristalkistu í Byltingarsafninu, skammt frá forsetahöllinni Miraflores.

Ekki voru þó allir íbúar Venesúela á eitt sáttir með þessa ráðstöfun: „Í



CHAVEZ SYRGÐUR Mikill mannfjöldi fyllti göturnar í Caracas í gær að kveðja hinn nýlátna forseta. NORDICPHOTOS/AFP

alvöru? Er þetta ekki brandari?“ spurði Juan Ferreira, 51 árs gamall götusali.

Nokkur kommúnistaríki tuttugustu aldarinnar gripu til þess ráðs að smyrja lík látinna leiðtoga sinna og hafa almenningi til sýnis. Þetta var gert við líkið af Vladímír Lenín í Sovétríkjunum, Ho Chi Minh í Víetnam og Mao Zedong í Kína.

Chavez hafði stjórnað Venesúela í fjórtán stormasöm ár. Hann skapaði sér vinsældir meðal fátækra landsmanna með því að nota olíuauð landsins til að styrkja stöðu þeirra. Á hinn bóginn var hann gagnrýndur fyrir mannréttindabrot og lélega efnahagsstjórn, sem sögð er eiga eftir að koma arftaka hans í koll.

gudsteinn@frettabladid.is

„Þetta er sögulegt, ég hef aldrei séð annað eins.“

Edila Ojeda húsvörður.

„Í alvöru? Er þetta ekki brandari?“

Juan Ferreira götusali

Innkoma skipafélaga ýtir út hugmyndum um ríkisstyrktar siglingar:

Útboði strandsiglinga frestað

ATVINNULÍF Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum í gærmorgun tillögu Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra um að fresta útboði á strandsiglingum við Ísland. Bæði Samskip og Eimskip hafa tilkynnt fyrirætlanir um strandsiglingar sem hefjast munu á næstu vikum. Ráðherra segir að með því megi ætla að markmið verkefnisins nái fram að ganga og í því ljósi lagði hann til að útboði yrði frestað en áfram fylgst með framvindu málsins.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær töldu forsvarsmenn skipafélaganna hugmyndir um útboði á ríkisstyrktum strandsiglingum undarlegar eða með öllu óþarfar; markaðurinn hefði séð um að leysa málið. Þá kom fram að hugmyndir ríkisins um strandsiglingar væru engan veginn í takt við það sem nú gerist í þessum flutningum. Innanríkisráðherra skipaði nefnd í



SUNDAHÖFN Útboði ríkisstyrktra strandsiglinga hefur verið frestað. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


maí 2011 til að vinna að verkefninu en þá benti ekkert til þess að strandsiglingar við Ísland myndu hefjast að nýju án ríkisstuðnings, segir í tilkynningu ráðuneytisins. Samskip munu hefja sínar siglingar 18. mars og Eimskip 14. mars. Því

er útboði ríkisins frestað og látið að það reyna „hvort markmið fyrirhugaðra strandsiglinga um að auka flutninga á sjó og draga jafnframt úr því álagi sem er á vegakerfinu muni nást til frambúðar,“ segir í tilkynningu.

-sh

Opnað hefur verið fyrir framtalsskil

Skilafrestur er til **21. mars**



■ Skilafrestur

Almennur skilafrestur fyrir launamenn og einstaklinga með eigin atvinnurekstur er til **21. mars**.

Unnt er að sækja um lengri frest á skattur.is og getur hann lengstur orðið til 3. apríl. Framtal barns skal fylgja framtali framfæranda.

■ Upplýsingar á framtali

Áríðandi er að framteljandi athugi hvort áritaðar fjárhæðir og aðrar upplýsingar séu í samræmi við gögn og upplýsingar sem hann hefur sjálfur undir höndum.

■ Veflyklar

Veflyklar hafa verið sendir til nýrra framteljenda. Hafi veflykill glatast má sækja um nýjan á skattur.is og fá hann sendan í vefbanka eða í pósti.

Einnig er hægt að opna framtalið og skila með rafrænum skilríkjum.

■ Símaþjónusta í 442-1414

Í mars verður veitt aðstoð í síma 442-1414 alla virka daga frá kl. 9:30 til 15:30.

Dagana 21. mars, 2. og 3. apríl verður þjónustan í boði til kl. 19:00.

Hestaferð endaði illa: Ölvaður knapi réðst á lögreglu

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjaness hefur dæmt rúmlega fertugan Grindvíking í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að sitja hest ölvaður og ráðast svo á lögreglu.

Hann gerðist sekur um umferðarlagabrot og brot gegn lögreglulögum með því að stjórna hesti á Suðurstrandavegi „undir svo miklum áhrifum áfengis að hann gat eigi stjórnað hestinum örugglega,“



og fyrir að hafa ekki hlýtt lögreglu þegar hún skipaði honum af baki.

Í kjölfarið hótaði hann tveimur lögreglumönnum líkamsmeiðingum og olli öðrum þeirra áverkum í andliti. - hj


Þjófnaður á Suðurnesjum: Astmalyfjum stolið úr bíl

LÖGREGLA Astmalyfjum var stolið úr bifreið konu á Suðurnesjum í vikunni. Konan hafði skilið bifreiðina eftir ólæsta í tíu mínútur þegar hún skaust heim til sín. Þegar hún kom til baka var veski hennar horfið, ásamt lyfjum, greiðslukorti og ökuskírteini. Konan lét þegar loka kortinu en var ugðandi vegna lyfjanna. Lögreglu var svo tilkynnt um þjófnað úr annarri bifreið. Úr henni var stolið DVD-spilara.

Hafa halað inn 216 milljarða

Viðskiptabankarnir þrír hafa hagnast um 216 milljarða króna frá því að þeir voru stofnsettir. Í fyrra bættust 66 milljarðar króna í sarpinn. Íslandsbanki hefur hagnast mest. Allir hafa afskrifað mikið vegna gengislánadóma.

HÖGNUMUST SAMANLAGT UM 66 MILLJARÐA



*TEKJUSKATTUR, VIÐBÓTARTEKJURSKATTUR, BANKASKATTUR, VIÐBÓTARBANKASKATTUR, SÉRSTAKUR SKATTUR Á LAUN BANKASTARFSMANNA, KOSTNAÐUR VEGNA FJÁRMÁLAFTIRLITSINS, KOSTNAÐUR VEGNA UMBODSMANNS SKULDARA OG GREIÐSLUR Í TRYGGINGASJÓÐ INNSTÆÐUEIGENDA.

15% AFSLÁTTUR AF ÖLLU FÓÐRI

Hills **ROYAL CANIN** **PRO PLAN** **Eukanuba** **HAPPY DOG** **BECCANDO** **Brit**

DÝRADAGAR Í GARÐHEIMUM

STÓRHUNDA KYNNING

LAUGARDAG OG SUNNUDAG
FRÁ 12:00 TIL 17:00

YFIR 30 TEGUNDIR STÓRRA HUNDA SÝNDAR

MEÐAL ANNARS: ST. BERNHARÐS, ROTTWEILER, AFGHAN, BRIARD, DOBERMANN, ÍSLENSKUR FJÁRHUNDUR, LEONBORGER, OLD ENGLISH SHEEPDOG

VINNUHUNDAEILDIN OG ÍÞRÓTTAEILDIN

VERÐA Á SVÆBINU LAUGARDAG OG SUNNUDAG FRÁ 14 – 17

KYNNIST DRÁTTARHUNDUNUM!

DRÁTTARHUNDAR DRAGA KRAKKA FRÁ 13:30 LAUGARDAG OG SUNNUDAG

OPIÐ TIL 21:00
ÖLL KVÖLD



GARÐHEIMAR

Stekkiarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is og á

Það er gott hjá þér að hugsa fram í tímann fyrir þá sem treysta á þig


LÍF- OG SJÚKDÓMATRYGGING FYRIR ÞIG OG FÓLKID ÞITT


Það er gott hjá þér að hugsa um heilsuna á hverjum degi, því þú veist að hún skiptir öllu máli, bæði fyrir þig og þá sem treysta á þig. Taktu næsta skref í dag


og láttu líf- og sjúkdómatryggja þig. Hafðu samband og starfsfólk VÍS veitir þér persónulega ráðgjöf. **VÍS – þar sem tryggingar snúast um fólk.**

VÍS | ÁRMÚLA 3 | 108 REYKJAVÍK | Sími 560 5000 | VIS.IS

LÍFTRYGGINGAFÉLAG ISLANDS HF.

 #gotthjápér

 /gotthjather

 #gotthjápér

VÍS

Ekki vitað hvort draugaskipið Lyubov Orlova er enn ofansjár:

Merki frá sendi draugaskipsins

ÖRYGGISMÁL Landhelgisgæslunni hafa borist fregnir af draugaskipinu Lyubov Orlova frá írsku strandgæslunni. Komið hefur fram í fjölmiðlum að talið er líklegt að skipið hafi sokkið. Neyðarsendir sem tilheyrði skipinu tók að senda frá sér merki í byrjun síðustu viku en eins og vitað er þá geta sendarnir farið í gang af ýmsum ástæðum. Merkin bærust frá stað sem er 700 sjómílar austnorðaustur af Nýfundnalandi, 500 sjómílar suðaustur af

Hvarfi á Grænlandi og um 900 sjómílar vestur af Írlandi. Meira vita menn ekki.

Merki bærust frá neyðarsendingum í tvo sólarhringa en ekki er vitað hvort hann var þá um borð í skipinu eða í sjónum þannig að það er enn óráðið hvar skipið gæti verið, eða hvort það er ofansjár. Engin leit hefur farið fram af skipinu.

Landhelgisgæslan hafði samband við kanadíska strandgæsluna á Nýfundnalandi og kom

→ Lyubov Orlova er 4.200 tonna skemmtiferðaskip. Skipið hafði verið kyrrsett í höfn í Kanada vegna skulda. Talið er að skipið sé sokkið.

þar fram að Kanadamenn hafa ekki afskrifað skipið sem sokkið. Landhelgisgæslan útilokar ekki að draugaskipið sé á reki djúpt suður af Íslandi.

- shá



DRAUGASKIPIÐ Eina lífið um borð eru rottur í hundraðavis.

MYND/LSH



SPÓI Fjöldi votlendisfugla hér á landi er mikill.

Ísland aðili að AEWA:

Vilja vernda sjó- og vatnafugla

UMHVERFISMÁL Ríkisstjórn Íslands hefur samþykkt að Ísland gerist aðili að alþjóðlegum samningi um verndun afrísk-evrasískra sjó- og vatnafugla (AEWA). Samningurinn kveður á um aðgerðir til verndunar votlendisfugla og nær til fjölda tegunda sem verpa eða hafa viðkomu hér. Samningurinn hefur náð sýnilegum árangri í að tryggja vernd tegunda sem hafa verið í niðursveiflu og jafnvel útrýmingarhættu, segir í tilkynningu.

- shá

Aukning í fyrra nam 1,6%:

Hagvöxtur annað árið í röð

EFNAHAGSMÁL Landsframleiðsla jókst að raungildi um 1,6 prósent árið 2012. Fram kemur á vef Hagstofunnar að þetta sé annað árið í röð sem hagvöxtur eykst, en hann hafi aukist um 2,9 prósent 2011 eftir mikinn samdrátt tvö ár þar áður.

„Aukna fjárfestingu á síðasta ári má að miklu leyti rekja til innfluttra skipa og flugvéla en slík fjárfesting hefur lítil sem engin áhrif á landsframleiðslu ársins,“ segir á vef Hagstofunnar. Að frádreginni fjárfestingu í skipum og flugvélum dróst fjárfesting á síðasta ári saman um 4,7 prósent. Þar er sagt muna mestu um minni fjárfestingu í stóriðju- og orkuverum.

- óká

Samruni WOW og IE í lagi:

Verða ekki í ráðandi stöðu

VIÐSKIPTI Ekki er ástæða til að aðhafast vegna samruna WOW Air og Iceland Express. Þetta er mat Samkeppniseftirlitsins sem birti í gær álit sitt þar að lútandi.

„Telur eftirlitið að með samrunanum sé ekki að verða til markaðsráðandi staða sameinaðs fyrirtækis, styrking á slíkri stöðu eða að samkeppni raskist verulega,“ segir í tilkynningu Samkeppniseftirlitsins. Þetta eigi við jafnvel þó að talsverð samþjöppun verði vegna samrunans á einstökum áætlunarleiðum, svo sem í flugi milli Keflavíkur og Berlínar. Í því sambandi skipti hlutir á borð við yfirburðastöðu Icelandair miklu máli.

- óká




KOMDU Í HEIMSÓKN Í DAG HÁSKÓLADAGURINN Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK

12:00 HÁSKÓLADAGURINN HEFST Í HR

12:30 NÁMSKYNNINGAR byrja

12:30–14:30 Pizzur og gos í boði Stúdentafélags HR

13:00 SIRKUS ÍSLANDS leikur listir sínar í Sólinni

13.10 HUGMYNDASAMKEPPNI HR – verðlaunaafhending

13:30 Gönguferð með leiðsögn um háskólann á vegum Stúdentafélagsins

14:00 KIRIYAMA FAMILY tekur lagið

14:30 Gönguferð með leiðsögn um háskólann á vegum Stúdentafélagsins

15:00 YLJA spilar nokkur lög

16:00 GULLEGGIÐ – verðlaunaafhending Innovit

SÝNT FRÁ HAKKARAKEPPNI HR

Eðlisfræðingar sýna listir sínar FLJUGANDI FISKAR Velmennið Tommy

Mældu gripstyrkinn Mynstraleikur Hvað ertu með háan sársaukaþróskuld?

Rannsóknarstofa á hjólum Ómönnuð farartæki Málf lutningur nemenda

HVE ÖRUGGT ER MINNI PITT? Opnar rannsóknarstofur

KOMDU Á HÁSKÓLADAGINN 2013

9. MARS KL. 12 - 16

Taktu upplýsta ákvörðun!

Háskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík kynna starfsemina í sínum húsakynnum. Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Bifröst, Landbúnaðarháskóli Íslands og Háskólinn á Hólum verða í Háskólalíói.

HÁSKÓLA
DAGURINN





f /Háskóladagurinn
#hdagurinn
hr.is/haskoladagurinn

HEIMURINN



Assad ekki á förum

1 SÝRLAND Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, segir af og frá að Rússar ætli að krefjast þess að Bashar al Assad Sýrlandsforseti fari frá völdum. „Það er ekki mitt að ákveða, og það er ekki fyrir neinn annan að ákveða, nema sýrlensku þjóðina,“ sagði Lavrov í viðtali við breska ríkisútvarpið, BBC. Hann sagðist einnig sannfærður um að Assad væri alls ekki á förum: „Þetta vitum við og allir sem ná sambandi við hann vita að hann er ekkert að grínast.“



Mjótt á mununum

2 KENÍA Uhuru Kenyatta, varaforsætisráðherra í Kenía, virtist í gær orðinn sæmilega öruggur með að vinna sigur í forsetakosningum, sem haldnar voru á mánudag. Fjölmargt fór úrskeiðis við framkvæmd kosninganna og talningin gekk hægt fyrir sig en þegar lítt hluti atkvæða var enn ótalin í gær virtist sem Kenyatta myndi fá aðeins meira en helming atkvæða, og þar með tryggja sér sigur.

Fornminjum lokað

3 GRIKKLAND Akropolis-hæð var, rétt eins og öðrum merkjum fornminjum í Grikkland, lokað í gær vegna sólarhrings verkfalls starfsmanna gríska menningarmálaráðuneytisins. Ferðamenn þurftu því að finna sér eitthvað annað að gera þann daginn. Starfsmenn ráðuneytisins voru að mótmæla hagráðingaraðgerðum sem eiga að einfalda starfsemi ráðuneytisins í sparnaðarskyni.

Mótmæli í Palestínu



Á HLAUPUM UNÐAN LANDAMÆRAVÖRÐUM Palestínur piltur forðar sér eftir mótmæli í bænum Kafr Qaddum, skammt frá Nablus á Vesturbakkanum. Palestínurmenn efndu til mótmæla á nokkrum stöðum að loknum föstudagsbænum í gær, þar á meðal við Al Aksa-moskuna í Jerúsalem.

NORDICPHOTOS/AFP



BMW

www.bmw.com



Sheer Driving Pleasure

X LÍNAN Í TAKT VIÐ TÍMANN.

Þú ert í leit að ævintýrum, við erum í leit að tæknilegri fullkomnun. Allar aðstæður eru kjöraðstæður fyrir BMW XDrive fjórhjóladrifskerfið. Þótt veðrið sé óútreiknanlegt er akstursánægjan í X línunni eitthvað sem þú getur treyst á.

DÍSIL 2,0D - 184 HEÞSTÖFL
5,6 L/100 KM* Í BLÖNDUÐUM AKSTRI.

WWW.BMW.IS

Verð frá 7.890.000**



BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Bílahúsið
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
421 8808

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**Aukabúnaður á mynd, M sportpakki



ÖSSUR VINSÆLASTA FYRIRTÆKIÐ

FJÓRÐA ÁRIÐ Í RÖÐ

Fjórða árið í röð mælist Össur vinsælasta fyrirtæki landsins í árlegri könnun Frjálsrar verslunar. Hjá Össuri starfa 1850 starfsmenn og þar af 400 á Íslandi. Við þökkum starfsfólki þann árangur sem fyrirtækið hefur náð með þekkingu sinni og metnaði. Við erum þakklát fyrir þá velvild og traust sem til okkar er borin.



Fermingar gjafir

Úr, heyrnartól, iPod, skartgripir, svefnpokar og glæsileg gjafakort
Í Smáralind færðu stórar og smáar gjafir sem gleðja fermingarbarnið
og gera fermingardaginn ógleymanlegan. Við hlökkum til að aðstoða
þig við valið.



Skemmtilegur fermingarleikur



Taktu mynd í verslunum Smáralindar af flottri fermingargjöf eða einhverju flottu fyrir ferminguna og deildu henni á **Instagram** með hashtagginu **#smaralindferming** eða sendu á Facebook-síðu Smáralindar.

Dregið er út vikulega **10.000 kr. gjafakort** frá Smáralind. Allir þátttakendur fara í lokapott sem dregið er úr **14. mars** og fær vinningshafinn **100.000 kr. gjafakort** frá Smáralind. *Það borgar sig að taka þátt!*



Gjafakort Smáralindar
er tilvalin fermingargjöf

Fallegar
fermingar-
gjafir
í Smáralind



ENNEW / SIA / NUG6536

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

 Smáralind

smaralind.is

Opnunartímar:

Virka daga 11-19

Fimmtudaga 11-21

Laugardaga 11-18

Sunnudaga 13-18

facebook

1 Meba-Rhodium Casio úr, 8.300 kr. **2** Dogma Scandiphone sími, 9.900 kr. **3** Eymundsson Ferðataska 51 cm, tilboð 15.499 kr. **4** 66° Norður LaSportiva gönguskór, tilboð 34.800 kr. **5** Optical Studio Oakley skíðagleraugu 6.900 kr. **6** 66° Norður Glymur svefnpoki, tilboð 7.600 kr. **7** Plusminus Optic Carrera gleraugnaumgjafir, 28.900 kr. **8** Plusminus Optic Adidas jöklagleraugu, 46.900 kr. **9** Eymundsson Hliðartaska, 4.499 kr. **10** Drangey Kortaveski, 3.900 kr., nafngylling, 1.100 kr. **11** 66° Norður Þórsmörk dúnúlpa, 79.800 kr. **12** Cintamani Fáfni vest, 24.990 kr. **13** Eymundsson Hnattlíkan, 10.999 kr. **14** Boys Kross, 5.999 kr. **15** Lif & List Zone skartgripatré, 5.980 kr. **16** Epli iPod touch, frá 42.990 kr. **17** Dúka Kozoil hringastandur, 2.500 kr. **18** Dúka Kozoil skartgripatré, 5.900 kr. **19** Leonard Síf hjartakúla, 9.500 kr. **20** Leonard Sign silfurhringur, 15.900 kr. **21** Dogma Klukka, 6.990 kr. **22** Meba-Rhodium DKNY úr, 17.900 kr. **23** Smash Obey derhúfa, 8.995 kr. **24** Optical Studio Rayban sólgleraugu, 23.900 kr. **25** Bjarkarblóm Helma mynd, 3.750 kr. **26** Bjarkarblóm Helma mynd, 3.750 kr. **27** Útilíf Deauter bakpoki 22l, 18.990 kr. **28** Útilíf Garmin Dakota10 GPS, 29.990 kr. **29** Meba-Rhodium Silfurkross, 4.790 kr. **30** Nova Urbaneers Plattan heyrnartól, 11.990 kr. **31** Cintamani Trefill, 8.990 kr., vettlingar, 3.990 kr., húfa, 4.490 kr. **32** Epli SkullCandy heyrnartól, 10.990 kr. **33** Boys ferðataska, frá 9.999 kr. til 39.999 kr. **34** Cintamani Elsa dúnúlpa, 45.990 kr. **35** Útilíf Meindl gönguskór, 42.990 kr. **36** Drangey Ferðataska 54x37x20, tilboð 12.900 kr. **37** Signatures of Nature Sensual herbergisilmur, 3.990 kr. **38** Drangey Skartgripaskrín, 13.600 kr. **39** Pandora Armbönd, frá 3.990 kr. **40** Pandora Ævintýrahringur, 13.900 kr. **41** Pandora Perlueyrnalokkar, 9.900 kr. **42** Epli SkullCandy heyrnartól, 5.990 kr. **43** Dogma ScratchMap heimskort, 3.900 kr.

LAGERSALA!

MÖRKINNI 1

Ath. gengið er niður með húsinu
og er inngangur á bak við húsið.

40 - 70% AFSLÁTTUR

laugardag 12 - 17
sunnudag 13 - 16



HEIMA HÚSIÐ

ORÐ VIKUNNAR

02.03.2013 → 08.03.2013

rannsóknir konur
ofbeldi
 íslenska
 kröfuhafar
 réttindi
 skýrsla
 hagstjórn
 ákvæði
 stjórnvöld
 orð
 menn íls
 vinna
 kynbundið
 janúar
 fólk
Ísland
 börnum þjóðin
 umræða
 vand
 samþykkt ríkið Íslendingar
 kostnaður

UMMÆLI VIKUNNAR



„Er þetta ekki bara „pretty face“ á listanum?“

Tónlistarmaðurinn Mugison tekur heiðursseti á framboðslista Bjartrar framtíðar á Norðvesturlandi.

„Þegar ég sá hann fyrst fannst mér hann bara vera í þrívídd, þetta var svo óraunverulegt.“

Auður Eva Peiser Ívarsdóttir, sem er fjórtán ára, hitti Justin Bieber í London.

„Það stóð maður á milli bílanna og þótt ég væri ekki nema á tuttugu kílómetra hraða þá sleikti bíllinn á honum rassinn svo honum rétt tókst að stökkva frá.“

Haukur Ingi Hjaltalín lenti í tveimur fjölbílaárekstrum á aðeins fimmtán mínútum í hriðinni á miðvikudag.

Konur væla – karlar deyja

Þessu kastaði Kristinn Tómasson, yfirlæknir Vinnueftirlits ríkisins, fram á forvarnarráðstefnu VÍS og VER og vekur vissulega til umhugsunar. Hér var verið að ræða um jafnrétti í vinnunni út frá vinnuslysaskráningu. Búum við við jafnrétti í vinnunni? Launatölur sýna vissulega annað en hvað um aðbúnað?

Vinnuumhverfið, eins og það er hannað í dag, er að mörgu leyti hannað út frá karlmannnum og svokölluðum mannmælingum karla (anthropometry). Persónuhlífar eru oftast ekki hannaðar út frá þörfum karla. Mögulega er þetta afleiðing þess að konur voru heima-vinnandi og karlarnir fyrir-vinnur.

Ein leiðin til að skoða vinnuumhverfið og áhrif þess er að nota vinnuslysátölur eins og Kristinn Tómasson vísaði í á ráðstefnunni. Samkvæmt lögum nr. 46/1980 og grein 34. gr. reglugerðar nr. 920/2006 um tilkynningar vinnuslysa „skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna Vinnueftirlitinu um öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í a.m.k. einn dag auk slysdagsins...“ Skráð orsök slysa er oftast högg, fall, skurðir og stungur.

Raunhæf mynd?

Slysátölurnar sýna okkur að ungir, ófaglærðir karlmenn eru

JAFNRÉTTI



O. Lilja Birgisdóttir iðjubjálfi hjá Heilsuvernd og í stjórn Vinnís

þeir sem oftast slasa sig. Engu að síður er stoðkerfisvandi einn af stærstu áhrifaþáttum þegar skoðaðar eru fjarvistir frá vinnu. Þetta speglast ekki í skráningu vinnuslysa hjá Vinnueftirlitinu. Þá má velta því upp hvort slysaskráning gefi raunhæfa mynd af aðbúnaði til vinnu ef við erum ekki að skrá stoðkerfisvanda sem vinnuslys. Vinnuslysátölur frá Norðurlöndunum,

og þá sérstaklega Danmörku, sýna að konur eru í meirihluta hvað varðar stoðkerfisvandamál. Til þess að fá raunverulega mynd af vinnuumhverfinu og áhrifum þess á heilsu og öryggi þarf að skrá öll slys og atvik sem leiða til óvinnufærni. Á þann hátt er hægt að rannsaka og bæta vinnuumhverfið þannig að rétt mynd fáiast og jafnrétti skapist hvað varðar vinnuaðbúnað.

Erfitt er að meta áhrifavalda stoðkerfisvandamála en þó eru ýmsar rannsóknir sem sýna fram á þætti sem hafa bein áhrif. Má þar nefna einhæf vinnubrögð, afkáralegar vinnustellingar, lyftur og burð. Þessa þætti er hægt að greina strax við áhættumat starfa og gera úrbætur til að koma í veg fyrir óþarfa álag við vinnu.

Við sjáum enn kynjaskiptingu í störfum, karlastörf og konustörf. Karlar í bygginga- og véla-vinnu, konur í umönnun- og færifundavinnu. Við getum velt því fyrir okkur hvort þetta sé

→ Hönnun vinnuumhverfið út frá mismunandi þörfum og hugum vel að þörfum beggja kynja þannig að allir komist heilir heim bæði líkamlega og andlega. Vel hannað vinnuumhverfi tekur tillit til aldurs, kyns og uppruna.

rétt. Mikilvægast er þó að jafnréttis sé gætt bæði hvað varðar laun, öryggi og heilbrigði. Það er óásættanlegt að ungir, ófaglærðir karlmenn séu að slasa sig við vinnu og jafnvel deyja. Það er líka óásættanlegt að konur slíti sér út við vinnu en enginn taki eftir því og kalli það jafnvel væl. Verum vakandi og skráum öll atvik og slys þannig að hægt sé að berjast fyrir bættum aðbúnaði til vinnu fyrir alla.

Hönnun vinnuumhverfið út frá mismunandi þörfum og hugum vel að þörfum beggja kynja þannig að allir komist heilir heim, bæði líkamlega og andlega. Vel hannað vinnuumhverfi tekur tillit til aldurs, kyns og uppruna. Benda má á ráðstefnu tengda efninu sem haldin verður í sumar á vegum Vinnuvistfræðifélags Íslands (Vinnís): Ergonomics for Equality, en hægt er að nálgast nánari upplýsingar á www.nes2013.is.

Landey býður til sölu eftirtalin lóðarréttindi:

Vefarastræti og Breiðhella

Vefarastræti 1–5

Um er að ræða um 3.200 m² lóð á Helgafellssvæðinu í Mosfellsbæ.

Deiliskipulag heimilar 21 íbúð á lóðinni, þrífalega atvinnustarfsemi á jarðhæð og allt að tvö bílastæði á hverja íbúð.

Framkvæmdir eru ekki hafnar á lóðinni.



Breiðhella 3

Um er að ræða um 6.500 m² lóð á Hellnahraunssvæðinu í Hafnarfirði.

Deiliskipulag heimilar byggingu atvinnuhúsnæðis á lóðinni þar sem miðað er við 0,5 hámarksnýtingarhlutfall.

Miðað er við eitt bílastæði á hverja 35 m² skrifstofuhúsnæðis eða 50 m² atvinnuhúsnæðis.

Framkvæmdir eru ekki hafnar á lóðinni.



Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu félagsins Hátúni 2b í síma 594 4210 eða 660 4210, netfang: landey@landey.is

Hátúni 2b | 105 Reykjavík | Sími 594 4200 | Fax 594 4201 | www.landey.is

LANDEY

Landey ehf. er dótturfélag Arion banka og fer með eignarhald bankans á nýbyggingum og fasteignabróunarverkefnum.

Sköðun visir.is

2.150

MÁNUDAGUR 4. MARS

Er íslenska útlenska?

Guðmundur Andri Thorsson pistlahöfundur

1.648

FIMMTUDAGUR 7. MARS

Fordómar orðanna

Friðrika Benónýs pistlahöfundur

810

FÖSTUDAGUR 8. MARS

Samt ekki þjóðin

Pawel Bartoszek pistlahöfundur

752

FIMMTUDAGUR 7. MARS

Stríðið gegn fikniefnum

Mikael Torfason ritstjóri

570

FIMMTUDAGUR 7. MARS

Prófsteinn lýðræðisins

Jón Ormur Halldórsson pistlahöfundur

426

LAUGARDAGUR 2. MARS

Spurningin um krónuna

Pórarinn G. Pétursson, aðalhafgræðingur Seðlabanka Íslands

389

FIMMTUDAGUR 7. MARS

Af hverju stofnum við ekki ofbeldisráð?

Stefán Ingi Stefánsson, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi

388

PRÍÐJUDAGUR 5. MARS

Af því við vitum best

Kolbeinn Óttarsson Proppé pistlahöfundur

314

MIÐVIKUDAGUR 6. MARS

Spillingin í Hæstarétti og stjórnarskráin

Gísli Tryggvason, frambjóðandi í NA fyrir Dögun

244

MÁNUDAGUR 4. MARS

Það þarf þjóð til að vernda barn

Sigríður Guðlaugsdóttir verkefnastjóri

Andlegt ofbeldi í Sjálfstæðisflokknum

Ég gekk í Sjálfstæðisflokkinn sextán ára gamall. Ég fór fagnandi til starfs í flokki sem vildi efla gildi mennskunnar og sameina frjálsa, sterka einstaklinga til sameiginlegs átaks og áhrifa í þjóðfélaginu hinu unga Íslandi til blessunar.

STJÓRN MÁL



Þórir Stephensen
fv. dómkirkju-
prestur og staðar-
haldari í Viðey

Þessi flokkur var þá höfuðvígi frjálsrar hugsunar og einstaklingsfram-
taks. Stjórnvíska og víðsýni prýddu leiðtoga hans. Þeir tóku forystu í flestum hinum mikilvægustu málum. Þeir leiddu viðreisnarstjórnina, komu landhelginni í 200 mílur og áttu langstærstan hlut í að Íslendingar gengu í Atlantshafsbandalagið, varnarbandalag vestrænna þjóða. Í átökunum um hið síðastnefnda stóð ég stoltur vörð við Alþingishúsið, þegar kommúnistar gerðu árás á það 1949.

Undir sjónarhorni sjálfstæðis-
stefnunnar hef ég horft glaður mót hækkanði sól í íslensku þjóðlífi og fundið mig æ betur í því fjölþjóðlega umhverfi, sem V-Evrópa nýtur nú.

Ég hefði aldrei trúað því, að óreyndu, að þetta ætti eftir að breytast, að Sjálfstæðisflokkurinn yrði ekki lengur málsvari frjálsrar hugsunar, að þar ættu eftir að komast til valda fulltrúar einangrunar og forræðishyggju, þar sem flokkurinn ætti að ráða því hvað menn hugsuðu og gerðu, að ekki yrðu leyfðar samræður forystunnar og grasrótarinnar, ef upp kæmi meiningamunur.

Við einir vitum

Þetta er þó staðreyndin í dag. Umræðan um Evrópusambandið er, að mínu áliti, rekin á svo barnalegum og heimskulegum grunni og af slíku ofstæki, að enginn sæmlega viti borinn maður getur lagt slíku lið. Evrópusinnar í flokknum hafa beðið um það eitt að fá að sjá samning við ESB, sem svo verði lagður fyrir þjóðina. Enginn okkar vill missa neitt af sjálfstæði okkar. Það hefur heldur ekki gerst, þótt Alþingi sé þegar búíð að samþykkja meirihluta regluverks Evrópusambandsins vegna EES. Við væntum hins vegar góðs samnings, er muni færa okkur aukið öryggi í fjármálum og hagkvæmstu leiðirnar til að losa okkur við verðtryggingu og óðaverðbólgu, styrkja helstu atvinnuvegi okkar og færa okkur menningarlegan ávinning. Við höfum margreynt að fá þessar hugmyndir ræddar í Valhöll, en svarið hefur ætíð verið: „Þess gerist ekki þörf. Við (einir) vitum allt um þetta. Við fáum ekkert út úr þessu.“ Vitandi betur gekk ég úr flokknum 2010 eftir 63 ára veru.

Á síðustu tveimur landsfundum hefur verið samþykkt, fyrst að fresta en nú að slíta viðræðum og taka þær ekki upp fyrr en að undangengnu þjóðaratkvæði. Það er afar ósanngjarnt, að ætla mönnum að skoða slíkt undir stöðugu skítkast og blekkingum Morgunblaðsins. Til þess að geta gefið yfirvegað samþykki sitt í svo miklu grundvallarmáli, þurfa menn að hafa samninginn sjálfan á borðinu, en ekki bara áróður já- og nei-manna.

Skoðanakúgun og bókabrennur

Að mínum dómi er það lítilsvirðing við þá, sem aðhyllast frjálsa hugsun, að bjóða upp á það sem flokkurinn gerði í lokaályktun sinni:

Að slíta viðræðum, sem hafnar voru að ákvörðun Alþingis, er í

raun uppreisn gegn þingræðinu. Að finna að því, að sendiherra ESB hér á landi tali hér á fundum, er fráleit hugsunarskekkja í nútímaþjóðfélagi. Og loks er ákvæðið um að láta loka upplýsingastofu ESB í Reykjavík fáheyrð skoðanakúgun. Aldrei nokkurn tíma var reynt að reka MÍR úr landi. En við förum stundum þangað Heimdellingar til þess að fá sem gleggstar upplýsingar um þröngsýni Rússa. Upplýsinga-

stofnun Bandaríkjanna var mjög hliðstæð Evrópustofunni og þar naut ég margt góðs til stuðnings starfi mínu. Ég þáði einnig boð í lærdómsríka ferð til Brussel og Óslóar á vegum Varðbergs. Allt var þetta jákvætt og í anda frjálsrar hugsunar. En það sem er nú komið á stefnuskrá Sjálfstæðisflokksins, rímar einkum við þrennt sem ég man eftir: Kaþólsku kirkjuna á hinum svörtustu miðöldum, er hún samdi „Skrá yfir bannaðar bækur“. Í öðru sæti eru bókabrennur Hitlers. Í þriðja sæti kemur svo ritskoðun Sovétsins.

Allt fellur þetta undir hugtakið andlegt ofbeldi. Ég get vel viðurkennt, að ég hef fundið fyrir pólitískri heimþrá, síðan ég yfirgaf Sjálfstæðisflokkinn og hef nú í aðdraganda kosninganna lagt mjög að forystumönnum hans að gera okkur, hinum týndu sonum, fært að snúa heim aftur. Viðbrögðin hafa öll verið eins, algjört nei. En eftir lestur landsfundarályktunarinnar og þess hryllings andlegs ofbeldis, sem þar er boðaður, þá hefur heimþráin horfið sem döggi fyrir sólu. Hin frjálsa hugsun er horfin. Þess vegna á ég

→ Hvers konar menn eru búnir að yfirtaka minn gamla flokk? Á hvaða leið er hann? Hann er a.m.k. ekki þess verður, að ég eða aðrir kjósi hann.

þarna hvorki skjól né erindi lengur og hlýt að spyrja: Hvers konar menn eru búnir að yfirtaka minn gamla flokk? Á hvaða leið er hann? Hann er a.m.k. ekki þess verður, að ég eða aðrir kjósi hann.



Sölusýning



Sölusýning í dag frá kl. 10 til 16.


Í dag efnum við til sölusýningar í verslun okkar að Nóatúni 4. Þar gefst tækifæri til að skoða allt hið nýjasta sem við bjóðum, m.a. þvottavélar, þurrkara, uppþvottavélar, kæli- og frystitæki, eldunartæki, ryksugur, þráðlausa síma, smátæki og fallega heimilislampa af ýmsu tagi.

Fjöldi tilboða í tilefni dagsins. Veittur verður ríflegur staðgreiðsluafsláttur.

Látið sjá ykkur og njótið dagsins með okkur. Það verður heitt á könnunni!

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is



Fermingar fjölskyldan



Fermingarstúlka: Galleri Sautján Kjóll, 9.995 kr.
Debenhams Oroblu sokkabuxur Tricot, **Benetton** peysa, 7.995 kr. **TopShop** Armband, 1.990 kr.
Bjarkarblóm Blómsveigur í hári, 2.000 kr.

Pabbi: Herragarðurinn Jakkaöt, tilboð 41.980 kr.
Skyrta, 19.980 kr.

Mamma: **SELECTED** femme Silkiplússa, 17.900 kr.
Debenhams Hálsmen, 11.990 kr.

Amma: **Debenhams** Jakki, 15.990 kr. Kjóll, 15.990 kr.
Taska, 16.990 kr. **Steinar Waage** Skór, 16.995 kr.

Bróðir: **Name it** Peysa, 3.490 kr. **Zara** Skyrta, 4.595 kr.
Lindex Buxur, 3.595 kr.

Systir: **Debenhams** Kjóll 8.990 kr. Sokkabuxur 2 í pk. 3.490 kr.

Borðskraut: **Snúðar & Snældur** Bolli 2.990 kr.
Bjarkarblóm Blómaskreyting

Hár: Modus, hárstofa
Förðun: Mac

Skemmtilegur fermingarleikur



Taktu mynd í verslunum Smáralindar af flottri fermingargjöf eða einhverju flottu fyrir ferminguna og deildu henni á **Instagram** með hashtagginu **#smaralindferming** eða sendu á Facebook-síðu Smáralindar.

Dregið er út vikulega **10.000 kr. gjafakort** frá Smáralind. Allir þátttakendur fara í lokapott sem dregið er úr **14. mars** og fær vinningshafinn **100.000 kr. gjafakort** frá Smáralind.

Það borgar sig að taka þátt!



Gjafakort Smáralindar er tilvalin fermingargjöf

Allt fyrir
fermingar-
fjölskylduna
í Smáralind



Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

 Smáralind

1 Benetton Barnapils, 8.995 kr. 2 Lindex Spennur 2 í pk., 795 kr. 3 Lindex Barnabuxur, 3.595 kr. 4 Debenhams Barnakjól, 9.990 kr. 5 Lindex Barnabelti, 1.195 kr. 6 Lindex Barnakjól, 2.495 kr. 7 SELECTED femme Dömubuxur, 11.900 kr. 8 Karakter Kjól, 10.995 kr. 9 Corner Kjól, 8.990 kr. 10 Vera Moda Bolur, 4.990 kr. 11 Bata Kvenskór, 23.990 kr. 12 Júník Kápa, 17.990 kr. 13 SELECTED femme Toppur, 11.900 kr. 14 3 Smárar Blúndutoppur, 5.999 kr. 15 Karakter Taska, 13.995 kr. 16 GS Skór Again&Again skór, 18.995 kr. 17 Vera Moda Hálsmen, 4.590 kr. 18 Debenhams Fiorelli veski, 11.990 kr. 19 Zara Blazer, 11.995 kr. 20 Benetton Dömukjól, 14.995 kr. 21 Debenhams Tamaris skór, 19.990 kr. 22 Karen Millen Kjól, 36.990 kr. 23 Bossanova PearlZ skór, 6.900 kr. 24 Karen Millen Peysa, 24.990 kr. 25 Zara Peysa, 11.995 kr. 26 Dressmann Skyrtá, 5.990 kr. 27 Zara Blazer, 21.995 kr. 28 Bata Spariskór, 23.990 kr.

smaralind.is
Opnunartímar:
Virka daga 11-19
Fimmtudaga 11-21
Laugardaga 11-18
Sunnudaga 13-18

facebook

Aukin fjárfesting fram undan í Reykjavík

Flestir eru sammála um mikilvægi aukinnar fjárfestingar til að auka hagvöxt á Íslandi. Þessi grein er til að vekja athygli jákvæðri þróun. Reykjavíkurborg hefur verið að kortleggja stöðuna til að vita hvað er í vændum og styðja við aukna fjárfestingu í Reykjavík, í samræmi við nýja atvinnustefnu borgarinnar.

Hlemmur plús

Íbúðafjárfesting er að aukast aftur í Reykjavík eftir mikla lægd í kjölfar hrunsins. Áætlað hefur verið að um 360 íbúðir verði fullgerðar 2013, um 510 árið 2014, 790 árið 2015 og alls um 2.500 til ársins 2016. Þetta er mjög varlega áætlað. Af svæðum sem eru að fara í uppbyggingu má nefna þrjá reiti í kringum Hlemm. Í Einholti-Þverholti er Búseti að hefja byggingu 230 fjölbreyttra búseturárbúða. Á Hampiðjureit er að hefjast vinna við byggingu 140 íbúða og auglýst hefur verið nýtt deiliskipulag vegna 99 stúdentaíbúða í Brautarholti 7. Í liðinni viku var tekin skóflustunga að 175 íbúðum sem rísa eiga í Mánatúni. Heildarfjárfesting í þessum fimm verkefnum er varla undir 20 milljörðum króna.

Gamla höfnin

Fljótlega verður einnig kynnt nýtt deiliskipulag fyrir Gömlu höfnina. Á reitunum við hliðina á hinu nýja Hótel Marína festi borgin nýverið kaup á landi þar sem reisa má um 250 nýjar íbúðir ásamt þjónustu- og atvinnuhúsnæði. Hönnun þessara húsa getur hafist fljótlega og uppbygging næsta vetur. Þegar er þó hafin bygging 63 nýrra íbúða á lóð gömlu Hraðfrystistöðvarinnar sem ljúka mun síðar á þessu ári. Þær munu allar vera seldar. Í næsta nágrenni leysti svo borgin nýverið til sín Tryggvagötu 13, sem eðlilegt er að komi til uppbyggingar samhliða annarri uppbyggingu á þessu eftirsótta svæði.

SKIPULAGSMÁL



Dagur B. Eggertsson
formaður borgar-
ráðs

Fjárfesting í sjávarútvegi

Hafnar svæðið er að verða eitt líflegasta og skemmtilegasta svæði borgarinnar með nýjum veitingastöðum, verslunum og hönnunarbúðum á hverju horni. Brim hefur bætt 3,5 milljarða togara í flota sinn í fyrra. Þá úthlutaðu Faxaflóahafnir nýverið lóð til HB-Granda fyrir metnaðarfulla uppbyggingu á nýrri frystigeymslu. Fjárfestingin er tæpur milljarður auk þess sem áform eru uppi um að gera eldri húsnum fyrirtækisins til góða, svo sómi sé að.

Fjárfesting í hótél- og gistirýmum

Við könnuðum í fyrra hvað þyrfti að byggja mörg hótél í Reykjavík miðað við fjölgun ferðamanna. Bæta þarf við sem nemur einni Hótel Sögu (um 215 herbergi) á ári, miðað við 5% árlegan vöxt, en tvöfalt meira ef vöxturinn verður eins og síðustu tvö ár. Allvíða er verið að skoða möguleika á hótélbyggingum miðsvæðis í borginni. Af nýjum verkefnum til vinnslu má nefna að nú er í auglýsingu 40 herbergja stækkun hjá Hótel Borg. Gert er ráð fyrir að á Hljómalindareit við Laugaveg muni rísa nýtt hótél síðar á árinu. Nýtt hótél er að opna við Suðurlandsbraut 12. Nýtt gistiheimili og hótél er að opna við Hlemm. Unnið er að deiliskipulagi fyrir hótél á Landssímareit og Ingólfstorg. Útbóðsferli fyrir lóðina við hlið Hörpu er hins vegar ólokið.

Vísindagarðar og stúdentaíbúðir

Unnið er hörðum höndum við að reisa um 297 stúdentaíbúðir í Vatnsmýri sem teknar verða í gagn við næsta skólavetur. Reykjavíkurborg vill nýtt átak í byggingu stúdentaíbúða í kjölfarið. Þá vinnur borgin þétt með Háskóla Íslands í því skyni að bygging Vísindagarða í Vatnsmýri hefjist. Það myndi bæta nýrri vídd við þekkingarhagkerfi borgarinnar sem er í fullkomnu

→ Af næstu verkefnum má nefna skóla og sundlaug í Úlfarsárdal, útilaug við Sundhöllina, þjónustumiðstöð í Grafarvogi og endurgerð Hverfisgötu.

samræmi við sýn og atvinnustefnu borgarinnar.

Fjárfesting borgarinnar

Eitt fyrsta verk borgarstjórnarmeirihluta Besta flokksins og Samfylkingarinnar var að flýta mannaflsrekum framkvæmdaverkefnum fyrir hálfan milljarð sumarið 2010. Samhliða var ákveðið að efna til framkvæmdaáttaks árin 2011, 2012 og 2013 þar sem um 6,5 milljörðum yrði varið í framkvæmdir á vegum borgarinnar hvert ár. Þetta voru alger umskipti og meira en tvöföldun framkvæmda frá þriggja ára áætlun fráfarandi meirihluta. Þetta sést í endurbótum í sundlaugum borgarinnar, yfirstandandi skólabyggingum, endurgerð skólalóða og nýjum hjólastígum. Af næstu verkefnum má nefna skóla og sundlaug í Úlfarsárdal, útilaug við Sundhöllina, þjónustumiðstöð í Grafarvogi og endurgerð Hverfisgötu.

Ekki má heldur gleyma metnaðarfullri fjárfestingaráætlun ríkisstjórnarinnar. Tvö ný hús munu rísa á svæði Háskóla Íslands: Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og Hús íslenskra fræða. Hið síðarnefnda er hluti fjárfestingaráætlunarinnar. Það er einnig nýtt fangelsi á Hólmsheiði en bygging þess hefst einnig á þessu ári. Stærsta einstaka framkvæmd næstu ára er jafnframt ein sú mikilvægasta. Það er bygging nýs Landspítala. Borgarstjórn samþykkti skipulag vegna verkefnisins fyrir hátíðir. Standa vonir til þess að útboð fari fram hið fyrsta og nauðsynleg lagasetning varðandi fjármögnun gangi fram á Alþingi fyrir þinglok. Er vonandi að breið samstaða náist um þetta þjóðþrifamál.

Tækifæri til samráðs

Árni Páll Arnason hét því þegar hann var kjörinn formaður Samfylkingarinnar að leita leiða til að auka sátt og samráð í samfélaginu. Það er ánægjulegt að sjá að nokkrum vikum síðar einhendir hann sér í að leysa stjórnarskrármálið sem komið var í sjálfheldu vegna tímaskorts og kallar þar fulltrúa allra flokka að borðinu. Það hefur mikið verið rætt um nauðsyn þess á síðustu árum, að draga úr átökum og leita samvinnu þvert á flokka um stærri mál. Nú er tækifæri. Formenn Samfylkingar, Bjartrar framtíðar og Vinstri grænna hafa lagst á eitt til að stuðla að því að stjórnarskrármálið fái farsæla lausn og formenn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks hafa enn tíma til að sýna í verki að þeir hafi raunverulega áhuga á að ná sátt um stór ágreiningsmál.

Það er afar mikilvægt að því merka starfi sem unnið var af stjórnlagaráði, verði tryggt framhaldslíf á næsta þingi. Það kom skýrt fram í þeirri ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu sem fram fór, að menn vilja að vinnu við nýja stjórnarskrá verði haldið áfram á grundvelli þeirra tillagna sem ráðið lagði fram. Um það er ekki deilt. Sérstaklega var mikill stuðningur við ákvæði um að auðlindir okkar séu þjóðareign og ákvæðið um þjóðaratkvæðagreiðslur. Árni Páll á heiður skilið fyrir að berjast fyrir því að vinna við nýja stjórnarskrá haldi áfram en dagi ekki endanlega uppi á því þingi sem nú situr.

→ Það er afar mikilvægt að því merka starfi sem unnið var af stjórnlagaráði, verði tryggt framhaldslíf á næsta þingi.

STJÓRNARSKRÁ



Erna Indriðadóttir
starfsmaður Alcoa
Fjarðaáls



NEW THINKING.
NEW POSSIBILITIES.



ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

HYUNDAI SANTA FE

SPARNEYTINN DÍSILJEPPI



Hyundai Santa Fe Comfort
2,2 dísil, sjálfskiptur. Verð 7.650 þús. kr.
Eyðsla 6,6 l/100 km*

Verið velkomin í kaffi og reynsluakstur
í dag milli kl. 10–16





Kauptúni 1 – 210 Garðabæ
575 1200 – www.hyundai.is

Sumarhús á Spáni

Kjörið fyrir
stórfjölskylduna

upplifðu

- Fjölskylduvæna áfangastaði
- Rúmgóð parhús sem hýsa allt að 8 manns
- Fallegan og rúmgóðan sundlaugagarð með leiktækjum fyrir börnin
- Vönduð húsgögn og öll helstu tæki
- Stutt í veitingastaði og matvöruverslun
- 5 mín. akstur niður á strönd
- Mikla afþreyingu á svæðinu
- Skemmti-, vatns- og náttúrulífsgarðar
- Eitthvað fyrir alla



Torre Vieja

Cabo Roig
sumarhús

4. - 11. júní

Verð frá
96.990 kr.

á mann m.v. 3 fullorðna og 3 börn í parhúsi m/ 3 svefnherbergi.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.
Verð á mann m.v. 2 í parhúsi m. 3 svefnh. 143.990 kr.



ferðaskrifstofa á netinu

ferð.is er íslensk ferðaskrifstofa sem einungis er starfrækt í gegnum netið. Íslendingum gefst með **ferð.is** kostur á að kaupa ódýrar ferðir á netinu án þess að slaka á kröfum um öryggi, þjónustu og góðan aðbúnað.

Fjúgðu fyrir minna

ferð.is
sími 570 4455



HELGIN

Unnur Þóra Jökulsdóttir, rithöfundur

Kósíkvöld, tónlist og göngutúrar

„Byrja daginn á Wordpress námskeiði. Kíki svo inn á hljómsveitaræfingu hjá dóttur minni. Upphalds laugardagskvöld er í sófanum heima með teppi, þrjóna, eld í kamínunni og eitthvað gott á skjánum. Sunnudagur: Hlusta á Öldu og félagan hennar spila á Töfrahurðinni í Salnum, síðan langur göngutúr í Heiðmörk með hundinum Karra. Og svo eru það bækurnar á náttborðinu...“



Guðrún Lárusdóttir, framleiðslustjóri og hönnuður

Bækur og leiksýning

„Ég ætla að fara á bókamarkaðinn í Perlunni. Svo ætla ég á frumsýningu á Drekanum hjá leikfélagi Kvinnaskólans á sunnudaginn þar sem Kormákur sonur minn stígur á stökk.“



Tryggvi Gunnarsson, leikstjóri

Fagnar með heimsbyggðinni

„Foreldrar mínir urðu sextugir í vikunni. Gjörvöll heimsbyggðin fagnar því auðvitað ákaft og verður veisla um helgina eftir því.“



Ágúst Borgþór Sverrisson, rithöfundur

Skáldskapur og KR

„Helgin verður að einhverju leyti helguð fjáröflun fyrir 4. flokk KR í handbolta þar sem sonur minn er markvörður. Auk þess fer ég í matarboð og á laugardaginn ætti ég að hafa tíma til að vinna í skáldsögu sem ég er að skrifa.“

Gerðum rétt með því að bíða

Hljómsveitin Ylja gaf út sína fyrstu plötu í nóvember en platan hefur hlotið mikið lof. Það eru þau Guðný Gígja Skjaldardóttir, Bjarthey Sveinsdóttir og Smári Tarfur Jósefsson sem skipa hljómsveitina.

Kristjana Arnarsdóttir
kristjana@frettabladid.is

Við segjum oft að við séum „Youtube-lærðar á gítarinn“, segir Guðný Gígja Skjaldardóttir, önnur söngkona Ylju, en hljómsveitina stofnuðu hún og Bjarthey Sveinsdóttir á menntaskólaárunum. „Við kynntumst í kór Flensborgarskólans árið 2007. Þar sátum við hlið við hlið og sungum sömu röddina. Okkur datt svo í hug að taka þátt í söngkeppni Flensborgar saman, þrátt fyrir að þekkjast eiginlega ekkert. Ég var búin að fatta að við flúðum sömu lögin og í kjölfarið fórum við að hittast og æfa. Upp frá því urðum við bara óaðskiljanlegar vinkonur,“ segir Guðný Gígja.

Tónlistin virðist vera þeim stöllum í blóð borin en auk þess að vera sjálfærðar á gítarinn eru þær að mestu sjálfmenntaðar í sönglistinni. „Við sóttum um í Söngskóla Reykjavíkur í fyrria og komumst báðar inn. En við komumst fljótlega að því að klassíski söngurinn var kannski ekki beint eitthvað fyrir okkur. Þetta var mjög skemmtilegt en við sögðum samt skilið við Söngskólann eftir mánuð,“ segir Bjarthey.

Fyrsta plata hljómsveitarinnar kom út í nóvember og segja stelpurnar stíllinn vera eins konar þjóðlagapopp. Bjarthey og Guðný fengu gítarleikarann Smára Tarf Jósefsson til þess að sjá um upptökustjórnun. „Þær báðu mig svo um að spila undir á „slide-gítar“ í einu laganna. Ég fékk svo ekkert að taka meira upp eftir það og gekk bara til liðs við þær,“ segir Smári og hlær. Platan var þó nokkuð lengi í vinnslu en í september 2011 var ákveðið að fara upp í sumarústað og taka upp. „Við ákváðum að taka plötuna upp „live“ sem hentaði okkur alveg rosalega vel,“ segir Bjarthey. „Þegar maður tekur upp eitt hljóðfæri í einu tapast ákveðin dýnamík. Þessi „live-filingur“ er bara allt annar,“ segir Smári Tarfur, en plötuna gefa þau út sjálf. Þau segja fyrsta upplagið vera um það bil að klárast og gæla þau nú við þá hugmynd að gefa plötuna út á vinyl. „Við erum 100% sátt við þennan frumburð. Oft á tíðum er fyrsta plata hljómsveitar mjög erfið fæðing. Stelpurnar voru hvattar til þess að drífa í því að gera plötu margoft áður en tóku þá hárrétta ákvörðun að bíða. Þær myndu sjá eftir því í dag ef þær hefðu gefið plötuna út fyrir tveimur árum,“ segir Smári Tarfur.

Smári er enginn nýgræðingur í tónlistinni en hann var meðal annars í hljómsveitinni Quarashi um tíma en segir það auðveldara að vinna með stelpum en stráku. „Ég er rosalega mjúkur og viðkvæmur drengur. Þar af leiðandi hentar samstarf með stelpum betur,“ segir Smári í léttum dúr. Þríeykið ákvað á dögum að fá sér umboðsmann. „Við lentum nefnilega í því um daginn að mæta klukkutíma of seint á „gigg“ sem var náttúrulega mjög leiðinlegt, bæði fyrir þá sem bókuðu okkur og líka fyrir okkur sjálf. Við höfðum bara algjörlega misskilið tímasetninguna. Það var eiginlega þá sem okkur fannst kominn tími á að finna einhvern til að sjá um þetta með okkur,“ segir Guðný Gígja. En er stefnan sett á útrás? „Við myndum allavega ekki slá þann einstakling utan undir sem myndi segja „Hey, ég er með spennandi hluti fyrir ykkur í útlöndum“,“ segir Smári, en bætir þó við að Ylja sé enn að fóta sig hér á landi og þau því enn með fæturna á jörðinni.

„Við erum 100% sátt við þennan frumburð.“

Smári Tarfur



HUGGULEGT ÆFINGAHÚSNÆÐI Þau Guðný Gígja, Bjarthey og Smári Tarfur hafa komið sér vel fyrir í æfingahúsnæði hljómsveitarinnar út á Granda.

Kjaftasögur um snjallúr frá Apple fá byr í seglin

Nýjasta afurð Apple-tölvurísans verður líklega iWatch og fram eru komnar hugmyndir um hvernig það mun líta út.

Þráðlaus tæknin tröllríður nú öllum okkar stöðlum og tölvuvæðing ótrúlegustu hluta er að verða að veruleika. Sjónvörp, rúður, gleraugu og úr eru engin undantekning því allt þetta hefur verið, eða er áformað, að tölvuvæða snilldarlega á næstu misserum.

Tækninni fleytir svo fljótt fram að neytendur hafa ekki undan að uppfæra tækin. Apple hefur haft það að markmiði að uppfæra þráðlaus tækin sín með um það bil árs millibili. Sum tæki, eins og iPad, hafa jafnvel verið uppfærð á hálfis árs fresti.

Tækin eru alltaf að verða minni og minni. Þau bjóða jafnframt upp á fleiri möguleika. Nú er svo komið að Apple hyggst senda frá sér tölvuúr sem lætur G-Shock-úrin líta út fyrir að vera ættuð úr grárri forneskju.

- bph

ORÐRÓMURINN GEFUR TIL KYNNA AÐ IWATCH MUNI LÍTA EINHVERN VEGINN SVONA ÚT



1 Kringlótt skífa: Sterkasti orðrómurinn er sá að skífan verði kringlótt og hugbúnaðurinn muni byggja á Spiral-tækninni sem Apple hefur þegar tryggt sér einkarétt á. Hönnunin sé svo í anda Ikepod Geneve Horizon-armbandsúranna.



2 Fernings-löguð skífa: Hönnunin hentar betur fyrir snjallsímahugbúnað Apple, iOS-kerfið. Líftími rafhlöðunnar yrði vandamál með þann hugbúnað en markmiðið er að hún endist í fjóra til fimm daga milli endurhleðslna.



3 Mjúkur skjár: Apple hefur sótt um einkaleyfi á armbandi með bugðöttum skjá. Apple gæti notað sveigjanlegt Willow-gler sem framleiðir herta glerið framan á iPhone-símana.

Willow-gler Punnt eins og blað, sveigjanlegt og sterkt. Enn eru þó um það bil þrjú ár í að hægt verði að fjöldaframleiða það.



Eiginleikar iWatch
■ Símtöl ■ Skrefamælir
■ Landkort og GPS
■ Heilsuáætlun og -skynjarar

TEIKNINGAR: GRAPICNEWS



FERMINGAR

Pú finnur frábærar
fermingargjafir hjá
okkur! Komdu við
og gerðu góð kaup.

MEÐ EDEN ROSE
KAUPAUKI
AÐ ANDVIRÐI
8.000,-



SPARAÐU 10.000,-

HUSQVARNA OPAL
VERÐ ÁÐUR 109.900,- NÚ 99.900,-

Opal™ 650



SPARAÐU 10.000,-

HUSQVARNA EDEN ROSE 250
VERÐ ÁÐUR 69.900,- NÚ 59.900,-

Eden Rose™ 250C

HÁRKLIPPUR



OSTER C-100
VERÐ 14.900,-



BRAUN 190
VERÐ 9.900

RAKVÉL OG SKEGGSNYRTIR



CRUZER 5
VERÐ ÁÐUR 14.900,-
NÚ 11.900,-

SPARAÐU 20%



BRAUN 330
VERÐ 18.900,-



CLIQUE LOFTLJÓS
VERÐ 15.900,-



SENNHEISER HD MOMENTUM
VERÐ 54.900,-



SENNHEISER HD 203
VERÐ ÁÐUR 7.980,- NÚ 5.980,-

SPARAÐU 25%



SENNHEISER HD 439
VERÐ 15.900,-



SENNHEISER HD 518
VERÐ 25.900,-

kíktu inn á www.pfaff.is

Pfaff // Grensásvegi 13 // Sími 414 0400

PFAFF

Kaupum allt gull, silfur, demanta og vönduð úr

Græddu á gulli

Í Kringlunni alla daga

frá kl. 11-18



**FRÍTT VERÐMAT
ENGIN SKULDBINDING**



UMSAGNIR FRÁ VIÐSKIPTAVINUM

Besta verðið!

Ég hef selt talsvert af gullskartgripum og demöntum undanfarið ár á Íslandi og undantekningalaust hef ég fengið besta verðið hjá www.kaupumgull.is. Þau eru fljót að meta, vandvirk og áreiðanleg. **Jóna Guðmundsdóttir**

Fljót og góð þjónusta - hærra verð en hjá gullsmiði

Ég kom með talsvert magn af skartgripum úr dánarbúi sem við systkinin áttum. Í 2 ár hafði ég reynt að selja gripina hjá gullsmiðum án árangurs. Mér til undrunar og ánægju voru þeir metnir af www.kaupumgull.is á hærra verði en ég hafði reynt að selja þá hjá gullsmið. Gripina fékk ég staðgreidda og allt ferlið gekk hratt og örugglega fyrir sig. **Sigurður Eiríksson**

Ég kom með föður mínum með skartgripi sem ég hafði fengið í arf, ég taldi að þeir væru um 150.000 kr. virði, ég var því frekar hissa og ánægð þegar þeir voru metnir af www.kaupumgull.is á 580.000 kr. Til að hafa vaðið fyrir neðan mig fékk ég tilboð frá fleiri aðilum, hins vegar borguðu www.kaupumgull.is mun betra verð en aðrir. **Sigríður Jónsdóttir**

Staðgreiðum allt gull

hringa, hálsfestar, armbönd, gullmynt,
Gold Quest gullmynt, stytur, kertastjaka o.fl

Alla demanta



Kaupum gömul og ný úr

Rolex, Breitling,
Cartier,
Patek Philippe
ásamt öllum
gullúrum.



Til sölu

Staðgreiðum einnig verk eftir þekktar íslenska og erlenda listmálara

Gunnlaug Blöndal, Jóhannes Kjarval, Svavar
Guðnason, Flóka, Erró, Ásgrím Jónsson, Nínu
Tryggvadóttur, Karólínu Lárusdóttir, Jón
Stefánsson, Georg Guðna, Leonardo da Vinci og fl.

Kaupum frímerki, póstkort og gamla peningaseðla



**ERUM Á 3. HÆÐ
Í KRINGLUNNI** (Hjá Læknastöðinni)

Upplýsingar og tímapantanir:
Sverrir, s. 661-7000 • sverrir@kaupumgull.is

○ Heildarfjöldi gistinguáttu útlendinga á hótélum

Árið 2012
1.476.566

Árið 2010
1.053.883

Árið 2008
1.051.664

Árið 2006
918.174

Árið 2004
775.662




Ferðapjónustan stefnir hátt

Landsbankinn er í fararbroddi þegar kemur að fjármögnun nýrra verkefna hjá ferðapjónustunni. Við stefnum á frekari vöxt og fleiri verkefni sem renna stoðum undir atvinnulíf landsins.

Landsbankinn hefur tekið virkan þátt í vexti ferðapjónustunnar á undanförmum árum í samræmi við þá stefnu bankans að vera hreyfiafl í samfélaginu. Hjá okkur starfa yfir 70 sérfræðingar um land allt með víðtæka reynslu af fjármálapjónustu og úr atvinnulífinu.

Við erum öflugur og traustur samherji og leggjum ríka áherslu á að styðja við áframhaldandi uppbyggingu ferðapjónustunnar með þátttöku í verkefnum sem stuðla að nýsköpun. Við fögnum velgengni í greininni og erum sem fyrr tilbúin til samstarfs.





Hafa ber í hug að launakostnaður er talinn sér og er ekki inni í tölum einstakra málaflókka.

Í hvað fara skattarnir þínir?

Vissir þú að daglega borgar manneskja með meðallaun 49 krónur í búvöruframleiðslu, 40 krónur í LÍN og 37 krónur í fæðingarorlofssjóð? Hún borgar 4 krónur í skóla, 9 í sóknargjöld og 5 í sjúkrahús og heilsugæslu, þó án launakostnaðar. Fréttablaðið rýndi í skattana okkar.

Kolbeinn Óttarsson Proppé
 kolbeinn@frettabladid.is
Páll Hilmarrson
 pallih@gogn.in



Grafik/Jónas

Gögn eru til alls fyrst. Þjóðmálaumræðan hefur oft og tíðum einkennst af fullyrðingum sem ekki eru endilega byggðar á gögnum. Hver kannast ekki við að hafa nöldröð yfir þessu og hinu brúðlinu hjá ríkinu. „Er það þetta sem skattþeningarnir okkar fara í?“ Fréttablaðið ákvað að svara þeirri spurningu og mun rýna nánar í þær tölur á næstunni. Fyrsta kastid er sjónum beint að málaflókum, en síðar verða einstaka stofnanir skoðaðar nánar. Þegar rýnt er í þessar tölur verður að hafa í huga að launakostnaður

ríkisins er sér. Þannig greiðir meðalskattgreiðandinn 4 krónur í dag í skóla á vegum ríkisins, framhaldsskóla og háskóla, án launakostnaðar. Skólarnir eiga síðan, eins og aðrir málaflokkar, sinn skerf í launakostnaðinum, en alls fer 651 króna af skattfé í dag í laun og lífeyrisskuldbindingar ríkisstarfsmanna. Þá er hér aðeins um skatta ríkisins að ræða. Tölurnar breytast þegar útsvarinu er bætt við. Meðaltalslaun í landinu eru 365 þúsund

krónur á mánuði. Launþegi með þau laun greiðir daglega 2.530 krónur í skatt. Rúmlega 1.000 krónur af því fara í rekstrargjöld og ber launin þar hæst. Eins og sjá má fer stór hluti í ýmiss konar bætur, launþeginn borgar 99 krónur á dag í atvinnuleysistryggingasjóð. Kjósendum ber að veita stjórnvöldum aðhald, en til þess þarf upplýsingar og gögn. Hér má sjá gróflega reiknuð útgjöld ríkisins. Opnun slíkra gagna auðveldar fólki að veita fulltrúum sínum, Alþingi og ríkisstjórn, lýðræðislegt aðhald.



CHEVROLET

CHEVROLET 2013

Ennþá hagkvæmari kostur



Chevrolet Cruze - 2013

Það er ekki nóg með að Chevrolet Cruze sé einn sá fallegasti á götunum í dag, heldur er hann betur búinn en margir mun dýrari bílar.

Cruze LT, Bensín 1,8 Beinsk. Verð: 2.990 þús. kr.

Sæti fyrir 7



Chevrolet Orlando

Rúmgóður bíll með miklu innanrými og djarfri útlitshönnun. Bíll þar sem hagkvæmni, útlit og aksturseginnleikar vinna vel saman.

Orlando LT 1,8 Bensín bsk Verð: 3.990 þús. kr.



Chevrolet Captiva LTZ
Dísel • sjálfskiptur • 184 hÖ

Pláss og kraftur fyrir alla fjölskylduna ...og vinina líka!

Chevrolet Captiva er hlaðinn aukabúnaði sem eykur getu hans við erfiðustu aðstæður. Captiva er einn vinsælasti jeppinn á Íslandi. Hann er 184 hestöfl og með nóg pláss fyrir alla fjölskylduna og vinina líka.

Hluti af staðalbúnaði í Chevrolet Captiva LTZ:

- 7 sæta
- 18" álfelgur
- 6 þrepa sjálfskipting
- Bluetooth samskiptakerfi
- Brekkubremsa
- Fjarstýrðar samlæsingar með þjófavörn
- Aðgerðarstýri
- Rafmagn í rúðum og hliðarspeglum
- Hljómflutningstæki með USB tengi
- Aksturstölv
- Tölvustýrð miðstöð með loftkælingu
- Fjaropnun á afturhlera
- Upphitanlegir hliðarspeglar
- Nálægðarskynjarar í afturstuðara
- Leðuráklæði á 7 sætum
- Titanium litaðir þakbogar og húnar
- Topplúga
- Rafmagn í sætum og fleira - sjá benni.is

Verð:

Captiva LT 2,2 Diesel ssk

6.890 þús. kr. Sæti fyrir 7

Captiva LTZ LUX 2,2 Diesel ssk

7.390 þús. kr. Sæti fyrir 7

Langdrægur rafmagnsbíll



Chevrolet Volt er langdrægur rafmagnsbíll með bensínrafal. Heildarökudrægi Volt er um 500 km. Á hleðslunni einni saman kemst Volt um 60 km, en það dugir í flestum tilvikum fyrir allan daglegan akstur. Komdu í heimsókn og skoðuðu framtíðina.



Opið alla virka frá 9 til 18 og laugardaga frá 12 til 16

Bilabúð
Benni
Sérfræðingar í bilum

Reykjavík • Tangarhöfða 8 • 590 2000
Njarðarbraut 9 • Reykjanesbæ • 420 3330
Bílaríki • Glerárgötu 36 • Akureyri • 461 3636
Nánari upplýsingar á benni.is

GÓÐ KAUP

í Rúmfatalagernum!

SÆNG + KODDI FULLT VERÐ: 9.995

6.995

SÆNG + KODDI

**30%
AFSLÁTTUR**



**FRÁBÆR
FERMINGAR-
TILBOÐ!**

**SPARIÐ
15.000**

høie
OF SCANDINAVIA

**HØIE GREEN & CLEAN
SÆNG OG KODDI**
Góð sæng og koddur fyllt með trefjum. Sæng: 1000 gr. Koddur: 550 gr. Áklæði úr 100% bómull. Sængurtaska fylgir.



90 X 200 SM.

VALITOR
KORTALÁN
ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR

**PLUS B12
JUBILÆUM DÝNA**

Miðlungsstíf dýna með 250 pokagormum pr. m². Innifalið í verði er 4 sm. þykk og góð yfirdýna. Slitsterkt áklæði úr polyester/polypropylene. Grindin er úr sterkri, ofnþurrkaðri furu. Verð án fóta. Fætur verð frá: 5.995

FULLT VERÐ: 49.950

34.950



**SPARIÐ
3000**

FULLT VERÐ: 9.995

6.995

**HENRIK
SKRIFBORÐSSTÓLL**
Skrifborðsstóll með stillanlegri setu. Þverband í bakið. Fæst í svörtu og rauðu.

SETTIÐ FULLT VERÐ: 9.995

5.995

LOTTA & LASSI ÚLPA OG BUXUR
Gæðasett með góðu endurskinni. Fæst í bleiku með svörtum buxum og svörtu með grænum buxum. Stærðir: 86 - 128.

**40%
AFSLÁTTUR**

ÚLPA + BUXUR

**GÓÐ
KAUP!**

VERÐ FRÁ:

2.495

**CANADA ÚLPA OG
ANTHON SNJÓBUXUR**

Úlpa stærð: 140 - 170 sm. 5.995
Úlpa í fullorðinsstærð: S-XXL 9.995
Snjóbuxur stærð: 120 - 170 sm. 2.495
Snjóbuxur í fullorðinsstærð: S-XXL 3.495



SETTIÐ FULLT VERÐ: 2.995

2.495

PEYSA + BUXUR

ÚTIVISTAR-
FATNAÐUR
Peysa og buxur saman í pakka. Stærðir: S-XXL.



**KEYPTU 2
OG SPARAÐU
1000**

SÆNGURVERASETT

1.995

**MOLLIE
SÆNGURVERASETT**
Efni: 100% polyester-mikrófíber. Stærð: 140 x 200 sm. og koddaver 50 x 70 sm. Fæst í 2 falletum litum. 1 sett 1.995 nú 2 sett aðeins 2.990



57 LÍTRA

**3 FÝRIR
2**

57 LÍTRA PLASTKASSI
Með loki og á hjólum. Stærð: 59 x 41 x 33 sm. 1 stk. 2.995 nú 3 stk. 5.990 Fáðu 3 stk. á verði 2ja.

FULLT VERÐ: 4.995

3.995

**SPARIÐ
500**



FRIÐ KULDASTÍGVÉL

Loðfóðruð, ítölsk kuldestígvél á börnin. Svört stærðir: 22-39. Bleik stærðir: 22-35.

**SPARIÐ
1000**



LOÐFÓÐRUÐ

**RÚMFATA
LAGERINN**
HERBERGID • BAÐID • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

Tjáir sig mikið með augunum

Hún virtist fullkomlega heilbrigð í fyrstu en allt í einu hætti hún að tjá sig með sama hætti og áður, það hægðist á öllum þroska og persónuleikinn breyttist. **Guðrún Sædal** var fjögurra ára greind með hinn sjaldgæfa genasjúkdóm Rett-heilkenni.

Gunnþóra
Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Það er óveðursdagur á höfuðborgarsvæðinu og einstaklega notalegt að finna ilm af pönnukökum og heitu súkkulaði þegar komið er inn úr bylnum í heim sókn til fimm manna fjölskyldu í Kópavogi. Erindið þangað er að fræðast um fimm ára stúlku á heimilinu, Guðrúnu Sædal, sem er ein örfárra íslenskra stúlkna á lífi með genasjúkdóminn Rett-heilkenni. Foreldrar hennar eru Bryndís María Leifsdóttir viðskiptafræðingur og Friðrik Friðriksson lögfræðingur. Guðrún verður sex ára í maí, bróðir hennar, Friðrik Sædal, átta ára í apríl og systir hennar, Elísa Sædal, verður ársögmul eftir nokkra daga.

Guðrún er glaðleg, enda segja foreldrar hana mikinn húmorista. Hún gengur um íbúðina nokkuð öruggum skrefum og gefur stundum frá sér ókennileg hljóð, en orðaforðinn er takmarkaður við mamma, pabbi og amma. „Hún sagði líka „Eísa,“ í leikskólanum þegar systir hennar var fædd og þó að hún tali ekki skilur hún helling,“ segir pabbi hennar. „Svo tjáir hún sig mikið með augunum. Ef hana langar í eitthvað þá horfir hún á það,“ bætir mamma hennar við brosandí. „Það skiptir máli að segja henni frá því hvað standi til, annars getur hún orðið erfið. Við sögðum henni núna að þið væruð að koma, ókunnug kona og maður með myndavél.“ Ekki verður heldur annað sagt en Guðrún taki gestunum vel. Hún leyfir ljósmyndaranum að taka af sér ótal myndir og rekur ókunnunni rembingskoss.

Eftir ánægjulegan kaffitíma fær Friðrik yngri að horfa á sjónvarpið, Guðrún sest á gólfid og fer að skoða Disney matreiðslubækurnar sem eru hennar uppáhald og orðnar snjáðar af flettingum en Elísa situr við borðið og tínir upp í sig hið sívinsæla Cheerios. Þá gefst okkur fulloröna fólkinu næði til að tala saman.

Blessun yfir okkur

Sjúkdómurinn Rett-heilkenni uppgötvaðist fyrir um 25 árum og hrjáir fyrst og fremst stúlkur. Hann felst í alvarlegri þroskahömlun og kemur fram á öðru aldursári, um það leyti sem þær læra að ganga og segja nokkur orð. Margar stúlkanna lifa fram á fullorðinsár en þurfa umönnun og aðstoð allan sólarhringinn. Sumar læra reyndar aldrei að ganga, eru bara í fanginu á foreldrum sínum þangað til þær fara í hjólastól og margar þjást af hryggskekku. „Við erum mjög heppin,“ segir Friðrik. „Já, það er mikil blessun yfir okkur,“ tekur Bryndís undir. „Fæstar stúlkanna geta matast sjálfar en það getur Guðrún, þrátt fyrir að það sé kannski ekki snýrtilegt í kringum hana. Hún elskar að borða en margar fá bara mat í gegnum sondu. Þannig að við erum svakalega heppin. Hún hefur heldur ekki fengið flog, eins og fylgir þessum sjúkdómi hjá mörgum.“

Guðrún hafði verið greind með einhverfu þegar hún var þriggja ára, enda fylgja sterk einhverfueinkenni Rett-heilkenni. Hið rétta kom ekki í ljós fyrr en vorið 2011, þegar hún var að verða fjögurra ára. „Það voru teknar myndir af heilanum og blóðprufur sem sendar voru í DNA-greiningu til Kanada og við biðum í sjö mánuði eftir útkomunni. Það var virkilega erfiður tími. Þrátt fyrir að það væri ómurlagt að hún væri með Rett-heilkenni var gott að fá niðurstöðu,“ segir faðir hennar.

„Við hugsum stundum í dag: Ef við hefðum vitað strax hversu alvarlegt það er sem að dóttur okkar gengur, hefði hún hugsanlega ekki farið í jafn stífa þjálfun og raun varð á og því kannski ekki náð þeirri færni sem hún býr yfir,“ segir Bryndís. „Það var enginn afsláttur gefinn af æfingum, hvorki í leikskólanum Furugrund né hjá sjúkrahjálfurum í Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra og snemmtæk íhlutun fyrir börn með sérþarfir er mjög mikilvæg. En ég held það skipti líka máli hvaða stökkbreytingu stúlkurnar fæðast með.“



UPPÁHALDS-
BÆKURNAR
Guðrún elskar að
fletta matreiðslu-
bókunum frá Disney.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tapaði niður færni

Margt hefur gengið Guðrúnu í hag þó að vissulega vanti mikið á að líf hennar sé í líkingu við þær væntingar sem ávallt fylgja ungbarni. Um eins og hálfis árs aldurinn komu fyrstu einkenni sjúkdómsins fram og síðan hefur hún verið reglulega hjá sérfræðingum, auk þess að fá þjálfun á leikskólanum. „Hún var sein til gangs og þegar hún var langt komin á annað ár fór henni mikið aftur, hún tapaði niður orðum, tjáningu og ýmiss konar færni. Til dæmis hafði hún verið flinkust að pinna á deildinni sinni í leikskólanum en missti niður allar fínreyfingar því fingurnir krepptust,“ lýsir faðir hennar. „Það er hræðilegt að horfa á barnið sitt

„Það voru teknar myndir af heilanum og blóðprufur sem sendar voru í DNA-greiningu til Kanada og við biðum í sjö mánuði eftir útkomunni. Það var virkilega erfiður tími.“

þroskast og dafna og átta sig á því einn daginn að persónuleikinn er breyttur, líkt og eitthvað hafi sloknað.“

Bryndís tekur þó fram að stórir sigrar hafi unnist, þökk sé hinu frábæra fagfólki sem hafi sinnt henni. „Þegar sjúkrahjálfarinn hennar lagði til að hún lærði ▶

Fyrstu einkenni Rett-heilkennis

- Öndun verður óregluleg
- Einhverfuleg hegðun verður áberandi
- Breyting verður á skynjun
- Lág vöðvaspenna
- Óstöðug við gang
- Afturför verður í andlegum þroska
- Tal minnkar eða hverfur
- Endurteknar handahreyfingar
- Hjartatruflanir og flog

HANNAÐU DRAUMA SÓFA

17 SÓFAR, 80 TAU- OG 30 LEÐURÁKLÆÐI



Hannaðu í þrívídd
á www.ilva.is

Í verslun okkar eru allir draumasófar merktir með þessum merkjum, sem þýða í hvers konar áklæði er hægt að panta sófann.

A 80 mismunandi tauáklæði 3 verðflokkar

B 30 mismunandi leðuráklæði 3 verðflokkar


20% kynningarafsláttur af öllum Draumasófum - 8. - 17. mars

AÐEINS
3 SKREF

1 Veldu sófategund
Komdu og skoðuðu úrvalið af sófum sem hægt er að velja um. Sestu og prófaðu þar til þú finnur þann rétta fyrir þig.

2 Veldu uppröðun og stærð
Allir sófarnir bjóða upp á mismunandi möguleika s.s. 3ja sæta, 2ja sæta eða 2½ sæta sófa, með eða án legubekks o.s.frv.


3 Veldu áklæði
Velja þarf um tau- eða leðuráklæði. Sumar sófategundir henta ekki fyrir leðuráklæði og fást því einungis með tauáklæði.



A
A / ALABAMA
147.920

SPARAÐU 36.980


AÐEINS
13.088
12 MÁNUÐIR
VAXTALAUST*



A
B / EASY
215.920

SPARAÐU 53.980


AÐEINS
18.953
12 MÁNUÐIR
VAXTALAUST*



A B
C / CARLTON
219.920

SPARAÐU 54.980


AÐEINS
19.298
12 MÁNUÐIR
VAXTALAUST*



A
D / GEPETTO
199.920

SPARAÐU 49.980


AÐEINS
17.573
12 MÁNUÐIR
VAXTALAUST*



A B
E / MALIBU
319.920

SPARAÐU 79.980

AÐEINS
27.923
12 MÁNUÐIR
VAXTALAUST*



A
F / KINGSTON
239.920

SPARAÐU 59.980

AÐEINS
21.023
12 MÁNUÐIR
VAXTALAUST*

A ALABAMA Sigildur ILVA sófi. Mjúkar og ávalar línur. Verðflokkur A1. 3ja sæta. L 240 cm 184.900,- NÚ 147.920,- sparaðu 36.980,- **B EASY** sófi, stílhreinn og skemmtilegur. Verðflokkur A1. Legubekkur + 3ja sæta sófi. L 282 cm 269.900,- NÚ 215.920,- sparaðu 53.980,- **C CARLTON** rómantískur sófi. Verðflokkur A3. 3ja sæta. L 218 cm 274.900,- NÚ 219.920,- sparaðu 54.980,-

D GEPETTO sófi, þægilegur, fallegur og einfaldur. Verðflokkur A2. 3ja sæta. L 198 cm 249.900,- NÚ 199.920,- sparaðu 49.980,- **E MALIBU** svartur leðursófi. Verðflokkur B1. 3ja sæta + legubekkur. 287 x 200 cm 399.900,- NÚ 319.920,- sparaðu 79.980,- **F KINGSTON** sófi, sigild og tímalaus hönnun. Verðflokkur A2. 2½ sæta + legubekkur. L 271 x 161 cm 299.900,- NÚ 239.920,- sparaðu 59.980,-

VEXTIR
0%*

KAUPTU NÚNA

og dreifðu greiðslunni á 12 mánuði, vaxtalaust.*

*Nú getur þú fengið 12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifingu þegar verslað er með VISA eða MasterCard. Þegar verslað er fær kaupandi að sjá yfirlit yfir greiðsluáætlun sem sýnir áætlaðar mánaðarlegar greiðslur, þ.e. afborgun ásamt lántökukostnaði og færslugjaldi. Kaupandi þarf að undirrita áætlunina til að staðfesta útreikninginn.



ILVA

Camembertbeygla
Camembert ostur, sólburrkad tómat-
pestó, rauðlaukur, basilíola, paprika
chili sulta og salatblanda Verð 895,-
nú 695,-



HELGARTILBOÐ



TÆKNIMANNESKJA iPhone er mikið notaður.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þá þríhjól vorum við mjög efins. En það tókst fyrir ári eftir þrotlausar æfingar í íþróttasal sem leikskólinn hefur aðgang að og hún var mjög stolt. Krakkarnir hlupu með, ýttu og hjálpuðu. Síðan hefur hún haldið þessari færni og hjólar alltaf einu sinni í viku. Einnig nefnir hún sundtíma sem Guðrúnu buðust í Sundskóla Sóleyjar. „Það hafa orðið stórkostlegar framfarir hjá henni í sundinu. Hún er farin að nota bæði hendur og fætur í vatninu og nær betra jafnvægi.“

Þau hjónin segja margar sögur um gæði og greiðviki samborgaranna og það er auðheyrta að þau eiga víða hæk í horni. „Við hefðum aldrei getað gert allt sjálf,“ segir Bryndís. „Því vil ég meina að fjölskyldan manns stækki við það að eiga fatlað barn, það koma svo margir til hjálpar. Fólk sem Guðrún umgengst á leikskólanum er afar mikils virði. Krakkarnir eru yndislegir og for-eldrar þeirra heilsa henni með nafni. Það vita allir hver Guðrún er. Kerfið hér á landi er líka betra en margur heldur, þegar á reynir.“ Hún nefnir ráðgjöf í hinni nýju stuðningsmiðstöð fyrir langveik börn sem þjóðin safnaði fyrir á síðasta ári með átakinu Á allra vörum. „Já, þó að þrengrt hafi að í þjóðfélaginu eru allir tilbúnir að gera sitt besta, miðað við aðstæður. Það er alveg stórkostlegt,“ segir Friðrik.

Tekist hefur að lækna mýs

Spurð hvort áhyggjur hafi ekki sótt að þeim þegar Elísa var á leiðinni svarar Bryndís. „Jú, auðvitað höfðum við áhyggjur en það eru innan við 0,1% líkur á að eignast annað barn með þennan sjúkdóm og sem betur fer var allt í lagi.“ Þau hjón viðurkenna að oft sé þeim búið að líða illa síðustu árin vegna Guðrúnar litlu. „Auðvitað erum við alltaf með hryggð í hjarta,“ segir Friðrik. „Það líður ekki sá dagur að maður hugsi ekki: „Af hverju getur hún ekki fengið sömu tækifæri og aðrir? En við reynum að festast ekki í neikvæðum hugsunum. Maður getur orðið vitstola og grátið alla daga en það er

Það sem gefur okkur von um að Guðrún eigi möguleika á innihaldsríku lífi er að hægt er að lækna sjúkdóminn á rannsóknarstofum.

brýnt að beina orkunni eitthvert annað.“

„Já, við höfum ákveðið að leggja okkar af mörkum til að það finnst lækning við sjúkdómnum,“ segir Bryndís ákveðin og telur horfurnar á því góðar þar sem Rett-heilkenni hafi ákveðna rannsóknarkosti umfram aðra sjaldgæfa sjúkdóma. „Það er vitað að hann orsakast af einu geni og tekist hefur að lækna mýs sem hafa verið sýktar af honum. Skipt var um beinmerg í músunum eins og þekkt er með sjúklinga sem hafa hvítblæði.“

Nýlega afhentu þau Friðrik og Bryndís Rett Syndrome Research Trust UK. 1.600 pund, til rannsókna á sjúkdómnum sem þau, ættingjar þeirra og vinir höfðu safnað. Áður höfðu þau látið 1.400 pund af hendi rakna. „Við stofnuðum Rett Syndrome rannsóknarsjóð Guðrúnar í maí 2012 til fjáröflunar og fræðslu,“ segir Friðrik. „Það sem gefur okkur von um að Guðrún eigi möguleika á innihaldsríku lífi er að hægt er að lækna sjúkdóminn á rannsóknarstofum. Menn segja að þegar lækning fyrir stúlkurnar finnst verði það eins og þegar rósettusteinninn með rúnunum fannst á 19. öld og gerði mönnum kleift að ráða í letur Egypta í fornöld, það verði til nýtt stafróf sem opni heim genalækninga. Sá vísindamaður sem nær þeim árangri á Nóbelsverðlaunin vís.“

„Það hefur mikið gerst í rannsóknunum síðan 2007, á fæðingarárinu hennar Guðrúnar. Mjög mikið,“ bætir Bryndís við. „En af því sjúkdómurinn ágerist í stigum finnst okkur við vera í kapphlaupi við tímann. Við höfum trú á að hægt verði að snúa ferlinu til baka og ég hef þá fögru framtíðarsýn að Guðrún standi í fermingarveislunni sinni og segi: „Verið þið velkomin og gjörði þið svo vel.““



GOTT AÐ BORDA Þönnurnar runnu ljúflega niður en iPhone-inn var aldrei langt undan.



FRÍÐRIK OG ELÍSA Það reynir oft á systkini fatlaðs barns. Í baksýn eru nýjustu listaverk Guðrúnar af leikskólanum.



KAFFITÍMINN Ekki er amalegt að fá heitt súkkulaði og pönnukökur þegar snjóbylur geisar úti.

Kvennaskólinn í Reykjavík - opið hús 12. mars 2013 -

Þriðjudaginn 12. mars verður opið hús í skólanum fyrir 10. bekkina og forráðamenn þeirra frá kl. 17:00 til 19:00.

Námsframboð skólans, húsnæði og félagslíf nemenda verður kynnt.

Nánari upplýsingar eru á heimasíðu skólans, www.kvenno.is.


Verið velkomin.

Skólameistari



MEÐ BÓK Guðrúnu finnst bækur og græjur bestar.

Vaxtaþrep 30 dagar: Leggðu grunn að fram tíðarsparnaði




ENNEM / SIA / IMG6853

Allt að
4,85% vextir

Vaxtaþrep 30 dagar er bundinn, óverðtryggður innlánsreikningur þar sem vextirnir hækka í þrepum eftir fjárhæð innistæðunnar.

Úttektir af reikningnum þarf að tilkynna með 30 daga fyrirvara en á móti eru vextirnir hærri en á almennum óbundnum innlánsreikningum og eru þeir greiddir út mánaðarlega inn á ráðstöfunarreikning að eigin vali.

Vaxtaþrep 30 dagar hentar því þeim sem vilja örugga og háa ávöxtun en jafnframt að innistæðan sé laus með skömmum fyrirvara.



Ársvextir skv. vaxtatöflu 01.02.13: Vextir eru stighækkandi eftir innistæðu.

Fáðu nánari upplýsingar um Vaxtaþrep 30 dagar í næsta útibúi eða á islandsbanki.is.

Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000


Íslandsbanki

happ
happ
húrra!



2.499.-



1.290.-

VERÐHRUN
ALLT AÐ 90%
AFSLÁTTUR

SÍÐASTA BÓNAMAR


Perlunni

ÓTRÚLEGT ÚRVAL

SPARAÐU ÞÚSUNDIR



1.999.-



1.990.-



8.999.-



11.999.-



1.990.-



1.590.-



1.990.-



2.490.-



1.999.-



1.490.-



1.499.-

HELGIN!


OPIÐ
LAUGARDAG
OG
SUNNUDAG
KL. 10-18

KAÐURINN

BÓKAMARKAÐURINN ÞAKKAR FYRIR SIG - SJÁUMST AÐ ÁRI




1.990.-



990.- hvor



1.490.-



1.990.-



1.999.-



1.499.-

EKKI
MISSA AF
ÞESSU



Facebook.com/bokamarkadur





MYND/PIOTR WOLF

FERILLINN

2001 VILLILJÓS HÖGNI

2003 NÓI ALBÍNÓI NÓI

2005 LA MAISON DE NINA
GUSTAV

2006 KÖLD SLÓÐ SIGGI

2008 WIE SCHWEFEL IN DER LUFT STUTTMYND SECOND VICTIM

2008 LUFTBUSINESS FILOU

2008 ICH BOMBE STUTTMYND BORIS



FRUMSÝNING DESEMBER Tómas og Thor Vilhjálmsson heilsast.

2009 DESEMBER JONNI

2011 DEN SOM DRÆBER SJÓNVARPSPÁTTARÖÐ YURI ØJE FOR ØJE, 1 OG 2



DEN SOM DRÆBER Tómas og danski leikarinn Kim Bodnia.

2011 CHATRAK

2011 SOKO WISMAR SJÓNVARPSPÁTTARÖÐ EINAR GUNNARSSON AUF EIGENE FAUST

2012 TATORT SJÓNVARPSPÁTTARÖÐ PANNE DER WALD STEHT SCHWARZ UND SCHWEIGET

2012 ERRORS OF THE HUMAN BODY JAREK

2012 INSENSIBLES BERKANO

2012 AM HIMMEL DER TAG ELVAR

2013 FRAU ELLA Í EFTIRVINNSLU CLAUDE

2013 SNOWPIERCER Í EFTIRVINNSLU EGG-HEAD

2013 THREE DAYS TO KILL Í TÖKUM



RIFF-HÁTÍÐIN Tómas og Emiliano Monaco.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Snýst ekki um einhverjar pallíettur

Tómas Lemarquis hefur búið og starfað erlendis í tíu ár og leikið í fjölda kvikmynda og sjónvarpsátta. Hann er nú heima í stuttu hléi frá tökum á annarri stærstu mynd hans til þessa, alþjóðlegri mynd með Kevin Costner í aðalhlutverki.

Pað er blindbylur þegar ég banka upp á hjá Tómasi Lemarquis í Vesturbænum í Reykjavík í vikunni. Hann er heima í stuttu hléi frá tökum á hasarmyndinni Three Days to Kill, þar sem hann leikur á móti Kevin Costner. Hann er hinn ánægðasti með óveðrið því tilgangur ferðarinnar hingað er að leika í

stuttmynd eftir Munda sem nefnist Snowblind og hann er á leið út í bylinn seinna um daginn til að taka upp atriði í hana. En við byrjum á að tala um Three Days to Kill. Hvernig mynd er þetta?

„Þetta er svona njósnaspennmynd í anda Bourne-myndanna. Luc Besson skrifaði handritið og framleiðir og leikstjórnir er McG sem til dæmis hefur leik-

stýrt Charlie's Angels og Terminator 4. Kevin Costner leikur leyniþjónustumann með banvænan sjúkdóm sem fær loford um lyf sem gæti bjargað lífi hans gegn því að taka að sér eitt sérverkefni enn. Ég má því miður ekkert segja um mitt hlutverk í myndinni. Luc Besson er mjög strangur með það að ekkert leki út um myndirnar hans.“



CIFERVIK

KOMDU OG SJÁÐU

HEIMSMEISTARANN OG EVRÓPUMEISTARANA FRÁ CROSSFIT REYKJAVÍK TAKA ÆFINGU Í ANDDYRI ÚTILÍFS Í KRINGLUNNI Í DAG KL. 14-16
ANNIE MIST, EVERT VÍGLUNDS OG AFREKSHÓPUR CROSSFIT-REYKJAVÍK SÝNA OKKUR
HVAÐ CROSSFIT ER SKEMMTILEGT SPORT.

KYNNINGAR & 20% AFSLÁTTUR AF CROSSFIT VÖRUM FRÁ: **Reebok**

COMPRESPORT
VENO-MUSCULAR COMPRESSION TECHNOLOGY

CWX
CONDITIONING WEAR

Reebok
CrossFit

ÚTILÍF

GLÆSIBÆ

KRINGLUNNI

SMÁRALIND

utilif.is



SPORTLEGUR SKANDINAVI



Volvo V40

D2 dísil, 5 dyra, 115 hö, 6 gíra beinskiptur. Fær frítt í stæði í 90 mínútur í senn í Reykjavík*.

Volvo V40 frá **4.990.000 kr.**

Volvo V40 R-Design frá **5.380.000 kr.**

Volvo V40 fæst sjálfskiptur

NJÓTTU LÍFSINS MEÐ VOLVO V40 R-DESIGN - SPORTLEG HÖNNUN OG EINSTÖK FJÖÐRUN

RDESIGN

Kraftmikið útlit og einstök fjöðrun Volvo V40 R-Design lýsir ástríðu fyrir sportlegri hönnun og eiginleikum. Volvo V40 R-Design hefur sérhannaðan framstuðara, 17" IXION álfelgur, sportfjöðrun ásamt sérstökum vindkljúf neðan á afturstuðara með tvöföldum þústútum. Önnur einkenni R-Design útgáfunnar er sportinnrétting, Nubuck sportsæti, leðurklætt stýri með álrónd og R-Design merki, TFT stafrænt mælaborð, álpedalar, gírstöng með upplýstum 3D stöfum, LED dagljós og LED stefnuljós á hliðarspeglum ásamt R-Design stjórnborði.

WWW.VOLVO.IS

**KOMDU OG SKOÐAÐU VOLVO V40 R-DESIGN Í BRIMBORG,
BÍLDHÖFÐA 6 Í DAG, LAUGARDAG MILLI KL. 12 OG 16**

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | volvo.is

*Volvo V40 D2, eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 3,6 l/100 km, CO₂ 94 g/km. Volvo V40 D2 R-Design, eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 3,8 l/100 km, CO₂ 99 g/km. Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.





DÝFA Heimsmeistaramót samkynhneigðra í sundi var haldið í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



STORMUR Átök lands og hafs voru gríðarleg í óveðri sem gekk yfir landið í nóvember. Hér skellur brimið á Norðurgarðinum við Reykjavíkurbær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bestu myndirnar frá árinu 2012

Blaðljósmyndarar sýna sínar bestu hliðar á árlegri sýningu Blaðljósmyndarafélags Íslands á myndum ársins. Eins og fyrri ár eiga ljósmyndarar Fréttablaðsins fjölda mynda á sýningunni og viðfangsefnin eru bæði fjölbreytt og spennandi. Sýningin verður opnuð í dag og stendur til 28. apríl. Við opnunina í dag verður kynnt hvaða myndir hljóta viðurkenningu sem bestu ljósmyndir ársins 2012.



BRUNI Margir syrgðu söluturninn Bláa turninn sem brann í apríl. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



RÚSSNESK JÓL Meðlimir rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar kvöddu jólin með dýfu í sjóinn í Nauthólsvík í janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




SVELL Kuldinn skapaði tækifæri til leikja fyrir þessa krakka og kjöraðstæður til myndatöku við Tjörnina. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



SKÓK NÁGRENNIÐ Sprenging skók Ofanleitið eftir að gaskútur sprakk í blokkaríbúð við götuna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

LJÓNATEMJARI...
ERTU ALVEG VISS?



KOMDU Á
HÁSKÓLADAGINN!
Taktu upplýsta ákvörðun!

HÁSKÓLADAGURINN UM ALLT LAND

Selfoss: Kynning í FSU 12. mars Egilsstaðir: Kynning í ME 19. mars
Ísafjörður: Kynning í MÍ 14. mars Akureyri: Kynning í VMA 20. mars

9. MARS KL. 12-16

Í Háskólabíói verða Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Bifröst, Háskólinn á Hólum og Landbúnaðarháskóli Íslands með námskynningu.

Háskóli Íslands kynnir námsframboð sitt í Aðalbyggingu, Háskólatorgi, Öskju og Háskólabíói.

Háskólinn í Reykjavík kynnir námsframboð sitt í húsakynnum HR í Nauthólsvík.

Fríar rútuferðir milli staða á tuttugu mínútna fresti!

Ferðir frá HÍ, Háskólabíói og HR.

HÁSKÓLA
DAGURINN

f/Háskóladagurinn

#hdagurinn

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



BLÁSIÐ Í LÚÐRA

Lúðrasveit Reykjavíkur verður með fyrstu tónleika vetrarins í Kaldalóni í Hörpu á mánudagskvöldið kl. 20. Efnisskráin er tileinkuð popp- og rokktonlist og poppstjarnan Páll Óskar mun syngja nokkur af þeim lögum. Á efnisskránni eru lög eftir Glóriu Estefan, Quincy Jones, Manfred Schneider og hljómsveitina Earth, Wind and Fire.

NÁMSAÐSTOÐ

Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?

Íslenska – stærðfræði – enska – danska – efnafræði – lestur
eðlisfræði – þýska – franska – spænska – stafsetning o.fl

Öll skólastig – Reyndir kennarar

Nemendajónustan sf www.namsadstod.is s. 557 9233

Næg bílastæði Engir stöðumælur



Glæsileg þessi

Skyrta á
9.900 kr.

Vorum að fá nýtt frá
LUXZUZ og one two.

black pepper FASHION

Kíkið á myndir og
verð á facebook

Opíð virka daga kl. 11 - 18
Opíð laugardaga kl. 11-16

Laugavegi 178
(Bólholtsmegin)

• Sími 555 1516



LAGAKÓNGUR Á LÍF

FRÆGD Lagahöfundurinn Örlygur Smári jók heldur betur tækifæri sín á erlendum vettvangi þegar Hera Björk Þórhallsdóttir bar sigur úr býtum í söngvakeppni í Síle fyrir stuttu.

Allt í einu varð allt vitlaust að gera hjá Örlygi Smára sem annars gegnir starfi sölumanns hjá Nýherja. Ekki nóg með að allt sé á fullu blússi í lokaundirbúningi fyrir lagið Ég á líf sem Eyþór Ingi flytur í Eurovision-keppninni í Malmö í maí, heldur hefur sigur Heru Bjarkar í Síle haft gríðarleg áhrif. Sigurlagið Because you can er samstarfsverkefni þeirra Christinu Schilling, Camillu Gottschalck, Jonas Gladnikoff, Heru Bjarkar og Örlygs Smára.

En hvernig kom samstarf þeirra til? „Við Hera höfum unnið mikið saman. Síðast með laginu Je ne sais quoi sem flutt var fyrir Ísland í Eurovision árið 2010. Árið áður tók Hera þátt í dönsku undankeppni Eurovision og hafnaði í öðru sæti með lagið Someday. Það lag sömdu sömu höfundar og unnu síðan með okkur Because you can,“ útskýrir Örlygur Smári og heldur áfram. „Eftir sigurinn hér heima 2010 ákváðum við Hera að vinna saman plötu en um svipað leyti komu þær Christina og Camilla hingað til lands og kíktu þá í stúdíóið mitt. Þetta lag varð til og var sett á plötu. Síðan ákvað Hera að senda lagið í keppnina í Síle,“ segir Örlygur Smári og bætir við að sigurinn hafi vissulega áhrif á frekara samstarf þeirra Heru.

NÝR OG SPENNANDI MARKAÐUR

„Það hefur opnast góður möguleiki á að koma fleiri lögum á suðurameríska markaðinn. Bæði lögum sem við höfum samið nú þegar og nýjum lögum. Þarna er gríðarlega stór og spennandi markaður. Ég hef gaman af allri góðri tónlist og þar er meðtalin svokölluð latín-músik. Hins vegar eru þessar þjóðir eins og við, opnar fyrir alþjóðlegri tónlist. Keppnin skiptist í tvo riðla, annars vegar svæðisbundna þjóðlagatónlist og hins vegar alþjóðlega popptónlist.“

Þegar Örlygur Smári er spurður um verðlaunaféð, hvort hann verði ríkur af þessari velgengni, svarar hann. „Nei, því miður. Verðlaunin fóru beint til plötu-

útgáfunnar í Síle. Það hjálpar henni að markaðssetja okkur á þessu svæði og við fáum síðan tekjur af því þegar lagið er spilað. Listamennirnir fá oft minnstan hlut,“ segir hann.

„Ég hef verið mjög upptekinn undanfarna tvo mánuði, bæði vegna Eurovision og síðan ævintýris Heru í Síle. „Við Hera höfum hist eftir að hún kom heim og erum að velta fyrir okkur þeim tækifærum sem upp eru komin. Við þurfum að semja fleiri lög og texta fyrir þennan nýja markað og púðrið fer allt í það hjá mér þessa stundina.“

HOKINN AF REYNSLU

Örlygur Smári hefur átt velgengni að fagna með lögin sín. Hann hefur fjórum sinnum unnið Söngvakeppni Sjónvarpsins. Fyrir utan þau tvö lög sem þegar hafa verið nefnd átti hann lagið Tell Me árið 2000 og This is My Life árið 2008. Árið 2006 og 2009 átti hann einnig lög í undankeppninni sem hlutu þó ekki náð fyrir eyrum dómara landsins í gegnum símakosningu. Hann er sjálflærður í tónlist, segist glamra á gítar og píanó en kann ekki að lesa nótur.

Örlygur Smári hefur mikla reynslu í þátttöku í Eurovision-keppninni. „Jú, ég veit nákvæmlega hvernig þarf að undirbúa atriðið og þessa dagana erum við á fullu í því. Gaman er að segja frá því að til er texti við lagið á alls fjórum tungumálum, frönsku, íslensku, ensku og spænsku. Á meðan við höfum ekki tekið endanlega ákvörðun með lokaútgáfunni er rétt að segja sem minnst um hana. Hins vegar stýttist í að lagið heyrst opinberlega í endanlegri útgáfu,“ segir Örlygur Smári. „Við leggjum áherslu á að atriðið verði áhrifamikla.“

SÝNINGARGLUGGI TÓNLISTAR

Örlygur Smári segist vera farinn að hlakka mikið til að fara til Malmö í vor. Hann er altalandi á sænsku, enda alinn upp í Stokkhólmi sem barn og stundaði seinna nám í hljóðupptökum þar í landi. „Það hefur alltaf verið mikið lagt í þessa ▶

FJÓLSKYLDAN

Örlygur Smári er líka fjóluskýldumaður. Kona hans, Svava Gunnarsdóttir, heldur úti mjög vinsælu matarbloggi á netinu. Hér eru þau með börnum sínum, tvíbunum Jakobi Þór og Gunnari Berg og dótturinni, Malínu.

MYNDIR/VALLI



TÆKIFÆRI

Örlygur Smári hlakkar mikið til að vinna meira fyrir suðurameríska markað, en tækifæri kom upp í hendur hans þegar Hera vann keppnina í Síle.

Peli 9420

Bylting í vinnuljósum!



1000 lúmen 58°
Li-ion Hleðslurafhlaða
Dugar 2 klst á HIGH
Dugar 4 klst á LOW
Mesta hæð 1.5 metrar
Verð frá kr. 52.900



LJÓSMYNDAVÖRUR
Skipti 31 - ljósmyndavorur.is

► keppni í Svíþjóð og ég fylgdist vel með henni sem barn og unglingur. Áhuginn hélt áfram eftir að ég kom heim. Keppninni er gert hátt undir höfði í Svíþjóð en ég hef aðeins fylgst með undankeppninni þar ytra núna sem er afar glæsileg. Ég hef mjög gaman að Eurovision eins og flest allir landsmenn,“ viðurkennir hann.

„Vinnan í kringum þetta er heilmikil en skemmtileg og fjölbreytt. Maður er ekki einungis að búa til lag heldur þarf að hugsa um atriði eins og framkomu, búninga, kvikmyndatöku og markaðssetningu. Á stuttum tíma þarf maður þess vegna að velja mörgum hlutum fyrir sér en síðan er alltaf einstaklega ánægjulegt að fara út með skemmtilegum hópi fólks. Vegna þess hversu oft ég hef verið með í keppninni eru margir sem tengjast henni orðnir kunningjar mínir og vinir. Þennan vettvang get ég notað eins og aðra sýningarglugga fyrir sköpun mína sem annars lægi ofan í skúffu þar til einhver flytjandi væri fundinn. Um miðjan mars

þurfa öll atriði að vera klár frá okkur. Síðan tekur við forvinna hjá þeim aðilum sem standa að keppninni.“

LJÚFMETI OG LEKKERHEIT

Örlygur Smári rak hljóðverið Poppvélna í fullu starfi í mörg ár. Nú fara frístundirnar meira í stúdíóvinnuna. „Vinna hjá Nýherja er töluvert frábrugðin því sem ég gerði áður en ég var orðinn leiður á einverunni sem fylgdi því að vinna í stúdíói. Mér fannst gott að komast í þann félagsskap sem er á stórum vinnustað. Nú get ég leyft mér að vinna einungis að því sem mér finnst áhugavert án þess að hafa áhyggjur af því að eiga fyrir salti í grautinn,“ segir kappinn.

Kona Örlygs Smára er Svava Gunnarsdóttir en hún starfar á lögfræðistofu. Svava heldur úti vinsælu matarbloggi á netinu sem kallast Ljúfmeti og lekkerheit þar sem ýmsar gírnilegar matar- og bakstursuppskriftir birtast. Þau eiga fimmtán ára dóttur og tíu ára tvíbursyni. „Svava er meistara-



kokkur og sífellt að koma mér á óvart með nýjum uppskriftum,“ segir Örlygur og bætir því við að það sé alltaf eitthvað gott á matarborðinu. „Ég er samt meira

í því að borða matinn en að búa hann til.“ Örlygur er hlaupari á milli þess sem hann tekur myndir og semur lög. „Ég er áhugahljósmyndari og hef mjög gaman af því að taka myndir. Ég og annar sonur minn erum duglegir að hlaupa saman og reynum að fara út nokkrum sinnum í viku. Mér finnst hlaupið skemmtilegt og ánægjulegt að við feðgarnir séum saman í þessu. Við hlaupum mest í hverfinu okkar í Kópavogi en tökum líka þátt í almenningshlaupum og förum þá 10 kílómetrana. Það er fínt að hlusta á tónlist á meðan ég hleyp. Þar fyrir utan nýti ég frístundir til að semja lög eða útsetja fyrir aðra, sit þá gjarnan við píanóið og nota tölvuna mikið. Síðan þeyti ég skífum á árshátíðum, þorablótum, afmælum eða brúðkaupum en sú vinna kemur oft í tórnum.

ALLT FYRIR ÁSTINA

Þegar Örlygur er spurður um uppáhaldslag úr eigin lagasafni verður fátt um svör. „Þetta er erfið spurning. Ég held að það sé ekkert eitt frekar en annað. Mér þykir þó vænt um lagið Allt fyrir ástina sem ég gerði fyrir Pál Óskar. Það kom mér aftur í bransann eftir langa dvöl í Svíþjóð. Ég var að leita að samstarfsfólki þegar ég kynntist Palla og við höfum átt mjög gott samstarf sem er enn í gangi.

Það er gríðarlega margt að gerast þessa dagana og ég er með mörg járn í eldinum. Það er hins vegar erfiðt fyrir mig að tjá mig um einstök ný lög á meðan flytjandinn hefur ekki gert það. Hann ræður markaðssetningunni. Ég er sömuleiðis á fullu að skoða hálfkláruð og kláruð lög sem hafa legið til hliðar með markaðinn í Suður-Ameríku í huga. Þar eru svakaleg tækifæri fyrir mig. Um helgina ætla ég hins vegar að vera plötusnúður,“ segir lagakóngurinn Örlygur Smári. ■ elin@365.is

ÁRITANIR

Í stúdíóinu hjá Örlygi Smára hafa frægir listamenn ritað nöfn sín og þakklæti á vegginn. MYNDR/VALLI

SPENNANDI

„Það hefur opnast góður möguleiki að koma fleiri lögum á s-ameríska markaðinn. Bæði lögum sem við höfum samið nú þegar og nýjum lögum. Þarna er gríðarlega stór og spennandi markaður.“

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** Sölu menn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is, s. 512 5473** | **Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432** | **Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is, s. 512-5427**

Dúnmjúkur draumur

Dúnsængin fyrir fermingarbarnið

Aðeins náttúruleg efni, 100% dúnn & bómull
790 gr dúnfylling, ofnæmisprófaður andadúnn

Fermingartilboð

24.990 kr
áður 33.490 kr



Lín Design Laugavegi 176 Sími 5332220 www.lindesign.is

LAGERHREINSUN!

MIKIÐ ÚRVAL AF ÍPRÓTTASKÓM OG FATNAÐI Á GÓÐUM AFSLÆTTI!

**Í HÚSI FERÐAFÉLAGS ÍSLANDS - MÖRKINNI 6
DAGANA 6. - 17. MARS.**

OPIÐ: MÁN.-FÖS: 12-18 OG LAU.-SUN: 12-16.



MÖRKIN 6 | 108 REYKJAVÍK | S:520-1000 | SPORTIS.IS

Food & Fun

Matseðill eftir Michelin-stjörnu matreiðslumeistara!

Matseðill

Steikt hörpuskel með spergli, gulrótum og lárperu-mauki
Fried scallops with asparagus, carrots and avacados purée
Pouilly Fumé - Domaine Taborted, A.C. Pouilly Fumé - France

Porskhnakki með kúrbít, hvítlauks confit, eggaldin-mauki og pestó
Cod with zucchini, garlic confi, aubergine purée and pesto
Pouilly Fumé - Domaine Taborted, A.C. Pouilly Fumé - France

Lambahryggur með kartöflu gratin, ætilpystlum og lamba soðgljáa
Fillet of lamb with potatos gratin, jerusalem artichocks, and lamb au jus
Crozes Hermitages „Les Jalets“ Paul Jabolet, A.C. Crozes Hermitages - France

Brie ostur að hætti Philippe Girardon
Brie cheese a la Philippe Girardon

Súkkulaðimús með mandarínu-mauki, súkkulaði Chantilly og appelsínu sorbet
Chocolate mousse with mandarin purée, chocolate Chantilly and orange sorbet
Sauvignon Blanc Late Harvest, Morande - Chile

Verð 7.990 kr.
Verð með víni 13.990 kr.

Gjafabréf
Perlunnar

Góð gjöf við
öll tækifæri!



Vissir þú?

Í ár er matreiðslumeistarinn Philippe Girardon gestur Perlunnar á Food&Fun. Árið 1993 vann hann Michelin stjörnu og fékk svo titilinn Meilleur Ouvrier de France, matreiðslumaður Frakklands, árið 1997. Hann er mikill Íslandsvinur og hefur tekið þátt í að þjálfa flest alla íslenska matreiðslumeistara sem hafa tekið þátt í hinni heimsþekktu **Paul Bocuse** keppni.





MÓÐIR KONA MEYJA Á NÝJUM STAÐ Anna María Axelsdóttir, eigandi verslunarinnar, en hún flutti nýlega í Smáralind. MYND/GVA

BEÐIÐ EFTIR BARNI

MÓÐIR KONA MEYJA KYNNIR Meðgöngu- og brjóstgjafafatnaður í úrvali í nýrri verslun í Smáralind og allt sem þarf að vita um taubleiur.

Við fluttum verslunina af Laugaveginum upp í Smáralind og opnuðum þar í byrjun febrúar. Okkur líkar mjög vel hér og verslunin hefur fengið góðar viðtökur," segir Anna María Axelsdóttir, eigandi Móðir Kona Meyja. Verslunin selur meðgöngu- og brjóstgjafafatnað en Anna María segir fötin ekki endilega einskorðast við ófrískar konur.

„Öll fötin okkar passa vel alla meðgönguna og eftir hana líka og alveg eins á konur sem ekki eru ófrískar.“ Brjóstgjafafatnaðurinn er þannig hannaður að auðvelt er að gefa brjóst án þess að sjáist í bert og meðgöngubuxurnar og pilsin eru með mjúkum streng upp á bumbuna sem teygist með bumbunni alla meðgönguna. Allir kjólar og bolir eru líka þannig hannaðir að það er pláss fyrir vaxandi bumbu. „Okkar meginstefna í innkaupum er að panta inn þægileg föt á viðráðanlegu verði svo konur geti verið glæsilegar

á meðgöngunni og eftir hana, án þess að það kosti mikil fjáruútlát,“ segir Anna María.

„Við eigum allt frá gallabuxum og upp í ballkjóla og einnig mikið úrval af sokkabuxum í mörgum litum og leggings. Úrvalið af gjafahöldurum í öllum stærðum er gott og hjá okkur fást meðgöngusundföt og aðrar stuðningsvörur við meðgöngu. Við erum einnig með brjóstgjafapúða og burðarsjól.“

Anna María segir íslenska foreldra nota taubleiur í auknum mæli og kemur Móðir Kona Meyja til móts við þarfir þeirra. „Við erum eina búðin sem býður upp á taubleiur í verslun og alla þjónustu kringum þær. Hér getur fólk fengið að vita allt um taubleiur en íslenskir foreldrar eru mjög áhugasamir um umhverfisvænar bleiur. Fólk kemur hingað bæði gagnert til að skoða taubleiur en við fáum líka fólk hér inn sem hefur aldrei séð taubleiur áður og kaupir eina til að prófa og kemur svo aftur.“



VINSÆLAR TAUBLEIUR „Hér getur fólk fengið að vita allt um taubleiur og íslenskir foreldrar eru mjög áhugasamir um umhverfisvænar bleiur.“
VEFVERSLUN Móðir Kona Meyja er líka með vefverslun sem sendir sendir frítt um allt land á www.mkm.is.



BETTER VIEW Mynstrin í rúllugardínu sótt til útsýnis yfir stórborgir. Hægt er að fá útsýni yfir París, Tókyó, Helsinki, Berlín og Stokkhólm.

AALTO SÝNIR

FINNSK HÖNNUN Hjónin Klaus og Elina Aalto reka saman hönnunarstofuna Aalto+Aalto. Þau sýna hönnun sína í Grettisborg á HönnunarMars.

Það er alltaf verið að spyrja okkur að þessu, en við erum ekkert skyld Alvar Aalto. En fólk um allan heim tengir nafnið bæði við Finnland og við hönnun, svo kannski má segja að það komi okkur vel,“ segja finnsku hönnuðirnir og hjónin Elina og Klaus Aalto en þau taka þátt í HönnunarMars næstu helgi.

Þau hanna undir merkinu Aalto+Aalto og munu meðal annars sýna lampa, ferðagrill, herðatré og töskur sem þau hanna úr notuðum segldúkum. Þau segjast hanna hluti til daglegra nota sem bæði hafi notagildi og fagurfræðilegt gildi. „Við viljum að hlutirnir okkar séu sérstakir, með sterk karaktereinkenni og einhverja sögu á bak við sig,“ segja þau.

En þekja þau til íslenskrar hönnunar? „Okkur finnst íslensk hönnun hafa orðið sýnilegri á síðustu tíu árum. Við skoðuðum sýningar íslensku hönnuðanna sem sýndu í Stokkhólmi og í Helsinki og þá var Ísland með í aðalsýningu World Design Capital í Helsinki síðastliðið haust, Everyday discoveries, en við sáum um hönnun þeirra sýningar. Okkur finnst íslensk hönnun fersk og hafa sterkt og sérstakt yfirbragð. Í mörgum tilfellum er íslensk hönnun mjög nálægt myndlist, hvað varðar hugmyndafræði. Okkar eigin hönnun er á svipuðum nótum og við höfum mikinn áhuga á að fylgjast með íslenskri hönnun.“

Þetta verður fyrsta heimsókn Klaus til Íslands en hann segir það lengi hafa verið draum sinn að heimsækja landið frá því hann var krakki. „Ég er svakalega spenntur. Elina ferðaðist til Íslands með fjölskyldu sinni fyrir þrjátíu árum en talar enn þá um það hvað ferðin var ævintýraleg og skemmtileg. Við ætlum að taka börnin okkar með og vonandi náum við að ferðast eitthvað aðeins út fyrir Reykjavík og sjá náttúruna aðeins.“

Hönnun Aalto+Aalto verður sýnd í Grettisborg, Grettisgötu 53. HönnunarMars fer fram dagana 14. til 17. mars.

■ heida@365.is



CARRY Töskur sem saumaðar eru úr endurunum segldúk fyrir SavetheC.



AALTO+AALTO Hjónin Elina og Klaus Aalto mæta á HönnunarMars og sýna hönnun sína í Grettisborg.

MYND/AALTO+AALTO

MATRIX

IMAGINE ALL YOU CAN BE

MATRIX Á TILBOÐI

Þú færð TOTAL RESULT vörurnar frá Matrix með 20% afslætti í mars

MATRIX IMAGINE ALL YOU CAN BE MATRIX total results

Eingöngu selt á hársnyrtistofum



MAJA Barnakona eftir Elinu og Klaus. Innblásturinn sóttu þau til trékoða.

Java forritun - Spring / Hibernate

Við óskum eftir að komast í samband við reynda Java forritara sem hafa náð góðum árangri í starfi og langar að leita nýrra tækifæra.

Áhugaverð tækifæri í boði

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði eða sambærileg menntun
- Haldgóð starfsreynsla í Java með áherslu á bakendaforritun

Umsóknarfrestur er til og með 17. mars nk. Umsókn ásamt ferilskrá óskast fyllt út á www.intellecta.is. Nánari upplýsingar um starfið veita Torfi Markússon (torfi@intellecta.is) og Ari Eyberg (ari@intellecta.is) í síma 511 1225. **Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað.**

Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225

intellecta

■ ráðgjöf ■ ráðningar ■ rannsóknir

AGA

ÍSAGA var stofnað árið 1919 í samstarfi við AGA, sem eignaðist meirihluta í fyrirtækinu 1991. Árið 1999 var AGA keypt af Linde frá Þýskalandi sem er eitt stærsta gasfyrirtæki heims með starfsemi í yfir 100 löndum og 50 þúsund starfsmenn. ÍSAGA ehf hefur aðsetur að Breiðhöfða í Reykjavík. Þar eru súrefnis- og köfnunarefnis verksmiðja fyrirtækisins, áfyllingastöð, skrifstofa, verslun o.fl. Einnig rekur ÍSAGA koldíoxíð- verksmiðju að Hæðarenda í Grímsnesi. Þess utan er ÍSAGA ehf með 7 afgreiðslustaði víðsvegar um landið. Hjá fyrirtækinu starfa um 28 manns. Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess www.aga.is

Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Helga Rún Runólfssdóttir (helga@intellecta.is) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 18. mars nk. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. **Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá.

Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225

Áfylling og afgreiðsla gashylkja

ÍSAGA ehf. óskar eftir að ráða tvo duglega einstaklinga til starfa við áfyllingu og afgreiðslu á gashylkjum.

Starfssvið

- Móttaka viðskiptavina
- Áfylling og afgreiðsla á hylkjum til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana
- Ferma og afferma bíla á lyftara

Hæfniskröfur

- Reynsla af sambærilegu starfi er æskileg
- Samvirkusemi, þjónustulund og dugnaður
- Almenn tölvukunnátta
- Lyftarapróf er æskilegt (annars mun fyrirtækið senda viðkomandi á námskeið til að taka prófið)
- Geta til að vinna sjálfstætt og með öðrum
- Reynsla af logsuðuvinnu er kostur

intellecta

■ ráðgjöf ■ ráðningar ■ rannsóknir



UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Ráðuneytið fer með mál er varða m.a. náttúruvernd, friðlýsingar, veiðistjórn, mengunarvarnir, loftslagsmál, líffræðilega fjölbreytni, skógrækt, landgræðsla, skipulagsmál og fræðsla á sviði umhverfismála.

Starfsmenn umhverfis- og auðlindaráðuneytisins eru 40 og skiptist starfsemi þess í fjórar skrifstofur: skrifstofu landgæða, skrifstofu hafs, vatns og loftslags, skrifstofu umhverfis og skipulags og skrifstofu fjármála og rekstrar.

Nánari upplýsingar um ráðuneytið má finna á heimasíðu þess www.umhverfisraduneyti.is

Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Helga Rún Runólfssdóttir (helga@intellecta.is) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 2. apríl nk. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. **Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar.

Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225

Sérfræðingur

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið óskar eftir að ráða sérfræðing á skrifstofu fjármála og rekstrar

Helstu verkefni

- Rekstar- og fjárhagsáætlanir og kostnaðareftirlit
- Hagkvæmnisútreikningar vegna rekstrar og endurskipulagningar
- Þátttaka í stefnumótun
- Önnur verkefni á skrifstofu fjármála og rekstrar

Menntunar- og hæfniskröfur

- Viðskiptafræði eða sambærileg menntun
- Skipulögð vinnubrögð og sjálfstæði í starfi
- Góð samskiptahæfni
- Gott vald á talaðri og ritaðri íslensku
- Góð kunnátta í ensku er skilyrði og kunnátta í einu Norðurlandamáli er æskileg
- Reynsla og þekking á sviði opinberrar stjórnsýslu er æskileg

Samkvæmt jafnréttisstefnu Stjórnarráðsins eru konur jafnt sem karlar hvattar til að sækja um.

intellecta

■ ráðgjöf ■ ráðningar ■ rannsóknir

Capacent Ráðningar

FRAMKVÆMDASTJÓRI



Eldfjallahúsið ehf er fyrirtæki í ferðaþjónustu. Það samanstendur af kvikmyndahúsi sem sýnir kvikmyndir frá eldgosum á Íslandi, kaffihúsi, minjagripaverslun og sölu á ferðum til ferðamanna.

Eldfjallahúsið ehf. leitar að framkvæmdastjóra í fjölbreytt starf. Leitað er að hugmyndaríkum og metnaðarfullum einstaklingi sem býr yfir miklu frumkvæði.

Starfssvið:

- Daglegur rekstur og stjórnun fyrirtækisins
- Starfsmannahald
- Markaðssetning og vörubrúun
- Samskipti við innlenda og erlenda samstarfsaðila
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í viðskipta- eða markaðsfræði eða sambærilegt próf
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Þekking og reynsla úr ferðaþjónustunni kostur
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum, góð framkoma og rík þjónustulund
- Góð íslensku- og enskukunnáttu í ræðu og riti

Umsóknarfrestur er til og með 19. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) og Elín Friðjónsdóttir (elin.fridjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

FORSTÖÐUMAÐUR

Samskip óska eftir að ráða forstöðumann innflutningsdeildar fyrirtækisins.

Forstöðumaður ber ábyrgð á sölu- og markaðsstefnu innflutningsdeildar.

Starfssvið

- Leiðtogi innflutningsdeildar
- Samskipti við viðskiptavinum
- Samningagerð
- Samskipti við erlenda samstarfsaðila
- Markaðs- og söluáætlanir

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leiðtogahæfni og framsýni – a.m.k. 5 ára stjórnunarreynsla
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi t.d. viðskiptafræði, verkfræði eða sambærilegt, meistaranám er kostur
- Viðtæk þekking á íslensku viðskiptalífi
- Afburða samskiptafærni
- Góð íslenska og enska í ræðu og riti
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri
- Framsækni og árangursdrifni

Umsóknarfrestur er til og með 17. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfina á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veita Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Elín Friðjónsdóttir (elin.fridjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Samskip eru flutningafyrirtæki með starfsstöðvar víða um heim. Starfsfólk Samskipa býður viðskiptavinum faglega ráðgjöf og heildarlausnir á sviði flutninga- og flutningatengdrar þjónustu. Við höfum á að skipa fjölbreyttum hópi starfsfólks sem vinnur ávallt með frumkvæði, samheldni og þekkingu að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf og tækifæri til starfsþróunar. Öryggis- og heilbrigðismál starfsfólks eru í fyrirrúmi og bjóðum við upp á fyrirmyndar vinnuástöðu.

samskip

Saman náum við árangri

www.vinna.is

Capacent Ráðningar

MARKAÐSFULLTRÚI



Ásbjörn Ólafsson ehf. var stofnað árið 1937. Fyrirtækið sérhæfir sig í innflutningi, sölu og dreifingu á matvörum, sælgæti, búsáhöldum og bílahreinsivörum. Hjá fyrirtækinu starfa 40 manns.

Ásbjörn Ólafsson ehf. óskar eftir að ráða öflugan og áráðinn einstakling í starf markaðsfulltrúa.

Starfssvið:

- Þátttaka í markaðsáætlanagerð, framkvæmd og eftirfylgni
- Samskipti við auglýsingastofu, framleiðendur, birgja og miðla
- Uppsetning á markaðs-, sölu- og kynningarefni
- Skýrslugerð, markaðsrannsóknir og viðskiptavinagreininga

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun í markaðs- eða viðskiptafræði skilyrði
- Reynsla af markaðsstarfi kostur
- Kunnátta í Photoshop, Illustrator eða sambærilegum forritum mikill kostur
- Frumkvæði í starfi og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Umsóknarfrestur er til og með 17. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Verkefnastjóri þjónustumála

VÍS leitar að kraftmiklum og metnaðarfullum einstaklingi til að stýra fjölbreyttum og skemmtilegum verkefnum á sviði þjónustumála.

Verkefnastjóri þjónustumála heyrir beint undir framkvæmdastjóra sölu- og þjónustusviðs og hefur umsjón með þjónustugæðum í fyrirtækinu í heild.

Nánari upplýsingar veita Agla Sigríður Björnsdóttir (agla.bjornsdottir@capacent.is) og Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 17. mars nk. og skulu umsækjendur sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.

capacent

VÍS er nútímalegt þjónustufyrirtæki með 41 þjónustuskrifstofu víðsvegar um landið. Markmið VÍS er að vera alltaf í fremstu röð tryggingafélaga á Íslandi og er ánægja starfsfólks og viðskiptavina lykilatriði í velgengni félagsins. Hjá VÍS starfar framúrskarandi hópur einstaklinga sem saman myndar sterka liðsheild. Mikil áhersla er lögð á að skapa starfsfólki gott starfs- umhverfi og aðstoðu til að veita viðskiptavinum góða þjónustu. VÍS vill fella starfsfólki störf við hæfi, þannig að hæfileikar þess og frumkvæði fái notið sín við áhugaverð og krefjandi verkefni.

VÍS | ÁRMÚLA 3 | 108 REYKJAVÍK | SÍMI 560 5000 | VIS.IS

Starfssvið:

- Samvinna við allar deildir fyrirtækisins um innri og ytri þjónustu
- Rýna og bæta þjónustuferla í samstarfi við gæðadeild
- Skipulagning og eftirfylgni úrbótaverkefna sem snúa að þjónustu
- Skipulag, umsjón og gerð þjónustukannana og mælinga

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af þjónustustjórnun hjá stærra fyrirtæki æskileg
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulagshæfileikar
- Reynsla af verkefnastjórnun kostur

VÍS

Capacent Ráðningar

KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS

capacent

LAUS STÖRF HJÁ SELFOSSEIÐ



Selfossveitur reka hita- og vatnsveitu Sveitarfélagsins Árborgar. Fyrirtækið er til húsa að Austurvegi 67.

Selfossveitur óska eftir tveimur starfsmönnum á sviði hita og vatnsveitu til starfa sem fyrst.

Starfið heyrir undir verkstjóra vatns- og hitaveitu.

Ábyrgðar og starfssvið:

Hita- og vatnsveita:

- Öll almenn störf vegna nýframkvæmda, viðhalds, reksturs og þjónustu. Verkpættir eru m.a. við:
 - Vatns- og orkuöflun
 - Rekstur dælu- og stjórnstöðvar
 - Dreifingu
 - Þjónustu
- Starfsmaður vinnur bakvaktir utan venjulegs dagvinnutíma og sinnir vaktþjónustu/bilanaþjónustu:
 - Móttaka bilanatilkyninga frá vaktkerfi og notendum. Úrvinnsla þeirra og skráning.
 - Eftirlit með rekstri veitukerfanna

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Iðnmenntun á sviði málmiðngreina og/eða aðra menntun sem nýttist í starfi
- Reynsla af verklegum framkvæmdum
- Æskilegt er að viðkomandi hafi þekkingu og reynslu af rekstri dælukerfa og dælustöðvum, notkun stýribúnaðar og skjámynda-kerfa
- Hafi góða þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skipulagshæfni
- Ensku og tölvu kunnáttu æskileg

Færari upplýsingar um starfið veita Jón Tryggvi Guðmundsson, framkvæmda- og veitustjóri eða Þorfinnur Snorrason verkefnastjóri, í síma 480 1500 á skrifstofutíma. Umsókn þarf að berast í síðasta lagi 15. mars n.k. á netfangið jont@arborg.is.

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið.

Viltu vinna að betri heimi? Sumarstarf hjá Amnesty International

Skemmtilegt, gefandi og vel launað starf. Mannréttindasamtökin Amnesty International óska eftir að ráða starfsfólk í kynningar á sms aðgerðaneti okkar á götum úti. Við leitum að opnum, jákvæðum og ábyrgum einstaklingum, sem hafa áhuga á mannréttindum.

Upplýsingar gefur Torfi Jónsson verkefnastjóri (tgj@amnesty.is)



munnharpan
brasserie

Munnharpan veitingahús í Hörpu auglýsir eftir matreiðslumanni.

Aðili með mjög mikla reynslu úr eldhúsi kæmi einnig til greina í starfið. **100% starf.**

Umsóknir með ferilskrá sendist á jakob@munnharpan.is

Hægt er að hringja í síma 528 5111 til að fá nánari upplýsingar.



Orkuveitan er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið hefur það að markmiði að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi og vinnuumhverfi og möguleika starfsfólks til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð.

Einstaklingar af báðum kynjum eru hvattir til að sækja um störf.

Sumarstörf

Orkuveita Reykjavíkur vill ráða ungt fólk til sumarstarfa. Um er að ræða almenn sumarstörf og sérverkefni fyrir háskólanema.

Umsækjendur um sumarstörf skulu vera fæddir 1996 eða fyrr.

Umsóknarfrestur um sumarvinnu er til 26. mars 2013.

Allar nánari upplýsingar eru á www.or.is



HAGSÝNI – FRAMSÝNI – HEIÐARLEIKI

ISLENSKA SÍA.IS/ORK 6.3354.03/13

mengunareftirlit

Hjá Umhverfisstofnun er laust til umsóknar starf sérfræðings við eftirlit með mengandi starfsemi.

Í boði er starf hjá stofnun þar sem að leiðarljósi eru höfð fagmennska, samvinna, framsýni og virðing.

Gerð er krafa um háskólapróf á sviði náttúruvísinda eða verkfræði. Framhaldsmenntun í umhverfisfræðum eða framangreindum greinum og / eða reynsla af sambærilegri stjórnáslu er æskileg.

Ítarlegri upplýsingar um starfið, hæfniskröfur og umsóknarfrest er að finna á starfatorg.is og umhverfisstofnun.is/storf



Framkvæmdastjóri

Fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða í starf framkvæmdastjóra. Fyrirtækið er í matvælaíðnaði, ársveltan er um 900 milljónir og starfsmenn eru um 30. Viðkomandi hafi haldbæra reynslu af rekstri og stjórnun og hæfileika til að greina framtíðarmöguleika og viðskiptatækifæri.

Helstu verkefni

- Dagleg stjórnun og yfirumsjón með rekstri fyrirtækisins
- Framkvæmd og eftirfylgni við stefnu fyrirtækisins í framleiðslu og markaðsmálum
- Samskipti og samningagerð við viðskiptavinum, birgja og aðra samstarfsaðila
- Frumkvæði í vöruþróun

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýttist í starfi
- Þekking og reynsla af stjórnun framleiðslufyrirtækis er augljós kostur
- Reynsla af skipulagðri og árangursríkri markaðssetningu er mikill kostur
- Þekking og reynsla af innkaupum og samskiptum við erlenda og innlenda birgja er kostur
- Stjórnunar- og leiðtogaþæfileikar með áherslu á frumkvæði, samskiptahæfni og skipulagð vinnubrögð
- Sjálfbærni og frumkvæði í starfi eru nauðsynlegir kostir

Upplýsingar veita:

Þórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is

Sverrir Briem
sverrir@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 20. mars nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is ásamt fylgigögnum.



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is



Starfsfólk óskast

Auglýsum eftir starfsfólki við bílaþrif. Áhugasamir sendi tölvupóst með upplýsingum á starf@spass.is

Matreiðslumaður

Óskum eftir að ráða matreiðslumann fyrir komandi sumar.

Útsjónarsamur og samvinnufús einstaklingur, sem hefur yfirumsjón með eldhúsi, matvælum og innkaupum. Þarf að hafa gaman, að því að vinna í sveitasælunni.

Áhugasamir sendið nafn og ferilskrá á julli@hreppnasi.is



STAY APARTMENTS

Stay Apartments óskar eftir þernum og smíð í fulla vinnu á íbúðarhótel í 101 og 105.

Þernur

Stay Apartments getur bætt við sig tveim stundvísam, drífandi, sjálfstæðum þernum. Reynsla að þrifum æskileg. Mikil vinna í boði.

Smíður

Stay Apartments óskar eftir að ráða smíð í fullt starf. Starfið fellst bæði í viðhaldsvinnu á 58 íbúðum í hótélrekstri ásamt stærri framkvæmdum.

Vinsamlegast sendið umsóknir með ferilskrá á halldor@stay.is fyrir 14. mars.

Umsjónarmaður Sjálfsbjargarheimilisins



Auglýst er eftir umsjónarmanni fasteignar í fullt starf. Helstu verkefni starfsmanns eru að sjá um viðhald í Sjálfsbjargarhúsinu að Hátúni 12 Reykjavík, annað hvort með því að sinna því sjálfur eða kalla iðnaðarmenn til verka.

Leitað er að hæfileikaríkulum starfsmanni með iðnmenntun sem nýtist í starfið. Umsækjandi þarf að búa yfir mikilli reynslu og færni í mannlegum samskiptum, enda hlutverk starfsmanns að mæta óskum og þörfum íbúa, starfsmanna og annarra þeirra sem leita eftir þjónustu á Sjálfsbjargarheimilinu. Gert er ráð fyrir ráðningu hið fyrsta.

Frekari upplýsingar veitir Tryggvi Friðjónsson framkvæmdastjóri í síma 899 0065. Tölvupóstur: tryggvi@sbh.is Umsóknarfrestur er til 2. apríl 2013. Umsóknum skal skilað í tölvupósti á framangreint pósthaf, ásamt ferilskrá og greinargerð er lýsir hvers vegna umsækjandi sækir um starfið og hví hann telur sig til þess fallinn að gegna því.

Helstu starfsemiþættir á vegum Sjálfsbjargarheimilisins eru: Búseta, þjónustumiðstöð, þekkingarmiðstöð, eldhús, endurhæfingaríbúð og sundlaug. Öll starfsemin fer fram í Sjálfsbjargarhúsinu að Hátúni 12, Reykjavík.



Laus störf hjá Fjárvakri – fjármálaþjónustu, dótturfélagi Icelandair Group

Fjárvakur sérhæfir sig í umsjón verkferla sem tilheyra fjármálasviði fyrirtækja og býður fyrirtækjum allt frá heildarlausnum til afmarkaðra verkefna á því sviði. Helstu verkferlar eru umsjón bókhalds, fjárhagsuppjör, innheimta, greiðsla reikninga, kostnaðareftirlit, fjármálastjórn, launavinnsla og önnur starfsmannaþjónusta. Hjá fyrirtækinu á Íslandi starfa um 60 manns sem búa yfir áralangri reynslu af rekstri fjárhagskerfa og framleiðslu fjárhagsupplýsinga sem uppfylla ströngustu kröfur stjórnenda. Mikil áhersla er lögð á að veita viðskiptavinum ávallt framúrskarandi þjónustu.

Viðskiptavinir okkar eru stór alþjóðleg fyrirtæki og stofnanir með samanlagða veltu vel yfir 100 milljarða króna og með rúmlega 4 þúsund starfsmenn. Aðsetur félagsins er í Icelandair-húsinu við Reykjavíkflugvöll. Nánari upplýsingar er að finna á www.fjarvakur.is.

Fjárvakur leitar eftir metnaðarfullum, áhugasömum og duglegum einstaklingum í spennandi og krefjandi störf. Boðið er upp á gott starfsumhverfi, þægilega starfsaðstöðu og tækifæri til þróunar í starfi. Lögð er áhersla á að viðkomandi hafi mikla þjónustulund og geti unnið sjálfstætt.

Verkefnastjórar í upplýsingatæknideild

Upplýsingatæknideild félagsins þjónustar rúmlega 400 notendur út um allan heim. Leitað er að starfsmönnum í tvö störf.

STARFSLÝSING

- II Dagleg þjónusta við notendur fjárhagskerfa
- II Uppsetningar og þróun fyrirliggjandi fjárhagskerfa
- II Þróun nýrra lausna
- II Verkefnastjórn í innleiðingu nýrra lausna
- II Önnur tilfallandi verkefni innan upplýsingatæknideilda

HÆFNIKRÖFUR

- II Mjög góð þekking og reynsla af SQL gagnagrunnum
- II Grunnþekking á bókhaldi og fjármálum
- II Reynsla af verkefnastjórnun og innleiðingu fjárhagskerfa
- II Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- II Mikil þjónustulund og færni í samskiptum

SÉRSTAKAR HÆFNIKRÖFUR VERKEFNASTJÓRA I

- II Mjög góð þekking og reynsla af vefforritun (netforritun+MS umhverfi)

SÉRSTAKAR HÆFNIKRÖFUR VERKEFNASTJÓRA II

- II Mjög góð þekking og reynsla af Dynamics AX
- II Þekking á birgðahaldi og innkaupum

Starfsmaður í endurgreiðsludeild

STARFSLÝSING

- II Úrvinnsla á endurgreiðslubeiðnum frá viðskiptavinum vegna ónotaðra flugskjala
- II Almenn verkefni í endurgreiðsludeild tekjubókhalds

HÆFNIKRÖFUR

- II Góð þekking á farseðlaútgáfu og á fargjaldareglum
- II Góð þekking á Amadeus bókunarkerfinu
- II Mjög góð enskukunnátta
- II Góð almenn tölvukunnátta

NÁNARI UPPLÝSINGAR:

Halldóra Katla Guðmundsdóttir, starfsmannastjóri ■ dora@fjarvakur.is
Umsóknir óskast fylltar út á www.fjarvakur.is/lausstorf eigi síðar en 20. mars nk.

FJARVAKUR – FJÁRMÁLAPJÓNUSTA EHF.
REYKJAVÍKURFLUGVELLI | 101 REYKJAVÍK
SÍMI 50 50 250 | FAX 50 50 259
FJARVAKUR@FJARVAKUR.IS | WWW.FJARVAKUR.IS



Verkefnastjóri

Austurbrú ses. er sjálfseignarstofnun byggð á grunni þekkingarnets Austurlands, Þróunarfélags Austurlands, Markaðsstofu Austurlands og Menningarráðs Austurlands. Auk þess annast Austurbrú daglegan rekstur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi. Stofnunin er með sex starfsstöðvar á Austurlandi og yfir 20 starfsmenn. Sjá nánar á www.austurbru.is.



Austurbrú auglýsir eftir verkefnastjóra á atvinnuþróunarsviði með starfsstöð á Egilsstöðum/Reyðarfirði.

Hæfniskröfur:

- Frumkvæði í starfi og hæfni til að vinna í hóp
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Önnur starfsreynsla sem nýtist í starfi
- Reynsla af styrkjaumsóknum æskileg

Umsóknarfrestur er til og með 24. mars og viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknir skal senda ásamt ferilskrá á netfangið austurbru@asturbru.is. Öllum umsóknum verður svarað.

Nánari upplýsingar veita:

Ásta Kristín Sigurjónsdóttir asta@asturbru.is sími: 470-3825

þekking - þróun - þjónusta

Apartment K Night Porter

Job description

Applicant will be responsible for the smooth, efficient running and security of the hotel during the night. Duties will include portering, security, reception, laundry assisting staff and guests in any way possible.

The ideal applicant will be able to lead by example, have excellent customer service skills and be able to work in a team or on own initiative.

Salary is according to union agreement.

Please sent your c.v. to sales@apartmentk.is

Starfsfólk óskast

Nýlegur veitingastaður í miðbæ Reykjavíkur óskar eftir starfsfólki í eftirfarandi stöður:

1. Yfirmatreiðslumanni
2. Þjónn með reynslu í stöðu vaktstjóra

Áhugasamir vinsamlegast sendið umsókn á box@frett.is merkt: „veitingastaður“

Nordisk Råd søger

Rådsdirektør til sekretariat i København

Stillingen som Rådsdirektør i Nordisk Råd bliver ledig fra 1. januar 2014. Rådsdirektøren leder sekretariatet som betjener Nordisk Råd. Vi søger en erfaren og dygtig leder med visioner for det nordiske samarbejde. Politisk erfaring vil der blive lagt vægt på. Nordisk Råd blev etableret i 1952. Rådet har 87 valgte medlemmer fra Danmark, Finland, Island, Norge, Sverige, Færøerne, Grønland og Åland. Sekretariatet for Nordisk Råd er lokaliseret sammen med Nordisk Ministerråds sekretariat i København.

Ansøgningsfristen for stillingen er 1. april 2013.
Gå til www.hodejerner.no for at søge tjestensten.

Læs mere om stillingen og kontaktoplysninger på www.norden.org eller www.hodejerner.no



Nordisk Råd

Ved Stranden 18
DK-1061 København K

Alhliða ferðaþjónusta í faðmi fjalla óskar eftir starfsfólki í eftirfarandi stöður:

• Matreiðslumaður/kokkur

Þarf að vera snyrtilægur, skipulagður með góða tilfinningu fyrir þjóðlegri matargerð og lipurð í mannlegum samskiptum.

• Leiðsögumaður/landvörður með leigubílaréttindi

Gott vald á ensku skilyrði ásamt því að hafa góða tilfinningu fyrir náttúrunni og þörfum fólks af ólíkum uppruna. Þarf einnig að vera léttur í lund og áráðanlegur.

Leiðsöguréttindi æskileg en ekki nauðsynleg.

• Ráðskona

Þarf að vera fjölhæf, snyrtilæg og glaðlynd umfram allt, ásamt því að geta bakað íslenskt bakkelsi s.s. brauð, kleinur, ástar-punga og fleira góðgæti.

Ferðaþjónustan samanstendur af gistingu, dagsferðum, og veitingasölu í fögru umhverfi, þar sem snortur sauð- og geitfjárbú blómstrar í bland við ferðamanninn.

Fríðindi: Frítt fæði og húsnæði á vinnutímabili.

Áhugasamir sendið umsóknir á: fjalladyrd@fjalladyrd.is



Fræðslusetrið Starfsmennt er samstarfsvettvangur fjármála- og efnahagsráðuneytisins og stéttarfélaga innan BSRB um sýmenntun, ráðgjöf og starfsþróun opinberra starfsmanna. Setrið þróar og heldur utan um starfstengt nám um allt land í viðtæku samstarfi og veitir stofnunum ráðgjöf á sviði mannauðsefilingar.

Rafrænar umsóknir ásamt náms- og starfsferilskrá skulu berast á smennt@smennt.is fyrir 27. mars. Upplýsingar um starfsemi og hlutverk Starfsmenntar má finna á heimasíðu setursins og hjá framkvæmdastjóra.

Mannauðsráðgjafi

Fræðslusetrið Starfsmennt auglýsir eftir mannauðsráðgjafa til að vinna með stofnunum að eflingu mannauðsstjórnunar. Starfið felst í ráðgjöf og fræðslu sem miðar að því að efla starfsþróunarmöguleika, starfsánægju og starfsumhverfi og bæta þannig starf stofnana. Um er að ræða nýtt starf vegna aukinna verkefna setursins á þessu sviði.

Starfssvið:

- Vinnustaðahéimsóknir og ráðgjöf við stofnanir
- Stuðningur við aðferðir mannauðsstjórnunar
- Ráðgjöf og fræðsla til stjórnenda og starfsmanna
- Kynningar- og markaðsstarf
- Þátttaka í innlendum og erlendum þróunarverkefnum

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í mannauðsstjórnun eða skyldum greinum
- Haldbær starfsreynsla á sviði mannauðsmála
- Þekking á aðstæðum stjórnenda í opinberum rekstri er kostur
- Gott vald á íslensku og ensku
- Mjög góðir samskiptahæfileikar
- Góð tölvufærni



LIFUM - LÆRUM



Viltu þjóna flugi með okkur?

Isavia óskar eftir að stækka hóp sinna frábæru starfsmanna. Okkur vantar markaðsstjóra, sérfræðing í mannauðsmálum, deildarstjóra eignaumsýslu og verk- eða tæknifræðing.

Markaðsstjóri Isavia

- Leitað er að kraftmiklum og hugmyndaríkum einstaklingi með reynslu af markaðsmálum. Markaðsstjóri mun taka þátt í að móta stefnu í markaðs- og ímyndarmálum. Gerð er krafa um háskólamenntun á sviði viðskipta- og/eða markaðsfræði.

Sérfræðingur í mannauðsmálum

- Við óskum eftir öflugum sérfræðingi á sviði mannauðsmála í starfsmannþjónustu Isavia. Reynsla af mannauðsmálum og háskólamenntun sem nýtist í starfi er skilyrði.

Verk- eða tæknifræðingur

- Starfið felst í verkefnastjórn, skýrslugerð og utanumhaldi um framkvæmda- og fjárfestingarverkefni í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Verk- eða tæknifræðimenntun og góð þekking á Autocad, Revit og Microsoft Project er nauðsynleg.

Deildarstjóri eignaumsýslu

- Ábyrgð á viðhaldi og fasteignarekstri Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar ásamt daglegri stjórnun á viðhalds- og tæknieiningum. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi með reynslu af stjórnunarstörfum og háskólamenntun á sviði byggingarverkfræði, byggingartæknifræði eða sambærilega menntun.

Nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð er að finna á www.isavia.is/atvinna.
Umsóknarfrestur er til og með 28. mars 2013.

FYLGIST MEÐ LAUSUM STÖRFUM HJÁ ISAVIA Á WWW.ISAVIA.IS/ATVINNA



Gildi Isavia eru öryggi, þjónusta og samvinna

Hjá Isavia starfa um 650 manns. Helstu verkefni fyrirtækisins eru umsjón með uppbyggingu og rekstri flugvalla og að veita flugleiðsöguþjónustu fyrir innanlandsflug, jafnt sem millilandaflug, auk yfirflugsþjónustu fyrir Norður-Atlantshafið. Isavia leggur áherslu á jafnan rétt karla og kvenna til starfa.



STÖRF HJÁ GARÐABÆ

Hofstaðaskóli

- Umsjónarkennarar á yngsta stig og miðstig fyrir næsta skólaár.
- Skólaliði frá 1. apríl 2013. Um er að ræða 65% starf.

Nýtt hjúkrunarheimili á Sjálandi

- Umsjónamaður fasteigna.
- Sjúkraliðar.
- Hjúkrunarfræðingar.


Leikskólinn Akrar

- Matráður í 100% starf frá 1. apríl 2013.
- Aðstoðarmaður matráðs í 75% starf.

Forstöðuproskajálfi á skammtímavistun

- Garðabær óskar eftir að ráða metnaðarfullan einstakling í starf forstöðuproskajálfa á skammtímavist að Móafliöt 24.

Nánari upplýsingar á vef Garðabæjar
www.gardabaer.is



Fagmennska – Þekking – Upplifun

Te & Kaffi er framsækið íslenskt fjölskyldufyrirtæki. Stofnað og rekið af sömu fjölskyldunni síðan 1984. Lífligt vinnuumhverfi, gott starfsöryggi og frábært starfsfólk! Hjá okkur starfa yfir 100 manns í framleiðslu, eldhúsi, á þjónustuverkstæði, skrifstofu og kaffihúsum.

Skrifstofustarf á þjónustuborði

Hæfniskröfur:

Reynsla af skrifstofustörfum, þekking á DK hugbúnaði æskileg (ekki skilyrði), góð þjónustulund og jákvætt hugarfar.

Starfslysing: Símsvörun, umsjón með kaffistofu, móttaka og reikningagerð.

Aldurstakmark 25 ár og um er að ræða framtíðarstarf.

Fyrirspurnum svarar :

Guðmundur Halldórsson, sölustjóri í síma 555-1910 eða á netfangið atvinna@teogkaffi.is

Umsóknir ásamt ferilskrá óskast sendar á netfangið atvinna@teogkaffi.is



100% ARABICA



SLOW ROAST

veljum
íslenskt

gæðakaffi
síðan 1984

teog
kaffi.is



TE & KAFFI

Sérfræðingur í skjalastjórnun

Starfið tilheyrir gæðastjórnunareiningu Corporate Quality Systems innan Actavis, sem sér um samræmingu gæðamála innan Actavis samstæðunnar, metur stöðu gæðamála og aðstoðar við gæðaumbætur. Starfið er í Corporate Documentation deild innan sviðsins, sem sér um skjalastjórnun, og er viðkomandi í miklum samskiptum við aðrar einingar Actavis, víðsvegar um heiminn.

Helstu verkefni:

- Umsjón, útgáfa og vinna í rafrænu skjalastjórnunarkerfi, þ.á.m. uppsetning skjala og önnur umsjón
- Virk þátttaka í ýmsum verkefnum sem tilheyra einingunni
- Almenn skrifstofuvinnu og annað tilfallandi

Við leitum að einstaklingi

- með háskólamenntun sem nýttist í starfi
- með mjög góða ensku- og tölvukunnáttu
- sem býr yfir hæfileikum í textagerð á ensku og íslensku
- sem er fljótur að tileinka sér ný vinnubrögð og þekkingu
 - með þekkingu á GMP (ekki skilyrði en kostur)
 - sem býr yfir hæfni í mannlegum samskiptum

Ferilskrár
fyrir þetta
starf þurfa að
vera á ensku

Tæknimaður

Tæknideild er hluti af starfsemi Actavis hf. og sér um viðhald og eftirlit með tækjabúnaði í verksmiðju og rannsóknarstofu fyrirtækisins, sem staðsett er í Hafnarfirði. Öll viðhaldsvinna er skráð í þjónustuskýrslur/ viðhaldsforrit. Unnið er á tvískiptum vöktum; dag- og kvöldvöktum auk bakvakta.

Helstu verkefni:

- Fyrirbyggjandi viðhald, viðgerðir, eftirlit og breytingar á tækjabúnaði framleiðslu- og rannsóknarsviðs
- Þátttaka í uppsetningu á fyrirbyggjandi viðhaldi og nýjum tækjabúnaði
- Skiptingar á milli vörutegunda og uppstart á þökkunarlinum
- Þátttaka í gildingarvinnu og kvörðunum á tækjabúnaði Actavis

Við leitum að einstaklingi

- með vélfræði- eða vélvirkjamenntun
- með reynslu af viðgerðum á vélbúnaði, stýringum og rafbúnaði (nauðsynlegt)
- sem býr yfir hæfni í mannlegum samskiptum, nákvæmni, sjálfstæði í vinnubrögðum og frumkvæði
 - með góða ensku- og tölvukunnáttu

Hjá Actavis bjóðum við upp á:

- snyrtilegan og öruggan vinnustað
- fjölskylduvænt starfsumhverfi
- góðan starfsanda
- gott mótuneyti
- fræðslu og þjálfun
- iðjubjálfa, hjúkrunarfræðinga og lækni sem sinna heilsuvernd starfsmanna
- árlegan styrk til íþróttaiðkunar auk fræðslustyrks
 - öflugt starfsmannafélag

Nánari upplýsingar um starf tæknimanns veitir Ragnheiður Dögg Ísaksdóttir,
risaksdottir@actavis.is.

Nánari upplýsingar um starf sérfræðings í skjalastjórnun veitir Jenný Sif Steingrimsdóttir,
jsteingrimsdottir@actavis.is

Umsóknir óskast fylltar út á www.actavis.is, undir Störf í boði fyrir 17. mars nk.

Einungis er tekið á móti umsóknum á heimasíðu Actavis.

Actavis Reykjavíkurvegi 76-78 220 Hafnarfirði s 550 3300 f 550 3301 @ actavis@actavis.is w www.actavis.is



Actavis er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu hágæðasamheitalyfa. Fyrirtækið er með starfsemi í 40 löndum. Hjá Actavis á Íslandi starfa um 700 starfsmenn á ýmsum sviðum.



Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Aðstoðarmenn við hrossabú	Háskólinn á Hólum	Hólar	201303/050
Lögreglufulltrúi	Lögreglustjórinn á höfuðborgarsv.	Höfuðborgarsv.	201303/049
Hjúkrunarfræðingur	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Mosfellsbær	201303/048
Sérfræðingur á endurskoðunarviði	Ríkisendurskoðun	Reykjavík	201303/047
Sérfræðingur á stjórnslusviði	Ríkisendurskoðun	Reykjavík	201303/046
Sérfræðilæknir í fæðingarteymi	LSH, kvenna- og barnasvið	Reykjavík	201303/045
Hjúkrunarfræðingur, hjúkrunarnemi	LSH, skurðlækningadeild 12G	Reykjavík	201303/044
Læknar í starfsnámi	LSH, skurðlækningasvið	Reykjavík	201303/043
Hjúkrunarfræðingur	LSH, göngud. húð- og kynsjúkdóma	Reykjavík	201303/042
Matartæknir	LSH, göngudeild geðsviðs	Reykjavík	201303/041
Hjúkrunarfræðingur á næturvaktir	LSH, næturvaktadeild	Reykjavík	201303/040
Öryggis- og gæðastjóri lífsýnasafna	LSH, erfða- og sameindalæknisfr.d.	Reykjavík	201303/039
Aðstoðardeildarstjóri	LSH, röntgendeild	Reykjavík	201303/038
Starfsmaður í móttöku	LSH, röntgendeild	Reykjavík	201303/037
Geislafræðingur	LSH, röntgendeild	Reykjavík	201303/036
Sumarst. lyfjatakna, lyfjafræðinema	LSH, sjúkrahúsapótek	Reykjavík	201303/035
Sumarstörf læknanema	LSH, skurðlækningasvið	Reykjavík	201303/034
Sumarstörf læknanema	LSH, geðsvið	Reykjavík	201303/033
Lektor í dönsku	HÍ, hugvísindasvið	Reykjavík	201303/032
Lektor í uppeldis- og menntunarfr.	HÍ, menntavísindasvið	Reykjavík	201303/031
Sérfræðingur í tölfræði	HÍ, Raunvísindastofnun	Reykjavík	201303/030
Afleysing í mótuneyti	Landgræðsla ríkisins	Gunnarsholt	201303/029
Sérfræðingur	Umhverfisstofnun	Landið	201303/028
Vélamaður	Vegagerðin	Þórshöfn	201303/027
Starfsmaður í þjónustuveri	Þjóðskrá Íslands	Akureyri	201303/026
Sérfræðingur	Umhverfis- og auðlindaráðuneytið	Reykjavík	201303/025
Lífeindafræðingur	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Reykjanesbær	201303/024
Sérfræðingur í lyflækningum	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Reykjanesbær	201303/023
Doktorsnemi	Háskólinn á Hólum	Hólar	201303/022
Sérfræðingur	Sýslumaðurinn í Reykjavík	Reykjavík	201303/021

Hátæknifiskvinnsluhúsið Marmeti í Sandgerði óskar eftir:

Vönum handflökurum í flatfisk og verkstjóra/gæðastjóra, fyrir fiskvinnslu sem er bæði í fersku og frosnu, gott að hafa reynslu af Innova kerfinu.



Fjarðabyggðarhafnir auglýsa laus störf

Auglýst eru laus til umsóknar eftirfarandi störf hjá Fjarðabyggðarhöfnum.

Starf skipstjóra, um er að ræða fullt starf.

Starfið felur í sér skipstjórn á dráttarbat og leiðsögn skipa að og frá Fjarðabyggðarhöfnum, auk annarra hafnarstarfa.

Starf vélstjóra, en um tvö stöðugildi er að ræða.

Störfín fela í sér vélstjórn dráttarbáts Fjarðabyggðarhafna, þar sem krafist er vélstjórnarréttinda fyrir 1500 kw vél, auk annarra hafnarstarfa.

Störfín eru lífandi og kalla á mikil samskipti við fólk og fyrirtæki. Nánari lýsingu á störfunum og hæfniskröfum er að finna á heimasíðu Fjarðabyggðar www.fjardabyggd.is

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum Launaneftdar sveitarfélags og viðkomandi stéttarfélag.

Skriflegar umsóknir ásamt ferilskrá og afriti af réttindaskírteinum skulu berast skrifstofu Fjarðabyggðar eigi síðar en 22. mars 2013 merkt „Skipstjóri/hafnsögumaður“ eða „Vélstjóri“.

Upplýsingar um starfið veitir Steinþór Pétursson, framkvæmdastjóri Fjarðabyggðarhafna í síma 470-9000, netfangið steinthor.petursson@fjardabyggd.is.

Störfín hafa jafnt konum sem körlum og eru konur hvattar til að sækja um.

Starfsmaður á tæknideild VHE

Véltæknifræðingur, vélaverkfræðingur, vélfræðingur, vélstjóri eða vélvirki

VHE auglýsir eftir starfsmanni á Tæknideild fyrirtækisins á Reyðarfirði.

Starfsmaðurinn kemur að öllum verkefnum tæknideildarinnar, þar á meðal:

- Hönnun og teiknivinna
- Verkefnastjórnun
- Tilboðsgerð
- Aðstoð við verkstæði
- Sölumál
- Þróun og hugvit

Leitað er eftir einstaklingi með menntun og reynslu á vélasviði.

Upplýsingar um starfið veitir Njáll Andersen 843-8875

Senda skal umsóknir á heimasíðu VHE, www.vhe.is

Umsóknafrestur er til 21. mars. nk

Vélaverkstæði Hjalta Einarssonar – VHE er stór vélsmiðja sem býður upp á ýtarlegar lausnir í hönnun, framleiðslu og þjónustu á starfssvæði viðskiptavina sinna. VHE hefur sérhæft sig í lausnum fyrir stóriðjur, með sérstakri áherslu á áliðnaðinn. Allt ferli hönnunar og smíði eru framkvæmd með eigin aðföngum.

Ýtarlegri upplýsingar um starfsemi VHE má finna á www.vhe.is



VHE

HUGVIT Í VERKI

Vélaverkstæði Hjalta Einarssonar ehf.

Hraun 5 • Reyðarfirði • Iceland
Sími 575 9700 • Fax 575 9701
www.vhe.is • vhe@vhe.is



Emmessis ehf leitar að starfsmönnum

Við leitum að öflugum einstaklingi með meirapróf og góða þjónustulund þar sem útkeyrsla og dreifing er lokahnykkurinn á góðri sölu til viðskiptavina okkar.

Emmessis ehf. leitar að starfsmanni í tímabundið starf í framleiðsludeild fyrirtækisins. Möguleiki á fastráðningu.

Við leitum að útsjónarsömum öflugum og nákvæmum einstaklingi sem er stundvís og heiðarlegur. Viðkomandi þarf að glíma við krefjandi og fjölbreytt verkefni tengd framleiðslu. Sveigjanlegur vinnutími.

Frekari upplýsingar veitir: Snorri Sigurðsson

Umsóknum skal skilað í tölvupósti á netfangið snorri@emmessis.is

Sérfræðingur

– Sýslumaðurinn í Reykjavík



Sýslumaðurinn í Reykjavík

Sýslumaðurinn í Reykjavík auglýsir laust til umsóknar starf sérfræðings á skrifstofu embættisins að Skógarhlíð 6 Reykjavík. Um er að ræða nýja stöðu sérfræðings sem veitir sérfræðiráðgjöf, sérfræðiálit og sáttameðferð skv. 33., 33. gr. a og 74. gr. barnalaga nr. 76/2003, með síðari breytingum skv. lögum nr. 61/2012 og 144/2012.

Verkefni sérfræðingsins munu einkum tengjast málum sem eru til meðferðar hjá sýslumanni þar sem foreldrar deila um forsjá, lögheimili, umgengni eða umgengnistálmanir. Markmiðið með störfum sérfræðingsins er að leiðbeina aðilum og aðstoða við lausn mála með tilliti til þess sem barni er fyrir bestu. Sýslumaður getur falið sérfræðingnum að gefa umsögn um tiltekin álitaefni þegar ástæða þykir til. Starfið mun mögulega fela í sér þjónustu við sýslumannsembætti utan Reykjavíkur og gæti haft í för með sér ferðalög innanlands.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf til starfsréttinda í sálfræði, félagsráðgjöf eða sambærilegum greinum.
- Að hafa unnið að lágmarki í tvö ár við meðferð mála þar sem reynir beint á hagsmunum barna og/eða foreldra
- Að hafa haldgóða þekkingu á ákvæðum barnalaga og þeim helstu álitaefnum sem reynir á við túlkun þeirra.
- Menntun á sviði sáttameðferðar eða sáttamiðlunar eða umtalsverð starfsreynsla á því sviði eða fjölskyldumeðferðar er æskileg.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og færni til að geta unnið sjálfstætt sem og í hópi með skipulögðum og öguðum vinnubrögðum.
- Færni í mæltu og rituðu máli á íslensku og ensku.

Um launakjör fer eftir kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélags innan BHM. Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um starfið. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Í boði er áhugavert og fjölbreytt starf í krefjandi starfsumhverfi þar sem reynir á öguð vinnubrögð ábyrgð og frumkvæði. Um er að ræða nýtt starf sem viðkomandi mun taka þátt í að móta og skipuleggja í samráði við stjórnendur embættisins. Nánari upplýsingar um starfið veitir Þuríður Árnadóttir skrifstofustjóri thuridur@sylsumenn.is

Til frekari upplýsinga má benda á reglur um ráðgjöf og sáttameðferð á vef sýslumanna www.sylsumadur.is og www.sylsumenn.is og barnalög nr. 76/2003 á vef Alþingis www.althingi.is

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og starfsferil skulu berast sýslumanninum í Reykjavík, Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík eða á netfangið: reykjavik@sylsumenn.is eigi síðar en 25. mars nk.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. reglur nr. 464/1996 um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum.

Þú veist þú að...
barnastarfar eftir þér
hvort foreldrar þeirra gera.



Við leitum að öflugum einstaklingum í eftirfarandi störf:

Hugbúnarsérfræðingur

InfoMentor er smíðað í ASP.NET MVC C# ofan á Microsoft SQL Server.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Tölvunarfræðingur, kerfisfræðingur eða sambærileg menntun
- Þekking og reynsla af ASP.NET MVC og C#

Kerfisgreining

Í starfinu felst greining á lausnum innan InfoMentor.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Tölvunarfræðingur, kerfisfræðingur eða sambærileg menntun
- Reynsla af kerfisgreiningu

Sérfræðingur í hugbúnaðarprófun

Starfið felst í hugbúnaðarprófunum, m.a. gerð prófanavilvika og einingaprófana, samantekt prófananiðurstaðna og skjölun.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Tölvunarfræðingur, kerfisfræðingur eða sambærileg menntun
- Reynsla af prófunum og aðferðum gæðastjórnunar
- Þekking og reynsla af ASP.NET, C# og SQL



Eru þessir þættir lýsandi fyrir þig?

- Hæfni í samskiptum
- Metnaður
- Frumkvæði
- Sjálfstæði
- Gott vald á ensku

Þá hvetjum við þig til að senda okkur umsókn. Frekari upplýsingar gefur Auðunn Ragnarsson í síma: 895 0057

Umsóknir sendist til: starf@infomentor.is

Tekið er við umsóknum til og með 1. apríl 2013

FASTEIGNASALA!**ÓSKUM EFTIR SÖLUMANNI EÐA SÖLUKONU!**

Reynsla mikilvæg en ekki skilyrði.

**Gott starfsumhverfi á líflegum vinnustað.
Góð og árangurstengd laun í boði.**Upplýsingar veita Magnús og Sigurður samúelsson
í síma 512 4900.

Umsóknir skal senda á netfangið magnus@landmark.is

Óskum eftir vélmanniUpplýsingar í síma **772 6111**Rauðhelli 1 - 221 Hafnarfjörður - Sími 580 16 00 Fax 580 16 01
gtv@gtv.is - www.gtv.is**Job Opportunities in the Norwegian Oil & Gas Industry**Energy Recruiting finds jobs for graduates
and experienced professionals.A promising opportunity for Icelandic
candidates to gain valuable experience while
living abroad.

We are currently looking for:

- Engineers (all disciplines)
- Project managers and cost controllers
- QHSE managers
- SAP consultants
- Geologists (experienced)

E-mail your cover letter, CV and relevant
transcripts to
candidates@energyrecruiting.noSee www.energyrecruiting.no
for further information.**SUMARSTÖRF HJÁ GARÐABÆ****GARÐABÆR AUGLÝSIR LAUS TIL UMSÓKNAR EFTIRFARANDI SUMARSTÖRF 2013****GARÐYRKJUDEILD****Almenn garðyrkjustörf**Umsækjendur skulu vera fæddir árið 1995
eða fyrr.**Flokkstjórar fyrir garðyrkju**, hafa umsjón með
garðyrkjuhópum og umsækjendur um
flokkstjórnarstörf skulu vera 22 ára og eldri.**Grassláttur**Umsækjendur skulu vera fæddir árið 1995
eða fyrr.**Flokkstjóri fyrir slátt**, hefur umsjón með
sláttuhóp og tækjabúnaði, umsækjandi um
flokkstjórnarstöðu skal vera 22 ára og eldri.**SKÓLAGARÐAR****Leiðbeinendur við skólagarða**Æskilegt er að umsækjendur hafi uppeldis-
kennslu- eða verkmenntun.
Umsækjendur skulu vera 22 ára og eldri.Nánari upplýsingar gefur garðyrkjustjóri
525 8579 smarig@gardabaer.is**ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ****Almenn verkamannavinna**Umsækjendur skulu vera fæddir árið 1995
og fyrr.Nánari upplýsingar gefur forstöðumaður
þjónustumiðstöðvar 525 8587
sigurdurhaf@gardabaer.isUmsóknareyðublað og nánari upplýsingar eru á
heimasíðu Garðabæjar www.gardabaer.is.Umsóknarfrestur um ofangreind störf er til
1. apríl 2013.**SUMARÁTAK****Störf í sumarátaki**Umsækjendur skulu vera fæddir árið 1996
eða fyrr. Hægt er að sækja um, í skógræktar-
hópa, í skapandi hóp, aðstoðarstarf í
stofnunum, aðstoð með fótluðum og á
sumarnámskeiðum félaga í Garðabæ.
Takmarkaður fjöldi er tekin í vinnu hjá
skapandi hópi, félögum og stofnunum
bæjarins.**Flokkstjórar fyrir atvinnuáttakshópa,**skulu vera 22 árs og eldri.
Æskilegt er að umsækjendur hafi uppeldis-
kennslu- eða verkmenntun.Nánari upplýsingar gefur umhverfisstjóri
525 8588, erlabil@gardabaer.is og
mannauðsstjóri 525 8508,
vilhjalmur@gardabaer.is.**VINNUSKÓLI****Yfirflokkstjóri og flokkstjórar**Æskilegt er að umsækjendur hafi uppeldis-
kennslu- og/eða verkmenntun og séu 22 ára
og eldri.Nánari upplýsingar gefur forstöðumaður
vinnuskóla í síma 590 2570.**SÖLUFULLTRÚAR
ÓSKAST TIL STARFA****STARFIÐ**Unnið er að skemmtilegum og krefjandi söluverk-
efnum í gegnum síma.**HÆFNISKRÖFUR**Umsækjendur þurfa að vera 22 ára eða eldri, jákvæðir,
vandvirkir og hafa gaman af því að tala í síma.
Reynsla af sölustörfum er æskileg en ekki nauðsynleg.**Í BOÐI ER**Sveigjanlegur vinnutími og fjölbreytt verkefni sem
þarf að vinna fyrir félagsamtök og fyrirtæki.
Gunnlaugs en einnig minni verk, frumdrög og skissur. Þannig gefst tækifæri til að kynna myndhugsun listamannsins og vinnuferli þar sem hann skoðar m.a. hvernig menn bera sig að við vinnu hvort heldur sjómaðurinn eða listamaðurinn. Verkin á sýningunni sýna hvernig listamaðurinn þróar hugmyndir sínar frá raunsæjum lýsingum af vinnandi mönnum til sjós yfir í táknrænar myndir af samlífi manns og náttúru. Sýningin er sú fyrsta í röð þriggja sýninga sem eru samstarfsverkefni Listasafns Árnesinga, Listasafns Íslands og Listasafns Hornafjarðar. Hún verður opnuð í Listasafni Árnesinga í dag, á sama tíma og sýning Söru Riel.

Þjóðminjasafnið
150 ára

FUDGE Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma

Rakarastofan
Klapparstíg
S: 5513010
Opíð laugard. kl. 10-14



MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Innritun í framhaldsskóla fyrir haustönn 2013

Forinnritun nemenda í 10. bekk verður 11. til 30. mars

Forinnritun nemenda í 10. bekk (fæddir 1997 eða síðar) hefst mánudaginn 11. mars og lýkur föstudaginn 12. apríl. Nemendur fá bréf frá Námsmatsstofnun með veflykli að innritunarvef og leiðbeiningum afhent í grunnskólunum. Foreldrar/forráðamenn nemenda fá bréf í pósti frá Námsmatsstofnun með upplýsingum um innritunina. Nemendur í 10. bekk eru eindregið hvattir til að taka þátt í forinnrituninni.

Innritun annarra en 10. bekkinga verður 4. apríl til 31. maí

Innritun eldri nemenda (fæddir 1996 eða fyrr) sem ekki eru nú í framhaldsskóla eða ætla að skipta um skóla hefst miðvikudaginn 1. maí og lýkur föstudaginn 31. maí. Umsækjendur þurfa að sækja veflykil sjá leiðbeiningar á innritunarvef á menntagatt.is.

Lokainnritun nemenda í 10. bekk verður 4. maí til 10. júní

Nemendur í 10. bekk hafa frest til sækja um nám í framhaldsskóla eða breyta umsóknum úr forinnritun til miðnættis mánudaginn 10. júní. Einkunnir þeirra verða sendar rafrænt frá grunnskólum til framhaldsskóla eftir skólaslit.

Starfsbrautir fyrir fatlaða

Rafrænni innritun á starfsbrautir lauk 28. febrúar síðastliðinn. Þeir sem ekki hafa þegar sótt um geta þó sent viðkomandi framhaldsskóla skriflega umsókn til 1. apríl næstkomandi. Stefnt er að afgreiðslu allra umsókna á starfsbrautir fyrir lok apríl.

Fjar- og dreifnám og nám í kvöldskóla

Innritun í fjar- og dreifnám og í kvöldskóla fer fram samkvæmt fyrirkomulagi sem einstakir framhaldsskólar auglýsa.

Nánari upplýsingar um innritun í framhaldsskóla má fá á menntagatt.is og hjá Námsmatsstofnun í síma 550 2400

Mennta- og menningarmálaráðuneytið,
9. mars 2013





Undarlegt er að spyrja mennina eftir Nínu Björk Árnadóttur

BÓKIN SEM BREYTTI LÍFI MÍNU

Viðar Eggertsson
Stjórnandi
Útvarpsleikhússins

Pegar ég var fjórtán ára var ég, eins og unglíngi er síður gjarnan, í leit að svörum við spurningum lífsins. Þau var torvelt að finna, því spurningarnar voru þess eðlis að svörin við þeim voru ekki endilega af rótum raunsæis. En skyndilega, einn daginn, helltist yfir mig ljóðrænt æði. Ég uppgvötvaði ljóðabók Nínu Björk Árnadóttur, Undarlegt er að spyrja mennina, og það opnaðist fyrir allar ljóðrænar æðar í mínum skrokki og ég fann hvernig hin ljóðræna sýn á heiminn gaf honum aðrar og nýjar víddir. Það var eins og dregið hefði verið frá augum mínum og skynjun. Í kjölfarið las ég tvær ómótstæðilegar bækur, að mér fannst; Litla prinsinn eftir franska skáldið og flugmanninn Antoine de Saint-Exupéry í þýðingu Þórarins Björnssonar, og Platero og ég eftir spænska skáldið Juan Ramón Jiménez í þýðingu Guðbergs Bergssonar. Næst greip ég ljóðabók Guðbergs Endurtekin orð og fann þar mörg svör... og reyndar fleiri spurningar, sem var nú bara betra! Síðan fór ég að fikra mig eftir skáldaslóð Guðbergs. Þar hef ég gjarnan haldið mig síðan, allavega aldrei fjarri.



„... bók sem hægt er að dást að ...“

Ásdís Sigmundsdóttir / Víðsjá

„... hægt að velta þessu verki fyrir sér út frá ótal vinklum ...“

Kolbrún Lilja Kolbeinsdóttir / Spássían

www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu

Tæknifræðingar eftirsóttir

Mikill skortur er á tæknifræðimennntuðu fólki á vinnumarkaði á Íslandi en meðallaun tæknifræðinga í dag eru almennt góð.

Keilir býður upp á hagnýtt háskólánám í tæknifræði í samstarfi við Háskóla Íslands og er námið faglína undir Verkfræði- og náttúruvísindasviði skólans. Tæknifræðinám Keilis er þriggja og hálfis árs

nám sem veitir auk B.Sc. gráðu, rétt til að sækja um lögverndaða starfsheitið tæknifræðingur. Tæknifræði (Applied Engineering) miðar að því að nýta þá verk- og tækniþekkingu sem er til staðar hverju sinni til þróunar á nýjum lausnum fyrir iðnað og annað atvinnulíf. Í náminu er því lögð áhersla á að byggja upp öfluga verkþekkingu samhliða fræðilegri grunnþekkingu með því

að flétta saman bóklegu námi og verkefnavinnu. Nemendur öðlast því jafnt breiðan grunn og mikla sérhæfingu, sem nýtist við lausn krefjandi verkefna á fjölmörgum áhugaverðum sviðum og gerir nemendur hæfa til ýmissa starfa á mörgum sviðum atvinnulífs og iðnaðar.

HÁSKÓLADAGURINN 2013 // ASKJA 9. mars kl. 12–16

BÝR Í ÞÉR TÆKNIFRÆÐINGUR?

TÆKNIFRÆÐINÁM (BS)

Keilir býður upp á fjölfaglegt og hagnýtt tæknifræðinám á háskólastigi, í samvinnu við Háskóla Íslands, sem veitir útskrifuðum nemum rétt til að sækja um lögverndaða starfsheitið tæknifræðingur eftir þriggja ára nám. Nemendur geta valið um mekatróník hátæknifræði eða orku- og umhverfis-tæknifræði. Námið hentar vel þeim sem hafa verkþekkingu og áhuga á tæknilegum lausnum og nýsköpun.

NÁMSFRAMBOÐ // ORKU- OG UMHVERFISTÆKNIFRÆÐI
// MEKATRÓNÍK HÁTÆKNIFRÆÐI

KEILIR // ÁSBRÚ // 578 4000 // keilir.net

Keilir
Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs

Fjölbreytt verk ólíkra einstaklinga

Nú nemendur úr Listaháskóla Íslands sýna lokaverkefni sín í Tjarnarbíói.

Lokaverkefni þeirra nú nemenda sem eru að útskrifast í vor af dansbraut Listaháskóla Íslands verða sýnd í Tjarnarbíói í kvöld. „Þetta eru fjölbreytt verk þar sem þetta eru ólíkir einstaklingar með ólíkan grunn, verkin eru allt frá því að vera í kvikmyndaformi yfir í að vera í hefðbundnu sviðsformi,“ segir Sveinbjörg Þórhallsdóttir, fagstjóri samtímadansbrautar.

„Á Íslandi hafa stelpur verið í meirihluta í náminu en erlendis er meira um karlmenn í stéttinni þannig að við höldum í vonina um að það muni einhverjir strákar koma í inntökupróf í vor,“ bætir hún við.

Sveinbjörg segir áhugasvið nemenda liggja á ólíkum stöðum og að námið opni marga möguleika.

- gha



Líf án streitu

- lærdú að njóta lífsins

7 daga heilsudvöl 14.-21. apríl

Námskeiðið er fyrir þá sem vilja njóta lífsins, lifa lífinu aðeins hægar og huga að andlegri og líkamlegri líðan. Dvölin gefur einnig einstakt tækifæri til að taka upp nýjar og skynsamlegar leiðir hvað varðar hreyfingu, næringu og svefn.

Innifalið: Ljúffengur og hollur matur, skipulögð dagskrá, hugleiðsla og jóga, aðgangur að sundlaugum, baðhúsi og líkamsrækt. Einnig nudd og val um ýmsar meðferðir.

Verð á mann 109.900 kr. ef bókað er fyrir 20. mars. Eftir 20. mars kostar heilsudvölin 121.900 kr.

Aukadagur fyrir þá sem vilja lengja dvölinu er 9.900 kr. pr. sólarhring

Nánari upplýsingar í síma 483 0300 og á vefsíðunni www.hnlfi.is

- berum ábyrgð á eigin heilsu

Frábært verð

á barna strigaskóm

Stelpuskór
GXIA-E111022 • Stærðir 24 - 33
var kr. 4.995
nú kr. 2.995

Hello Kitty
TSSHKDAENA • Stærðir 27 - 32
var kr. 5.995
nú kr. 2.995

Hello Kitty
TSSHKANIVAS • Stærðir 28 - 34
var kr. 5.995
nú kr. 2.995

Stelpuskór
GXIA-E10891 • Stærðir 24 - 33
var kr. 4.995
nú kr. 2.995

Stelpuskór
GXIA-E111022 • Stærðir 24 - 33
var kr. 4.995
nú kr. 2.995

Hello Kitty
TSSHK29137 • Stærðir 24 - 29
var kr. 5.995
nú kr. 2.995

Stráka skór
GXIA-E11239 • Stærðir 24 - 33
var kr. 4.995
nú kr. 2.995

Batman skór
TSSBATMEDARD • Stærðir 24 - 34
var kr. 5.995
nú kr. 2.995

Fullt af nýjum vörum á frábæru verði

Toppskórinn

Outlet

Vínlandsleið 6 • Sími 533 3109

Opið virka daga milli kl. 11 og 18
laugardaga milli kl. 12 og 16
sunnudaga milli kl. 13 og 17

Toppskórinn

Markaður

Smáratorgi, Kópavogi • Á milli The Pier og Toys'R'us

Opið virka daga milli kl. 11 og 18
laugardaga milli kl. 11 og 18
sunnudaga milli kl. 12 og 18



SPENNANDI MIÐILL Jón Atli segir mikla tilraunamennsku eiga sér stað í Útvarpsleikhúsinu og það henti verkum hans vel. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ruslahaugur á endastöð sögunnar

Viskí tangó eftir Jón Atla Jónasson verður frumflutt í Útvarpshúsinu á morgun. Verkið gerist í Reykjavík í eftir-dómsdags-stemningu, að sögn höfundar, og fjallar um leitina að merkingu í upplýsingaflæðinu.

Í borg sem hefur lagst í eyði sitja maður og kona í auðri skemmu með stuttbylgjugalstöð og hlusta eftir kallmerkjum. Þau bíða nóttina af sér og deila upplifunum sínum og minningum frá landi og borg sem eru ekki lengur til, á milli þess sem þau hlusta eftir útsendingum frá talstöðinni. Þau eru persónur í nýju útvarpsleikriti Jóns Atla Jónassonar sem nefnist Viskí tangó og Útvarpsleikhúsið frumflytur á morgun.

Þetta er fjórða leikrit Jóns Atla sem flutt er í Útvarpsleikhúsinu og hann segist mjög spenntur fyrir þeim miðli. „Útvarpsleikhúsið er svo skemmtilegur vettvangur. Viðar Eggertsson hefur náð að búa þar til starfsumhverfi sem hvetur mann til þess að gera tilraunir og það er einmitt þannig leikhús sem ég geri.“

Hvað geturðu sagt mér um Viskí tangó? „Kveikjan er sú að það er sama hvert maður lítur í dægurmenningunni, alls staðar er dómsdagsstemningin ríkjandi. Einhver sagði að í sögulegu samhengi sætum við á póstmóðernísku ruslahaug á endastöð sögunnar og leikritið gerist í eftir-dómsdags

kringumstæðum þar sem fólk er einmitt að róta í þessum ruslahaug.“

Er sögusviðið Reykjavík? „Já, og þarna eru leifar kalda stríðsins, þessar stuttbylgjuútsendingar sem eru enn þá í gangi og senda bara út talnarunur sem enginn skilur í bland við tívolímúsík og furðulegar raddir sem ryðja út úr sér einhverjum nöfnum. Eftir dálitla stund fer fólk að reyna að finna út úr þessu einhverja merkingu en missir hana svo aftur. Í dramatísku tilliti fannst okkur Jóni Páli Eyjólfssyni leikstjóra þetta áhuga-vert, en við höfum mikið verið að skoða samtímann og ekki síst fjölmiðla í þeim tilgangi að reyna að sjá eitthvað orsakasamhengi sem stundum bara virðist ekki vera til staðar. Gjaldið sem við greiðum fyrir allar þessar upplýsingar er að allt hefur jafn mikla eða litla merkingu.“

Útsending Viskí tangó hefst á Rás 1 klukkan 13 á morgun. Leikendur eru Erling Jóhannesson og Arndís Hrönn Egilsdóttir. Hljóðvinnslu annaðist Einar Sigurðsson og leikstjóri er Jón Páll Eyjólfsson.

fridrikab@frettabladid.is



Iceland
Business
Forum kynnir:

Heilsdags námskeið með föður nútíma markaðsfræði

Philip Kotler

Marketing 3.0

Values Driven Marketing

Arðsemi **Ávöxtun** **Sjálfbærni**

Markaðssetning fyrir stærri og smærri fyrirtæki

Fullt verð 99.900.-

Hópar og fyrirtæki geta leitað tilboða á ibf@ibf.is

Nánari upplýsingar og sala er á miði.is og ibf.is

Í Háskólabíói – 24. apríl 2013

Philip Kotler er í boði:



Íslenskt kjöt á góðu verði í Bónus



Vængir **279** kr.kg



Bringur **1979** kr.kg



Leggir **695** kr.kg



2198
KR. KG



2198
KR. KG



1398
KR. KG

100% FERSKT UNGNAUTAKJÖT



Heill ferskur **759** kr.kg



1198
KR. KG

ALI BAYONNESKINKA
1.FLOKKUR ÚR GRISALÆRI



Grísabógur **698** kr.kg



1698
KR. PK

NAUTGRIPA-
HAMBORGARAR
FROSINIR 10 STK / 120 GR



1195
KR. KG

KS FROSID
LAMBALÆRI



1398
KR. KG

KF FERSKT KRYDDAÐ
HEIÐA-LAMBALÆRI



MYLLU
JÓLAKAKA
420g
TVÆR FYRIR EINA
598 KR.

BÓNUS
SÚKKULADIKAKA
770 g
798 KR.



298 KR. KG

KS FROSIN LAMBAHJÖRTU



198 KR. KG


KS FROSIN LAMBALIFUR

AFGREIÐSLUTÍMI
SUNNUDAGUR
12:00-18:00

BONUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veitutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklöbbur

AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARDAGUR
10:00-18:00



APPELSÍNUR FRÁ SPÁNI
FERSKAR OG SAFARÍKAR



185
KR. KG



SÆTAR KARTÖFLUR FRÁ USA



298
KR. KG



DANSKAR GULRÆTUR



298
KR. 1 KG



KARTÖFLUR Í LAUSU ÞÚ VELUR

149
KR. KG

ÍSLENSKAR KARTÖFLUR GULLAUGA / RAUÐAR



459
KR. KG



NÝTT FERSKT MANGÓ FRÁ PERÚ



459
KR. 700gr

PAKKAÐ AVOCADO 700gr



298
KR. KG

FRÁ SPÁNI ICEBERGSALAT



498
KR. 1 KG



459
KR. 1.2 KG



498
KR. 1 KG



VÍNBER
FRÁ SUÐUR-AFRÍKU
595 KR.KG



798
KR. 400g

HIMNESKT LÍFRÆNT KAFFI



398
KR. 340g

LÍFRÆNT HNETUSMJÖR GRÓFT OG FÍNT



798
KR. 500ml

LÍFRÆN EXTRA VIRGIN ÓLÍFUOLÍA

AFGREIÐSLUTÍMI SUNNUDAGUR 12:00-18:00

BONUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veititungda **VILDARPUNKTA** VISA Vildarklöbbur

AFGREIÐSLUTÍMI LAUGARDAGUR 10:00-18:00



Viltu gera eitthvað uppbyggilegt í sumar?

Pú getur sótt um **sumarstarf** hjá Kópavogsbæ til 8. apríl nk.

Til að sækja um sumarstarf þarftu að fara inn á vef Kópavogsbæjar, kopavogur.is, og þar finnur þú líka allar nánari upplýsingar um störf sem eru í boði.

- Skilyrði fyrir ráðningu er að eiga lögheimili í Kópavogi.
- Ekki verður tekið við umsóknum eftir 8. apríl.



Kópavogsbær

kopavogur.is

DÓMAR 02.03.2012 → 08.03.2012

BÍÓ

★★★★★

Sumar án karlmanna

Siri Hustvedt

Vel og skemmtilega skrifuð saga um útjaskað efni. - fsb

★★★★★

Jagten

Leikstjórn: Thomas Vinterberg

Mögnum mynd sem situr lengi í áhorfandanum. - hsv

★★★★★

This Is 40

Leikstjórn: Judd Apatow

Græskulaust gaman að hætti hússins. - hsv

TÓNLIST

★★★★★

Push the Sky Away

Nick Cave

Gæðaplata í rólegri kantinum frá þessum gamla meistara. - tj

★★★★★

I wanna

Oyama

Ágæt EP-plata efnilegrar rokksveitar. - tj

★★★★★

Tvíeind

Árstíðir

Fimm áhugaverðar endurgerðir af tónlist Árstíða. - tj

LEIKHÚS

★★★★★

Karma fyrir fugla

Leikstjóri: Kristín Jóhannesdóttir

Áleitning sýning þar sem ótal hliðar sama vanda eru skoðaðar, vel leikin og kraftmikil. - ap

★★★★★

Punch

Leikstjóri: Tryggvi Gunnarsson

Heldur smart gjörningur sem hefði ekki mátt vera lengri.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

LAUGARDAGUR 9. MARS 2013

Sýningar

13.00 Kristín Tryggvadóttir opnar sýningu sína, Óbeislaðir kraftar, í Listasal Mosfellsbæjar. Aðgangur er ókeypis.

14.00 Hlynur Hallsson opnar sýninguna Rennandi vatn og fleiri ný verk í Populus tremula.

15.00 Sýning á nýjum málverkum eftir Harald Bilson verður opnuð í Gallerí Fold.

15.00 Tvær sýningar verða opnaðar í Listasafni Kópavogs - Gerðarsafni. Annars vegar er það árleg ljósmynda-sýning Blaðaljósmyndarafélags Íslands, Myndir ársins 2012 og hins vegar er það sýning Þóris Guðmundssonar, Á vettvangi vonar.

Hátíðir

20.00 Tónlistarhátíðin Reykjavík Folk Festival heldur áfram á Kex Hostel við Skúlagötu. Í kvöld koma þar fram Pétur Ben, Benni Hemm Hemm, Magnús og Jóhann og Ólöf Arnalds. Miðaverð er kr. 3.000 á stök kvöld en kr. 7.999 fyrir þrjú daga passa.



Kvikmyndir

20.00 Hitchcock-myndin Vertigo verður sýnd í Bíó Paradís, í tilefni af Hitchcock-hátíð bíósins og Svartra sunnudaga.

Uppákomur

10.30 Árleg barna- og unglingsbókaráðstefna verður haldin í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi.

16.00 Lokahóf Gulleggsins verður haldið í Sólinni, Háskólanum í Reykjavík. Þar verða úrslit kunngjörð og verðlaun afhend.

21.00 Haldinn verður fögnuður á Restaurant Reykjavík í tilefni loka Gulleggsins 2013. Öllum velkomið að koma og samfagna með keppendum.

Leikrit

16.00 Halaleikhópurinn sýnir fjölskylduleikritið Rympa á ruslahaugunum í Hátúni 12. Miðaverð er kr. 1.500.

Tónlist

14.00 Hjólin Valgerður Jónsdóttir og Þórður Sævarsson úr hljómsveitinni My Sweet Baklava mæta á Súfistann í Hafnarfirði og kynna nýjan geisladisk hljómsveitarinnar, Drops of Sound.

16.00 Hjólin Valgerður Jónsdóttir og Þórður Sævarsson úr hljómsveitinni My Sweet Baklava mæta á Súfistann í Bókabúð Máls og Menningar við Laugaveg til að kynna nýjan geisladisk hljómsveitarinnar.



21.00 Hljómsveitin Leaves heldur tónleika á Ellefunni. Spilað verður nýtt efni í bland við eldra. Aðgangur er ókeypis.

22.00 Creedence Travellin' Band heldur tónleika á Græna hattinum á Akureyri. Miðaverð er kr. 2.000.

22.00 Hljómsveitin Skálmöld heldur tónleika á Gamla Gauknum. Með tónleikunum endar hljómsveitin Íslandstúrninn sem gengur undir yfirskriftinni Myrkur, kuldi, ís og snjór 2013. Miðaverð er kr. 3.000.

22.00 Lockerbie spilar eðal post-rokk í bland við nýtt og gamalt á Dillon. Aðgangur er ókeypis.

23.00 TriAngular kvöld verður haldið á Volta í fyrsta sinn. BenSol, CasaNova og Hendrik sjá um tónlistina. Aðgangseyrir er kr. 500.

23.00 Magnús Einarsson og félagar leika tónlist eftir Bítlanu og The Rolling Stones á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

Útivist

10.00 Farið verður í hjólreiðaferð frá Hlemmi. Hjólað er í 1-2 tíma um borgina í rólegri ferð. Allir velkomnir og þátttaka ókeypis. Nánari upplýsingar á vef LHM.is.

SUNNUDAGUR 10. MARS 2013

Listasmiðja

14.00 Boðið verður upp á skapandi listasmiðju fyrir börn og foreldra í Hafnarborg, í tengslum við sýninguna Brot. Sýningin er eftir Sönnu Sigrúnu Sigurðardóttur. Þátttaka í listasmiðjunni er ókeypis og allt efni er á staðnum.



Félagsvist

14.00 Félagsvist verður spiluð í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14. Allir velkomnir.

19.00 Bridge tvímenningur er spilaður í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14. Allir velkomnir.

Hátíðir

14.00 Hinn árlegi Þjóðbúningadagur er haldinn í Þjóðminjasafni Íslands. Dagskrá verður í boði Heimilisíðnaðarfélagsins, Þjóðbúningaráðs og Þjóðdansasfélagsins. Aðgangur er ókeypis fyrir þá sem mæta í þjóðbúningi.

Kvikmyndir

15.00 Í tilefni þess að rétt 70 ár séu liðin frá einni mannskæðustu orrustu allra tíma, orrustunnar um Stalingrad við Volgu veturinn 1942-43, verður heimildarmyndin um atburðinn sýnd í MÍR, Hverfisgötu 105.

20.00 Hitchcock-myndin Psycho verður sýnd í Bíó Paradís, í tilefni af Hitchcock-hátíð bíósins og Svartra sunnudaga.

Dansleikir

20.00 Dansleikur Félags eldri borgara í Reykjavík heldur dansleik að félagsheimili sínu, Stangarhyl 4. Danshljómsveitin Klassík leikur léttan dansstónlist til klukkan 23.

Leikrit

14.00 Möguleikhúsið sýnir verkið Ástarsaga úr fjöllumum í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Um er að ræða tónleik fyrir börn eftir Pétur Eggerz og Guðna Franzson, byggðan á samnefndri sögu Guðrúnar Helgadóttur. Miðaverð er kr. 2.200.

16.00 Halaleikhópurinn sýnir fjölskylduleikritið Rympa á ruslahaugunum í Hátúni 12. Miðaverð er kr. 1.500.

Málþing

10.00 Haldið verður málþing í Þjóðminjasafni Íslands í tilefni af 100 ára afmæli Heimilisíðnaðarfélagsins. Yfirskrift þingsins er Sjónabókin - handverk úr fortíð, í nútíð.

Tónlist

17.00 Barbörökórinn heldur tónleika í Hafnarfjarðarkirkju. Þóra Björnsdóttir og Hjálmar Pétur Pétursson syngja einsöng. Aðgangseyrir er kr. 1.500/1.000 kr.

17.00 Andrea Jónsdóttir leikur lög af hljómplötum á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

Listamannspjall

15.00 Myndlistarmennirnir Kristinn E. Hrafnsson og Bjarki Bragason, ásamt Rögnu Sigurðardóttur rithöfund og gagnrýnanda, ræða um sýningu Roberts Smithsons, Rýnt í Landslag, í Hafnarhúsi Listasafns Reykjavíkur.

Fyrirlestrar

14.00 Safnafræðingurinn Raket Pétursdóttir mun ræða um einstök verk á sýningunum Gamlar gersemar og Erlendir áhrifavaldir sem nú standa yfir í Listasafni Íslands við Tjörnina.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

Gerðu góða máltíð betri með Hellmann's

Hellmann's Light inniheldur

27% fitu

og er 40% fituminni en annað létt majónes á íslenskum markaði



Inniheldur Omega 3 & 6

Færri mettaðar fitusýrur

Vistvæn egg



Nældu þér í nýja endurvinnslupokann!

Nýju endurvinnslupokarnir eru komnir og tilbúnir til starfa á íslenskum heimilum. Þeim fylgir flokkunartafla SORPU sem auðveldar endurvinnsluna.

Þú flokkar og skilar – SORPA kemur til endurvinnslu.

Þú getur nálgast pokann á næstu endurvinnslustöð SORPU.
Hvaða flokkur fer í þinn poka?



Fögnuðu opnun

Samloku- og djússtaðurinn Lemon var opnaður á Suðurlandsbraut 4 í gær. Til að fagna opnuninni slógu eigendur staðarins upp opnunargleði á fimmtudaginn. Margt var um manninn og stemningin góð, eins og sést vel.



VEL KLÆDD Borgrún Alda Sigurðardóttir og Þorgrímur Smári Ólafsson.



VINKONUR Arna Þorsteinsdóttir, Kristín Eva Geirsdóttir og Benedikta Kristjánsdóttir.



EIGANDI Gunnar Dan, Hlynur Sigurðsson og Jón Gunnar Geirdal, einn eigenda Lemon.



KÓNGSDÓTTIR Gréta Morthens og Úlfar Logason.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



UNGT OG LEIKUR SÉR Ásgeir Eðvarð Kristinsson, Gísli Sævar Guðmundsson og Bergþór Þorvaldsson.



VINSÆLT Lars Tornøe hannaði The Dot snagann. Hann er hægt að nota bæði sem snaga en sniðugir einstaklingar hafa einnig notað þá sem skáphöldur.



HRINGLAGA Stofuborðin Around eru hönnuð af Thomas Bentzen og eru þau afskaplega vinsæl.

Ný sýn á hönnun

Hönnunarfyrirtækið Muuto hefur notið velgengni undanfarið. Hjá fyrirtækinu starfa margir efni- legustu hönnuðir Skandinavíu og eru þeir hvattir til þess að koma með nýja sýn á annars hefðbundið húsgagn eða vöru.



KLASSÍK Kertastjakinn Gloria er hannaður af Norway Says. Lögun hans er klassísk og falleg.



HLAÐNAR HILLUR Hillusamsetningin Stacked er hönnun Julien de Smedt. Hillunum er hægt að raða upp að vild.

3,5 L/100 KM FJÖLSKYLDUBÍLL MEÐ SPARNEYTINNI DÍSILVÉL

M.V. BLANDAÐAN AKSTUR



RENAULT MEGANE SPORT TOURER  DÍSIL

VERÐ: **3.590.000 KR.** BEINSKIPTUR
VERÐ: 3.890.000 KR. SJÁLFSKIPTUR

KOMDU Í KAFFI OG REYNSLUAKSTUR

Vertu velkomin(n) í kaffi og reynsluakstur. Eftir að hafa reynsluakið Renault veistu hve lipur og vandaður bíllinn er. Komdu í heimsókn til okkar að Sævarhöfða 2 og prófaðu bíllinn sem hentar þér – Sjáumst!

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

EYÐSLA FRÁ 3,5 L/100* KM DÍSIL VERÐ FRÁ 3.590.000

 FRÍTT Í STÆÐI Á MIÐBORGARSVÆÐINU



RENAULT



BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Bílahúsið
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
421 8808

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

Komnar í kilju



HARALDUR JÓNASSON / FRÉTTATÍMINN

„... dægilega skemmtileg bók – rosalega skemmtileg lesning.“

EGILL HELGASON / KILJAN



„Að mínu mati er þetta ein merkilegasta bókin sem kom út á síðasta ári ...“

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN

„Saga sem virkilega snertir lesandann.“

FRÍÐRIKA BENÓNÝSDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ



„... vandlega unnin saga, öguð og vel skrifuð með sterkum lokaköflum.“

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ

„... bók sem hægt er að dást að ...“

ÁSDÍS SIGMUNDSDÓTTIR / VÍÐSJÁ



„... bók sem ákaflega gaman er að lesa.“

ANNA LILJA ÞÓRISDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ



„Frábær skáldsaga um íslenska fjölskyldu, sannleika og lygi.“

JÓN YNGVI JÓHANSSON / FRÉTTABLAÐIÐ



FORLAGIÐ

www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu

Fólk flykkist í Keili

Með tilkomu Keilis á Ásbrú í Reykjanesbæ urðu til nýir möguleikar í menntun á Íslandi og mikill fjöldi ánægðra nemenda hefur útskrifast þaðan á undanförunum árum. Keilir er alhliða mennta-fyrirtæki sem er í eigu háskóla, fyrirtækja og almennasamtaka. Frá

upphafi hefur skólinn einsett sér að byggja upp námsmannasamfélag þar sem boðið er upp á vandað nám með áherslu á nýstárlega kennslu-hætti og fyrsta flokks aðstöðu. Með Háskólabrú Keilis hafa margir uppgötvað nýtt tækifæri til framhaldsnáms og látið gamla

drauma rætast. Tæknifræðin, Íþróttakademían og Flugakademían hafa einnig verið kærkomin viðbót við námsmöguleika hér-lendis og aðsóknin að Keili eykst jafnt og þétt.

HÁSKÓLADAGURINN 2013 // ASKJA 9. mars kl. 12–16



NÝTT TÆKIFÆRI TIL NÁMS

Háskóladagurinn, Askja og Háskólatorg kl. 12–16

Keilir kynnr BS-nám í tæknifræði í Öskju og Háskólabrú, Íþróttakademíu og Flugakademíu á Háskólatorgi. Kynntu þér Keili, spennandi nám og ný tækifæri!

HÁSKÓLABRÚ (STAÐNÁM)

- // FÉLAGSVÍSINDA- OG LAGAEILD
- // HUGVÍSINDAEILD
- // VIÐSKIPTA- OG HAGFRÆÐIDEILD
- // VERK- OG RAUNVÍSINDAEILD

TÆKNIFRÆÐINÁM (BS)

- // ORKU- OG UMHVERFISTÆKNIFRÆÐI
- // MEKATRÓNÍK HÁTÆKNIFRÆÐI

ÍÞRÓTTAKADEMÍA

- // ÍAK EINKAÞJÁLFUN
- // ÍAK ÍÞRÓTTAÞJÁLFUN

FLUGAKADEMÍA

- // EINKAFLUG
- // ATVINNUFLUG
- // FLUGUMFERÐARSTJÓRN
- // FLUGÞJÓNUSTA
- // FLUGVIRKJUN

KEILIR
ÁSBRÚ
578 4000
keilir.net



Keilir
Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs

MARK WAHLBERG – TÍMALÍNA

1971 > 1984 > 1987 > 1991 > 1993 > 1997 > 2006 > 2012 > 2013



Gerist einn af stofnmeðlimum strákabandsins New Kids on the Block.

Gerist nær-fatamódel fyrir Calvin Klein.

Fyrsta plata Marky Mark and the Funky Bunch kemur út.

Dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir morðtilraun og líkamsárás.

Tilnefndur til Óskarsins fyrir hlutverk sitt í The Departed.

Slær í gegn sem leikari í kvikmyndinni Boogie Nights.

Leikur sitt fyrsta hlutverk í sjónvarpsmyndinni The Substitute.

2012, Contraband frumsýnd. 2013, 2 Guns frumsýnd, í leikstjórn Baltasars Kormáks.

Fæðist í Boston í Massachusetts í Bandaríkjunum

Pakkar trúnni fyrir að vera á toppnum

Mark Wahlberg leikur í fjórum nýjum myndum á þessu ári. Eftir erfiða æsku í Boston er hann orðinn einn ríkasti og vinsælasti leikararinn í Hollywood.

Mark Wahlberg er orðinn einn ríkasti og vinsælasti leikari Bandaríkjanna. Fjórar nýjar myndir með honum koma út á þessu ári og svo virðist sem allt sem hann snerti verði að gulli. Hvernig ætli þessi fyrrum rappari og nærabuxnafyrirsæta hafi náð svona langt?

Ef þú hefur heyrt nafnið Mark Wahlberg fyrir tuttuðu árum hefðirðu vafalítið tengt það við Calvin Klein-nærboxurnar og rapparann Marky Mark. En eftir að hann lék í myndinni Boogie Nights árið 1997 er hann orðinn einn eftirsóttasti leikari Bandaríkjanna. Þar hjálpa til myndir á borð við The Departed, Planet of the Apes, The Fighter, Contraband sem Baltasar Kormákur leikstýrði og gamanmyndin Ted, sem sló rækilega í gegn í fyrra.

Wahlberg var í fyrra í níunda sæti á lista tímaritsins Forbes yfir hæst launuðu leikara Bandaríkjanna, rétt á eftir Johnny Depp og Will Smith.

Fjórar myndir koma út með honum á þessu ári, fyrst spennutryllirinn Broken City þar sem hann leikur á móti Russell Crowe. Á eftir henni kemur vaxtarræktarmyndin Pain & Gain, því næst 2 Guns í leikstjórn Baltasars Kormáks, og loks hasarmyndin Lone Survivor. Á næsta ári er svo væntanleg með honum Transformers 4.

„Ég veit að það sem ég hef upplifað er ekki eitthvað sem fólk upplifir venjulega,“ sagði hinn 41 árs leikari á vefsíðu BBC. „Þess vegna er ég mjög þakklátur og reyni að vera eins auðmjúkur og ég get. Ég geri ráð fyrir því að þessi velgengi vari ekki að eilífu.“

Wahlberg var yngstur nú systkina sem ólust upp í Boston. Á unglingsaldri lenti hann í kast í við lögin. Eftir að hann varð háður kókaíni þegar hann var aðeins þrettán ára hóf hann glæpaferil. Þremur árum síðar var hann ákærður fyrir morðtilraun eftir að hann rést á mann og blindaði hann á öðru auga. Wahlberg játaði sekt sína og var dæmdur í tveggja ára fangelsi en var sleppt lausum eftir 45 daga. Í fangelsinu fékk hann tíma til að hugsa og ákvað að snúa við blaðinu. Hann hóf feril sem tónlistarmaður og bróðir hans Donnie úr strákabandinu New Kids On The Block, tók upp fyrstu plötu hans. Fyrsta smáskífulagið Good Vibrations komst á vinsældarlista víða um heim árið 1991.

Wahlberg þakkar prestinum sínum og trúnni fyrir að hafa náð að breyta lífi sínu til hins betra. Hann er kaþólskur og er duglegur að mæta í messu hvar sem hann er í heiminum. Hann er lítið fyrir glamúrlífið í Hollywood og segir þá daga liðna, enda er hann kvæntur fjögurra barna faðir. „Ég er mjög þakklátur fyrir að hafa hitt ótrúlega konu og eignast með henni fjögur falleg börn. Það á ekkert eftir að eyðileggja það sem ég á núna,“ sagði hann.

freyr@frettabladid.is

4

Mark Wahlberg leikur í fjórum nýjum kvikmyndum á þessu ári, þar á meðal Broken City og 2 Guns.



Framleiðir sjónvarpsþætti og bíómyndir

Auk þess að vera leikari er Wahlberg kvikmynda- og sjónvarpsþáttframleiðandi. Hann er maðurinn á bak við þáttaröðina Entourage sem er að hluta til byggð á ævi hans. Hann er einnig einn af framleiðendum þáttanna Boardwalk Empire og var einn af framleiðendum Contraband og Broken City. Wahlberg hefur jafnframt lýst yfir áhuga á að leikstýra og stefnir á að hætta í leiklistinni í kringum fimmtugt.

Fyndnustu grínrykjar Íslandssögunnar

Kaffibrúsakarlararnir

STANSLAUS STEYPA OG STURLAÐUR HLÁTUR

GÍSLRÚNAR JÓNSSON

JÚLÍUS BRJÁNSSON



TRYGGÐU
ÞÉR MIÐA Á
MIÐI.IS

MIÐASALA HAFIN

KOMANDI SÝNINGAR

LAUGARDAGUR	9. MARS	KL. 20.00	ÖRFÁ SÆTI LAUS
FÖSTUDAGUR	15. MARS	KL. 20.00	ÖRFÁ SÆTI LAUS
LAUGARDAGUR	16. MARS	KL. 20.00	ÖRFÁ SÆTI LAUS
FÖSTUDAGUR	22. MARS	KL. 20.00	NÝ SÝNING
LAUGARDAGUR	6. APRÍL	KL. 20.00	NÝ SÝNING
LAUGARDAGUR	13. APRÍL	KL. 20.00	NÝ SÝNING

MIÐASALA Í AUSTURBÆ
Í SÍMA 571 5900 OG Á MIÐI.IS

facebook.com/Kaffibrusakarlararnir



RubyTuesday
BRAGGÓÐ SKEMMTUN

Coca-Cola

midi.is

AUSTURBÆR



MENNTASKÓLINN V/HAMRAHLÍÐ
Opið hús miðvikudaginn 13. mars 2013

Menntaskólinn v/Hamrahlíð verður með opið hús miðvikudaginn 13. mars frá kl. 17:00-19:00. Námsframboð skólans, inntökuskilyrði og félagslíf verður kynnt. Kór Menntaskólans v/Hamrahlíð syngur nokkur lög kl. 18:00. 10.-bekkingar og forráðamenn þeirra eru sérstaklega velkomnir.

MENNTASKÓLINN VIÐ HAMRAHLÍÐ

POSTFANG
105 REYKJAVÍK
SÍMI: 595 5200 · FAX: 595 5250



LEIKUR HUND Leikkonan Ólöf Hugrún Valdimarsdóttir leikur Golden Retriever-tík í leikverkinu Hundalógík sem frumsýnt er annað kvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Finntil samkenndar með tíkinni minni

Leikkonan Ólöf Hugrún Valdimarsdóttir leikur tík og hund í leikverkinu Hundalógík. Verkið verður frumsýnt í Þjóðleikhúskjallaranum annað kvöld.

„Maður getur auðvitað ekki vitað hvernig það er að vera hundur, en ég finn að minnsta kosti til samkenndar með tíkinni minni,“ segir leikkonan Ólöf Hugrún Valdimarsdóttir. Hún fer með hlutverk í leikverkinu Hundalógík, sem frumsýnt verður í Þjóðleikhúskjallaranum annað kvöld. Leikstjóri er Bjartmar Þórðarson og aðrir leikarar eru Jón Stefán Sigurðsson, Ingi Hrafn Hilmarsson og Jón Svavar Jósefsson. Hundalógík er eintalafn þar sem hugarheimur hunda er kannaður. Ólöf Hugrún leikur Golden Retriever-tík og Beagle-hund sem vinnur hjá tollinum. Áhorfendur fá einnig að kynnast Jack Russell Terrier sem er sísvangur og blendingshundi sem hefur gaman af því að gramsa í ruslatunnum.

Æfingar á verkinu hófust fyrir júl og að sögn Ólafar Hugarar munu leikararnir ekki gerast mjög bókstaflegir í túlkun sinni á hundunum. „Við tölum mannamál og erum í fötum á sýningunni. Til að undirbúa okkur fyrir hlutverkið skoðuðum við bæði karakterana sem við leikum og hundategundirnar sjálfar. En svo tala sögurnar sínu máli,“ útskýrir hún. Ólöf Hugrún segir leikarana fjóra vera mikla hundavini, þó að sjálf eigi hún aðeins ketti. „Ég hef átt hund, Jón Stefán hefur átt hund og Jón Svavar ólst upp

í sveit og er jafnframt sá eini sem hefur verið bitinn af hundi. Mamma mín á hund og það er alltaf gott að heilsa upp á hann þegar maður er niðurdreginn; hundar eru fallegar sálir sem vilja allt fyrir mann gera.“

Hún lýsir verkinu sem „tragikómedíu“ sem vekir fólk til umhugsunar bæði á jákvæðan og neikvæðan hátt. „Það er myndið að fólk sé að segja hundasögur en á sama tíma þá ráða menn algjörlega yfir þessum dýrum. Gleðin og sorgin halda alltaf í hendur.“

Hundalógík er frumsýnt í Þjóðleikhúskjallaranum þann 10. mars. Einnig eru fyrirhugaðar sýningar 17. og 19. mars.

sara@frettabladid.is

Páskadvöl

Heilsustofnun býður sérstakt tilboð á dvöl um páskana. Hvíld og slökun í fallegu umhverfi.

Verð:	Einn í herb.	Tveir í herb.
Einn dagur	13.800 kr.	19.800 kr.
Þrjú dagar	32.700 kr.	53.400 kr.
Fimm dagar	49.500 kr.	79.000 kr.

Bókanir og nánari upplýsingar á hnlfi.is eða í síma 483-0300



- berum ábyrgð á eigin heilsu

OSRAM
SJÁÐU HEIMINN Í NÝJU LJÓSI



OSRAM DAGAR
Í BYKO BREIDD UM HELGINA

Starfsmenn Jóhanns Ólafssonar & Co.,
umboðsaðila OSRAM á Íslandi,
verða í BYKO Breidd:

- Laugardag frá kl. 12-16

KYNNINGARVERÐ ALLA HELGINA



Vnr: 54140049
KYNNINGARVERÐ:
449 kr



Vnr: 54140100
KYNNINGARVERÐ:
449 kr



Vnr: 54140188
KYNNINGARVERÐ:
449 kr



Vnr: 54140045
KYNNINGARVERÐ:
449 kr



Vnr: 54140052
KYNNINGARVERÐ:
299 kr



Vnr: 54140021
KYNNINGARVERÐ:
695 kr



Vnr: 54140163
KYNNINGARVERÐ:
449 kr



Vnr: 54140090
KYNNINGARVERÐ:
849 kr



Vnr: 54140091
KYNNINGARVERÐ:
849 kr



Vnr: 54194533
KYNNINGARVERÐ:
1.990 kr

BYKO

BÚÐU BETUR. BORGADU MINNA.





NÝTT

EGF DAGKREM

Nú fyrir þurra og mjög þurra húð



Silkimjúkt og nærandi dagkrem frá Sif Cosmetics sem gefur þurri húð raka sem endist allan daginn.

- Viðheldur réttu rakajafnvægi húðarinnar
- Gefur húðinni mjúka og fallega áferð
- Án paraben efna

Inniheldur EGF frumuvaka sem styður náttúrulegt endurnýjunarferli húðarinnar.

www.egf.is

Grant hlaðinn lofi í Bretlandi

Plata Johns Grant, Pale Green Ghosts, hefur fengið frábæra dóma í Bretlandi.

Breskir tónlistargagnrýndur eru yfir sig hrifnir af nýjustu plötu Johns Grant, Pale Green Ghosts, sem kemur út á mánudaginn.

Bandaríski tónlistarmaðurinn, sem er búsettur hér á landi, tók plötuna upp í Reykjavík í samstarfi við Bigga Veiru í GusGus eins og Fréttablaðið hefur greint frá. Blaðamaður The Guardian gefur plötunni fullt hús, eða fimm stjörnur. „Það segir sitt um snilld Grants sem lagahöfundar að það er erfitt að ímynda sér að það kom út ánægjulegr og meira gefandi klukkustund af tónlist á þessu ári en Pale Green Ghosts,“ skrifar hann og bætir við að textarnir séu stórkostlegir, uppfullir af góðum myndlíkingum, og að Grant noti skopskynið á hárréttum stöðum.

Gagnrýnandi BBC hreift einnig upp úr skönnum. „Hið óvænta við þessa plötu er að lög Grants virka vel og jafnvel betur en áður með öllum hljóðgervlunum.“

Vefsíðan Musicomh.com gefur Pale Green Ghosts fimm stjörnur og segir hana mikið afrek og byggja á því sem Grant hafi gert áður um leið og hún víkki sjóndeildarhringinn. „Þetta er án efa ein besta plata ársins.“

Drowned in Sound gefur 7 af 10 í einkunn og segir lagið Why Don't You Love Me Anymore? með Sinead O'Connor í gestahlutverki vera hápunkt plötunnar. Time Out gefur henni 4 af 5 og segir hana gullfallega og sorglega á sama tíma.



FRÁBÆRIR DÓMAR John Grant hefur fengið frábæra dóma í Bretlandi fyrir Pale Green Ghosts.

SAMBIÓIN KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBIÓUNUM

SAMBIÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is

FRÁ ÞEIM SEM FERDU OKKUR ALICE IN WONDERLAND OG LEIKSTJÓRA SPIDERMAN PRILEKSINS

FÓR BEINT Á TOPPINN Í USA!
FRÁ LEIKSTJÓRA HORRIBLE BOSSOS OG FRAMLEIÐINGA TED

Tófrandi sjónarspili! Blöfufurinn / SÉÐ & HEYRT

DISNEY BYÐUR ÞÉR Í HRENT MAGNAD FERDALAG TIL TÖFRALANDSINS OZ

TILNEFND TIL 2 ÓSKARSVERÐLAUNA

3 ÓSKARSVERÐLAUN

WARM BODIES

FLIGHT

BEAUTIFUL CREATURES

THIS IS 40

PETTA REDDAST

ÁLFABAKKA

OZ: THE GREAT AND POWERFUL 3D KL. 5:20 - 8 - 10:40

OZ: THE GREAT AND POWERFUL 2D KL. 2 - 4 - 5:20

OZ: THE GREAT AND POWERFUL VIP 2D KL. 2 - 5:20 - 8 - 10:40

PETTA REDDAST KL. 8 - 10:10

BEAUTIFUL CREATURES KL. 5:30 - 8 - 10:40

FLIGHT KL. 8 - 10:10

WARM BODIES KL. 8 - 10:50

FJÖLSKYLDUDAGAR TILBOÐ 590 KR. MIÐAVERÐ

MONSTERS INC. 3D KL. 3:20

ÖSKUBUSKA Í VILLTA VESTRINU KL. 1

WRECK-IT RALPH KL. 1 - 3:10

SAMMY 2 KL. 1:20

EGILSHÖLL

OZ: THE GREAT AND POWERFUL 3D KL. 3 - 5:20 - 8 - 10:40

OZ: THE GREAT AND POWERFUL KL. 1 - 3:30 - 6:10

IDENTITY THIEF KL. 5:30 - 8 - 10:30

FLIGHT KL. 9 - 10:30

BEAUTIFUL CREATURES KL. 5:20

ARGO KL. 8

FJÖLSKYLDUDAGAR TILBOÐ 590 KR. MIÐAVERÐ

MONSTERS INC. 3D KL. 3:20

ÖSKUBUSKA Í VILLTA VESTRINU KL. 1

WRECK-IT RALPH KL. 1 - 3:10

SAMMY 2 KL. 1:20

AKUREYRI

OZ: THE GREAT AND POWERFUL 3D KL. 5:20 - 8

OZ: THE GREAT AND POWERFUL 2D KL. 2

PETTA REDDAST KL. 6 - 8 - 10

BEAUTIFUL CREATURES KL. 10:40

FJÖLSKYLDUDAGAR TILBOÐ 590 KR. MIÐAVERÐ

ÖSKUBUSKA Í VILLTA VESTRINU KL. 6

SAMMY 2 KL. 2

KEFLAVÍK

OZ: THE GREAT AND POWERFUL 3D KL. 5 - 8

OZ: THE GREAT AND POWERFUL KL. 2

IDENTITY THIEF KL. 10:40

PETTA REDDAST KL. 6 - 8 - 10:10

FJÖLSKYLDUDAGAR TILBOÐ 590 KR. MIÐAVERÐ

ÖSKUBUSKA Í VILLTA VESTRINU KL. 2 - 3:50

WRECK-IT RALPH KL. 1:30 - 3:40

SPARBIÓ

MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT

Sím: 553 2075 - bara lúxus

Ódýrt í bíó

TILBOÐ KL. 2

ISL TAL SYNDI 2D OG 3D

LAUGARÁS BÍÓ TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

TILBOÐ Í SMÁRA BÍÓ & HÁSKÓLABÍÓ

KL. 1 SB - 4 HB

KL. 1 SMÁRABÍÓ

KL. 3 HÁSKÓLABÍÓ

KL. 1 SMÁRABÍÓ

FJÖLSKYLDUDAGAR Í SAMBIÓUNUM

590.kr miðinn

Álfabakki: 1:30 - 2:4 - 6

Kringlunni: 1:30 - 3:20

Egilshöll: 1:20 - 3:20

Keflavík: 4

Akureyri: 2 - 4

Álfabakki: 1:30 - 3:40

Kringlunni: 1:30 - 3:40 (sunnudagur)

Egilshöll: 1:10 - 3:10

Akureyri: 4

590.kr miðinn

miðasala á SAMbio.is

22 Feb - 24 Mars

SPARBIÓ

tryggðu þér miða á SAMbio.is

MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT

SMÁRA BÍÓ **HÁSKÓLABÍÓ**

IDENTITY THIEF KL. 5:30 - 8 - 10:30

21 & OVER KL. 3:20 - 5:50 - 8 - 10:10

FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU KL. 1 (TILB.) - 3:10 - 5:50

THIS IS 40 KL. 6 / DJANGO KL. 9

DIE HARD 5 KL. 8 - 10:20

HÁKARLABEITA 2 KL. 1 (TILBOÐ) - 3

HVÍTI KÓALABJÖRNINN KL. 1 (TILBOÐ)

SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELÐ SÉR 5%

HÁSKÓLABÍÓ *AÐENS SUNNUDAG 5%

BORGARBIÓ NÁNAR Á MIÐLIS

mid.is LAUGARÁS BÍÓ

www.laugarasbio.is - bara lúxus sími 553 2075

IDENTITY THIEF

21 & OVER

FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU

VESALINGARNIR

LAUGARÁSBIÓ Sýningartímar

IDENTITY THIEF 8, 10, 20

OZ GREAT AND POWERFUL 2, 5, 8 3D

21 AND OVER 10, 40

FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU 3D 2, 4

FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU 2D 2

VESALINGARNIR 6, 9

THE HOBBIT 3D 4

MEÐ STUÐINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMÍÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ PARADÍS

Tímar gilda fyrir bæði lau og sun nema annað sé tekið fram

THE HUNT (JAGTEN) (12)	LAU: 17:50, 20:00, 22:20 SUN: 17:50, 20:00, 22:10
BEYOND THE HILLS (16)	LAU: 21:30
KON-TIKI (12)	17:50, 22:10
STRIGI OG FLAUEL (L)	LAU: 17:45, 20:15 SUN: 20:00, 22:30
HVELLUR (L)	LAU: 19:00 SUN: 21:15
HITCHCOCK: VERTIGO (8)	LAU: 20:00
HITCHCOCK: PSYCHO (14)	SUN: 20:00 (SVARTIR SUNNUDAGAR)
7HEAVEN LOVE WAYS (L)	SUN: 18:00 (HÖNNUNARMARS)

Psy gefur út nýtt lag í apríl

Rapparin Psy sem sló í gegn með Gangnam Style gefur út nýtt lag í apríl.

Suður-kóreski rapparin Psy ætlar að gefa út nýtt lag í apríl sem beðið er eftir með mikilli eftirvæntingu. Það mun fylgja eftir hinu gífurlega vinsæla Gangnam Style sem sló í gegn úti um allan heim í fyrra.

Psy ætlar að halda stóra tónleika í Seúl af þessu tilefni. Í tilkynningu sem hann setti á Youtube sagðist hann ætla að gefa lagið út á kóresku og ensku.

Hinn 35 ára Psy, sem heitir réttu nafni Park Jae-Sang, er þessa dagana á tónleikaferð um Ástralíu eftir að hafa áður verið á ferðalagi um Suður-Ameríku. Fyrr í vikunni gaf hann út fjögurra laga plötu með endurhljóðblönduðum útgáfum af Gangnam Style þar sem bandarísku rappararnir 2 Chainz og Tyga voru gestasöngvarar.



NÝTT LAG Psy gefur út nýtt lag í næsta mánuði sem margir bíða spenntir eftir.

NORDICPHOTOS/GETTY

Gangnam Style er vinsælasta myndband allra tíma á Youtube og núna hafa 1,2 milljarðar manna horft á það. Lagið var í febrúar síðastliðnum kosið lag ársins á Golden Disk-hátíðinni, sem er kóreska útgáfan af Grammy-verðlaunum.

Minnti oft á sígaunabúðir

Noomi Rapace segir að tókustaður nýjustu myndar þeirra Colins Farrell, Dead Man Down, hafi minnt á sígaunabúðir.

„Tökustaðurinn var við höfnina, frekar langt í burtu frá öllu. Þetta var í 40 mínútna keyrslu frá borginni [Filadelfíu]. „Við bjuggum til okkar eigin heim þarna,“ sagði sænska leikkonan við Collider. „Hjólhýsin okkar voru þarna úti og stundum var kveikt í bálkesti. Þetta voru næstum eins og sígaunabúðir þar sem börnin okkar hlupu um og hundur var einnig að hlupa þarna. Við vorum alltaf að spila tónlist.“



NOOMI RAPACE Nýjasta myndin hennar heitir Dead Man Down.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR

Nýtt frá Ecco

á frábæru verði - 30% afsláttur



Stærðir 40 - 47

Verð 16.995

Verð nú 11.896



Stærðir 36 - 42

Verð 16.995

Verð nú 11.896



Stærðir 40 - 48

Verð 27.995

Verð nú 19.596



Stærðir 40 - 47

Verð 16.995

Verð nú 11.896



Stærðir 36 - 42

Verð 14.995

Verð nú 10.496



Stærðir 26 - 35

Verð 9.995

Verð nú 6.995



Stærðir 28 - 35

Verð 11.995

Verð nú 8.396



Stærðir 27 - 35

Verð 9.995

Verð nú 6.995

Toppskórinn Outlet

opið virka daga milli kl. 11 og 18
laugardaga milli kl. 12 og 16
sunnudaga milli kl. 13 og 17

Toppskórinn Markaður

opið virka daga milli kl. 11 og 18
laugardaga milli kl. 11 og 18
sunnudaga milli kl. 12 og 18

Toppskórinn

Outlet

Vinlandsleið 6 • Sími 533 3109

Toppskórinn

Markaður

Smáratorgi, Kópavogi • Á milli The Pier og Toys'R'us

Iðnþing Samtaka iðnaðarins verður haldið á Hilton Reykjavík Nordica fimmtudaginn 14. mars kl. 13-16. Á Iðnþingi verður fjallað um þau efnahagslegu tækifæri og ógnanir sem Ísland stendur frammi fyrir á næstu árum.

FUNDURINN ER ÖLLUM OPINN

Skráning á www.si.is

Dagskrá:



Svana Helen Björnsdóttir, formaður Samtaka iðnaðarins



Dr. Laurence C. Smith, prófessor í jarð- og geimvísindum við UCLA



Brad Burnham, Managing Partner hjá Union Square Ventures



Matthias Krämer, framkvæmdastjóri hjá BDI, Samtökum iðnaðarins í Þýskalandi

Erlendir fyrirlestrar verða túlkaðir á íslensku

Pallborðsumræður



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins



Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar



Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins



Orri Hauksson, framkvæmdastjóri SI, stýrir umræðum



Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar



Fundarstjóri er **Guðbjörg Edda Eggertsdóttir**, forstjóri Actavis



Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs

Mörkum stefnuna...

Iðnþing 2013

SI

Samtök iðnaðarins - www.si.is

Ég er karlmaður

ég get veikst ég get grátid

Örráðstefna

fimmtudaginn 14. mars kl. 16:30-18:00

16:30-16:35	Sigrún Lillie Magnúsdóttir forstöðumaður Ráðgjafarþjónustunnar setur ráðstefnuna.
16:35-16:55	Hver er heimilislæknirinn þinn? Þórarinn Ingólfsson heilsugæslulæknir.
16:55-17:15	Karlaheilsa - vandinn að eiga blóðruhálskirtil. Guðjón Haraldsson skurðlæknir.
17:15-17:35	Þær stjórna lífi okkar - sjálfshjálparönmámskeið. Michael Clausen sérfræðilæknir.
17:35-17:55	Hvað skilur að drengi og menn? Jóhann Ingi Gunnarsson sálfræðingur.
17:55-18:00	Ráðstefnu slitið - boðið upp á ávexti og safu.

Allir velkomnir - ókeypis aðgangur

Fundarstjóri: Bergur Ebbi Benediktsson, uppistandari

Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins, Framför, Góðir hálsar og Krabbameinsfélag Reykjavíkur.



Krabbameinsfélagið Skógarhló 8, 105 Reykjavík, sími 540 1900, www.krabb.is

Stærsta tap Íslands í tæp þrettán ár

FÓTBOLTI Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu mátti þola 6-1 tap gegn Svíum á Algarve-mótinu í Portugal í gær. Hólmfríður Magnúsdóttir skoraði mark Íslands með skalla undir lok leiksins en Svíar skoruðu mörk sín á fyrstu 65 mínútum leiksins.

Ísland tapaði fyrir Bandaríkjunum, 3-0, í fyrsta leik sínum á mótinu á miðvikudagskvöldið og er því enn án stiga í B-riðli. Ísland mætir Kína á mánudaginn og þarf sigur til að komast upp í þriðja sæti riðilsins og spila um fimmta sætið í mótinu.

Kosovare Asllani skoraði tvö mörk fyrir Svía og Sara Thunebro, Lotta

Schelin, Marie Hammarström og Susanne Moberg eitt hver.

Þetta er versta tap Íslands í stjórntíð Sigurðar Ragnar Eyjólfssonar landsliðsþjálfara og það versta síðan Ísland tapaði fyrir Þýskalandi, 6-0, árið 2000 í leik í undankeppni HM.

„Það má finna ýmsar ástæður fyrir þessu tapi og frammistöðu okkar en heilt yfir var munurinn á þessum tveimur

liðum einfaldlega allt of mikill,“ sagði Sigurður Ragnar við Fréttablaðið í gær. „Stærsti munurinn er sá að líkamlegt form okkar leikmanna er ekki jafn gott og hjá Svíunum. Of margir leikmenn hjá okkur eru eftir á.“

Þess má geta að Ísland spilaði til úrslita á þessu móti fyrir tveimur árum en hafnaði í sjötta sæti á mótinu í fyrra. Ísland keppir í úrslitakeppni EM í Svíþjóð nú í sumar. - esá



Valur og Fram í úrslit

Ágúst Þór Jóhannsson, landsliðsþjálfari kvenna, spáir því að Valur og Fram fari alla leið í úrslit Símbabikars kvenna, en undanúrslitin fara fram í dag. Ágúst býst við því að undanúrslitaleikirnir verði ekki eins ójafnir og margir búast við.

HANDBOLTI Bikarúrslitahelgi HSÍ heldur áfram í dag og nú er komið að konunum, en undanúrslit karla fóru fram í gær. Bestu lið landsins í kvennaflokki, Valur og Fram, mætast ekki í undanúrslitum og er því eðlilega spáð að þau komist í úrslit.

Fréttablaðið fékk Ágúst Þór Jóhannsson, landsliðsþjálfara kvenna, til þess að spá í spilin fyrir leiki dagsins.

„Það væri mjög óeðlilegt að spá öðru ef menn skoða tölfluna. Þetta eru tvö bestu lið landsins og hafa haft yfirburði á önnur lið undanfarnin ár,“ segir Ágúst en hann reiknar engu að síður með nokkuð spennandi leikjum.

„Ef við skoðum Val á móti ÍBV þá er ÍBV alls ekki með slakt byrjunarlið. Það er mjög gott. Ester Óskarsdóttir er komin aftur inn og Guðbjörg Guðmannsdóttir er þarna líka. Svo er Florentina í markinu og Simone á miðjunni þannig að þetta er sterkt lið,“ segir Ágúst en hvað með Valsstúlkur?

Mikil sigurhefð hjá Valsliðinu

„Það er mikil reynsla og mikil sigurhefð aftur á móti í Valsliðinu. Þær hafa spilað frábærlega síðustu fjögur ár og vart stigið feilspor. Þetta lið hefur sýnt mikinn stöðugleika. Liðið hefur misst út leikmenn í vetur en samt haldið gæðunum í leik sínum. Ég tek hattinn ofan fyrir þeim að halda velli miðað við þau áföll sem hafa dunið á liðinu. Það er mikill karakter í þessu Valsliði og ég held að þetta geti orðið hörkuleikur en grunar að sigurhefðin og reynslan í Valsliðinu fleyti liðinu í úrslit.“

Grótta er aðeins í sjöunda sæti N1-deildar kvenna en Ágúst gerir ekki ráð fyrir að Fram valti yfir liðið.

„Fram er eðlilega sterkara lið en Grótta hefur verið á uppleið og leikið betur eftir áramót. Íris Símardóttir hefur komið inn í leiki og varið vel. Hún spilar væntanlega þennan leik og hún gæti strítt Fram-liðinu. Hún lék með þeim og þekkir þær vel. Það gæti því verið smá von fyrir Gróttuna. Þegar allt er tekið saman hef ég trú á að



BARÁTTA Einhver þessara fyrirliða mun lyfta bikarinn á morgun. Frá vinstri; Arn-dís María Erlingsdóttir, Gróttu, Birna Berg Haraldsdóttir, Fram, Hrafnhildur Skúladóttir, Val, og Ester Óskarsdóttir, ÍBV.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Valur og Fram eru tvö bestu lið landsins og hafa haft yfirburði á önnur lið undanfarnin ár.

Ágúst Þór Jóhannsson

Fram klári dæmið. Ég held samt að það verði ekki auðvelt og að þetta verði hörkuleikur.“

Úrslit jafnvel framlengd

Úrslitaleikurinn verður þá á milli Vals og Fram og þar getur allt gerst að mati landsliðsþjálfarans.

